



INNSÆIÐ
að leiðarljósi
kvikmyndir **24**



Harðræði hefur
hert þorskinn
náttúra **26**



Ekki aðalatriði
að vera fræg
krakkasíðan **52**



spottið **16**

FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarútgáfa

6. nóvember 2010
261. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Bjargvættur á jökli
Þórður Guðnason vann
afrek er hann náði dreng
úr 30 metra sprungu.
fólk **34**

Ísland er spennandi
Margt er hægt að læra af
Íslendingum, segir Michael
Porter hagfræðiprófessor.
efnahagslíf **40**

Hver er flottastur?
Hilmir Snær
hefur undur-
samlegasta
augnaráð allra
Íslendinga.
útlit **38**



3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Ferðalög | Allt | Allt atvinna



DÚKLÖGÐU Á METHRAÐA Frjálsþróttakrakkar settu nýtt met í gær þegar þeir settu dúkinn á gólfið í Laugardalshöll. Krakkarnir voru einungis eina klukkustund og 45 mínútur að ljúka verkinu. Undirbúningur fyrir þjóðfundinn stóð yfir í gær en þúsund manns eru boðaðir á hann. Fundurinn hefst klukkan níu í dag. [Sjá síðu 8](#)

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Nýtt met í skáldsagnaútgáfu

Ef marka má skráningu í Bókatíðindi Félags íslenskra bókaútgefenda hafa aldrei fleiri íslensk skáldverk verið gefin út en í ár. Áætlað er að Íslendingar kaupi að meðaltali átta bækur á ári. Ævisögum fækkar.

MENNING „Það hafa aldrei verið gefin út jafn mörg íslensk skáldverk, hvorki fyrr né síðar,“ segir Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, um skráningar í Bókatíðindi 2010.

Kristján segir að alls hafi 85 íslensk skáldverk verið skráð í Bókatíðindi. Það sé tólf titlum fleira en fyrra metárið 2007. Hann kveðst engar skýringar hafa á þessari þróun.

„Þetta kemur okkur í opna skjöldu, ég verð að segja eins og er. Ég hélt að það væri kreppa þarna eins og annars staðar og að skráningum væri að fækka. En svo kemur í ljós að það er ekki. Það er gaman að sjá að menn hafa trú á þessum markaði og að hann hafi ekki gefið eftir eins og óttast var. Menn hafa ekki pakkað í vörn og veðja alveg jafn mikið á þessi jól og önnur,“ segir Kristján.

Þótt íslenskum skáldverkum

fjölgi eru titlar sem rata í Bókatíðindi í heild lítið eitt færri en metárið 2007. Nú eru titlarnir 747, um fimmtíu færri en árið 2007. Hér á meðal eru 129 þýddar bækur fyrir börn og 205 bækur í flokkunum Fræði og almenn rit.

Það eru hins vegar ævisögurnar sem gefa mest eftir. Þær eru 31 talsins og hafa ekki verið færri síðan 1999. Kristján segir komið að vissum vegamótum í ævisagna-gerð. Áherslan sé á þekkt fólk og

hefðbundnum viðtalsbókum við alþýðufólk fækki ört. „Kannski er einfaldlega að fækka þessu sérkennilega fólki sem hefur óvenjulega sögu að segja,“ giskar hann á.

Samkvæmt áætlun Félags íslenskra bókaútgefenda koma alls um 1.500 titlar af allra handa bókum út á hverju ári. Hér eru keyptar samtals 2,5 milljónir eintaka á ári. Það gera um átta bækur á hvern Íslending.

-gar

**GERÐU VERÐSAMANBURÐ
LÆGRA LYFJAVERÐ Í 14 ÁR**

Apótekið
-einfalt og ódýrt

Spönginni • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri



Þórunn, er mikil sala í Norður-ljósunum?

„Það er ofboðslega góð þátttaka enda er dagskráin frábær og auk þess að mestu leyti ókeypis.“

Menningarhátiðin Norðurljósín fer fram í Stykkishólmi um helgina. Þórunn Sigþórsdóttir er starfsmaður undirbúningsnefndar hátíðarinnar.

Frumvarpsdrög um landslén:

Á að vernda ímynd Íslands

ALPINGI Drög að frumvarpi til laga um landslén .is og önnur höfuðlén sem sérstaka skírskotun hafa til Íslands er nú til umsagnar hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Lagt er til að íslenska ríkið hafi ákvörðunarrétt yfir landsléninu .is og öðrum höfuðlénnum sem sérstaka skírskotun hafa til Íslands. Jafnframt er kveðið á um að stjórnvöld fari með yfirstjórn höfuðlénna með sérstaka skírskotun til Íslands og að starfsemi skráningarstofu sem annast muni skráningar léna undir .is verði háð starfsleyfi og eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar.

Á vef ráðuneytisins segir að með þessu eigi meðal annars að tryggja að .is sé gæðamerki og þar með vernda ímynd Íslands.

GEORGÍA

Rússar handteknir

Þrettán manns hafa verið handteknir í Georgíu, sakaðir um njósnir fyrir rússneska herinn. Meðal þeirra eru fjórir rússneskir ríkisborgarar og sex herflugmenn.

SPÁNN

Stafsetningu breytt

Spænskumælandi fólk þarf að venja sig við nýjar stafsetningarreglur, sem Konunglega spænska málakademían hefur kynna spænskumælandi þjóðum í Mexíkó í lok mánaðarins. Nýju reglurnar eru afrakstur víðtækrar samvinnu málfraeðinga í 21 landi.

ÁSTRALÍA

Tvær hreyfilbilanir í röð

Tvær farþegaþotur ástralska flugfélagsins Qantas hafa orðið fyrir hreyfilbilunum í vikunni, báðar í Singapúr, sú fyrri á fimmtudag var af stærri gerðinni í en sú síðari í gær taldist minniháttar. Hreyflarnir eru frá Rolls Royce.

Tveir fyrrverandi ólígarkar í Rússlandi gætu átt yfir höfði sér fjórtán ára fangelsi:

Pólitík enn talin ráða miklu

RÚSSLAND Hópur heimsþekktra mennta- og listamanna í Rússlandi hefur þrýst á að dómsyfirvöld sýkni auðmennina fyrrverandi Mikhaíl Khodorkovskí og viðskiptafélag hans, Platón Lebedev.

Þeir voru helstu stjórnendur og aðaleigendur rússneska olíufurians Yukos. Khodorkovskí var fyrir sex árum talinn ríkasti maður Rússlands og einn af tuttugu auðugustu mönnum heims. Þeir voru handteknir árið 2003, sakaðir um skattsvik og skjalfals og dæmdir í níu ára fangelsi tveimur árum síðar. Ný mál voru höfðuð gegn þeim í fyrri

og fjórtán ára fangelsis krafist ofan á fyrri dóm. Yukos-veldið hefur verið brotið upp og auður beggja talinn að mestu uppurinn.

Netútgáfa Radio Free Europe hefur upp úr rússneskum fjölmiðlum að ákærur á hendur þeim Khodorkovskí og Lebedev séu spröttar undan rifjun stjórnvalda. Þeir hafi stutt pólitíska andstæðinga Vladímírs Pútín, forsætisráðherra Rússlands, og vilji hann halda þeim frá sér. Khodorkovskí situr nú ára dóminn af sér í fangelsi í Síberíu.

Mál tvímenninganna var tekið fyrir í Moskvu í nýliðnum mánuði



TVEIR Í DÓMSALNUM Mikhaíl Khodorkovskí og Platón Lebedev, fyrrverandi aðaleigendur Yukos.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP og er gert ráð fyrir að dómsniðurstaða liggi fyrir um miðjan næsta mánuð.

Hvergerðingar ánægðir:

Fagna synjun á rannsóknarleyfi

UMHVERFISMÁL Bæjarstjórn Ölfuss hafnar umsókn Sunnlenskrar orku ehf. um leyfi til rannsókna á jarðhita og grunn- og yfirborðsvatni í Grænsdal í Ölfusi umfram það sem staðfest er í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Bæjarráð Hveragerðis segist fagna þessari „eindregnu afstöðu Ölfusinga og áformum þeirra um hverfisvernd í Grænsdal, Reykjadal og á svæðinu þar í kring“. Bæjarráðið segir að virkjanir á þessu svæði muni hafa óafturkræf áhrif á umhverfi og lífsgæði þeirra sem næst búi. - gar



GEITASTOFNINUM VIÐHALDIÐ Hér leggur geithafurinn Skuggi sitt af mörkum til viðhalds geitastofninum. Á myndinni eru Birna Baldursdóttir erfðafræðingur og Þorvaldur Jónsson hjá Búnaðarsamsamtökum Vesturlands.

Kosning dæmd ógild:

Sigurvegurinn fór með lygar

BRETLAND, AP Breski þingmaðurinn Phil Woolas missir þingsæti sitt og má ekki sitja á þingi næstu þrjú árin, samkvæmt úrskurði dómstóls sem hefur dæmt kosningarnar í kjördæmi hans ólöglegar.



PHIL WOOLAS

Woolas, sem er þingmaður Verkamannaflokksins og var innanríkisráðherra í stjórn Gordons Brown, þykir uppvis að því að hafa beitt blekkingum í kosningunum í maí síðastliðnum og þannig náð sigri.

Woolas sagði kjósendum að Elwyn Watkins, frambjóðandi Frjálslynda flokksins í einmenningskjördæminu, hefði tekið við fé frá herskáum múslimum. - gb

Vænir geithafrar saman í sæðistöku

Myndarlegum geithöfrum víðs vegar af landinu hefur verið safnað saman á Hvanneyri þar sem tekið er sæði úr þeim. Geitastofninn er í útrýmingarhættu.

LANDBÚNAÐUR Átta myndarlegir geithafrar eru nú á Hvanneyri, þar sem verið er að taka úr þeim sæði og frysta.

„Tilgangurinn með því að safna sæði og frysta er að reyna að sporna við þeirri miklu skyldleikaræktun sem orðið hefur innan varnarhólfa og gefa geitfjáreigendum tækifæri á að fá erfðaefni úr öðrum landslutum,“ segir Birna Kr. Baldursdóttir erfðafræðingur.

Birna lauk nýlega meistaraþrófi í erfðafræði frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Niðurstöður rannsóknar á íslenska

geitastofninum sem gerð var við skólann í tengslum við meistaraþrófið og byggð var á ættargögnum og DNA-greiningum sýndi svo ekki verður um villst að stofninn er mjög skyldleikaræktur og erfðafjölbreytileiki með því allra lægsta sem finnst. Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar er staða hans afar viðkvæm og íslenski geitastofninn í útrýmingarhættu.

Pau Birna og leiðbeinandi hennar, Jón Hallsteinn Hallsson, lektor í erfðafræði við landbúnaðarháskólann, fengu styrk frá Erfðanefnd landbúnaðarins til

að hefja söfnun hafræsæðis. Auk þess hefur Þorsteinn Ólafsson, dýralæknir hjá Matvælastofnun, komið að verkefninu.

Sæðingar hafa ekki verið stundaðar í geitfé nema í mjög litlum mæli og er þetta í fyrsta skipti sem sæði er fryst. Geitfjárstofninn taldist lengi vel ekki til hefðbundinna framleiðslukynja, heldur voru geiturnar einkum haldnar sem gæludýr. Undanfarin ár hefur þetta breyst. Geitakjöt selst vel og framleiddir eru ostar úr geitamjólk, auk þess sem ull og skinn eru nýtt.

jss@frettabladid.is

Velliðan án lyfja

með verkfærum sálfræðinnar

Fjögurra vikna árangursmælt námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar til að takast á við vanlíðan, álag og spennu. Kennar leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til að skoða og breyta hugsunum og viðbrögðum sem viðhalda kvíða og þurð. Öflugar slökunar- og hugleiðsluáferðir jafnframt kenndar. Námskeiðið nýst vel samhlíða annarri meðferð.

Kennsludagar:

Mánudagar og fimmtudagar frá 20:00 til 21:45 auk eftirfylgdartíma, alls 16 klst.



Kennarar: Oddi Erlingsson og Sigurbjörg Jóna Ludvígsdóttir, sálfræðingar
Verð kr. 49.000.
Niðurgreiðsla möguleg hjá sjúkrahúsum stéttarfélagi.
Næsta námskeið hefst mánudaginn 15. nóvember 2010

Skráning og fyrirspurnir í sínum 534 0110 og 562 4444, oddier@simnet.is og kms@kms.is
Nánari upplýsingar : www.kms.is

Geimfarið Deep Impact flaug framhjá halastjörnunni Hartley 2 í gær:

Hnetulaga halastjarna skoðuð


VÍSINDI Deep Impact geimfarið flaug framhjá halastjörnunni Hartley 2 í aðeins 700 kílómetra fjarlægð í gær. Halastjarnan er ólík öllum halastjörnum sem skoðaðar hafa verið úr návígi til þessa.

Deep Impact geimfarið var næst halastjörnunni klukkan 13.50 í gær. Fyrstu nærmyndirnar bárust svo til jarðar skömmu eftir klukkan þrjú. Geimfarið og halastjarnan voru þá í um 23 milljón kílómetra fjarlægð frá jörðinni.

Halastjarnan, sem er rétt um 1,5 til tveir kílómetrar á lengd, minnir einna helst á hnetu eða hundabein. Hún virðist slétt og samfelld fyrir miðju en stráð hnullungum á hvorum endanum.

Rannsóknir á halastjörnum þykja mjög mikilvægar liður í að læra um uppruna sólkerfisins. Í halastjörnum er elsta efni sem finnst í sólkerfinu enda eru þær leifar frá myndun sólkerfisins fyrir um 4.600 milljón árum.

Halastjörnur eru enn fremur taldar leika lykilhlutverk í uppruna vatns á jörðinni. Þær eru nefnilega að mestu leyti úr ís og þegar jörðin var í mótun rigndi halastjörnum yfir jörðina, segir stjórnskodun.is.



HARTLEY 2 Í NÆRMYND Deep Impact tók þessa mynd um það leyti þegar geimfarið var hvað næst halastjörnunni á fimmtudaginn klukkan 13.59.

MYND/NASA/JPL/UMD

Starlight

Hágæða útiseriur, margir litir
VARIST EFTIRLÍKINGAR!

100%
VATNSHELD

SILFURBOGI
jólaljós í glugga

1590 kr

STARLIGHT
ÚTISERÍUR

20%
AFSLÁTTUR
ÞESSA HELGI

FROSTRÓS
Hengijólaljós
í glugga

1490 kr



JÓLALJÓSAHELGI

Tilboð um land allt!

JÓLASTJARNA
STÓRAR OG FLOTTAR

999 kr

HAUSTLAUKAR
RÝMINGARSALA
ALLT Á
AÐ SELJAST!

AÐEINS
TVÖ VERÐ

179 kr
299 kr

LAUGARDAG
LATIBÆR OG
JÓLALANDIÐ
í Skútuvogi

kl:14:00
Solla og
Ípróttaálfurinn
skemmta krökkunum

kl:13:00 - 16:00
Allir krakkar fá
Latabæjarvatn
meðan birgðir endast.

HEIMSÆKIÐ
JÓLALANDIÐ OKKAR!

Íslenskir leikarar
samþykktir af Latabæ.
Latabær © & © 2010 Latabær ehf. Öll réttindi áskilin.



**LATI
BÆR**

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	109,29 109,81
Sterlingspund	176,72 177,58
Evra	154,33 155,19
Dönsk króna	20,701 20,823
Norsk króna	18,956 19,068
Sænsk króna	16,561 16,659
Japanskt jen	1,3523 1,3603

SDR 173,12 174,16

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,2034

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sprenging varð í eldfjallinu Merapi á Indónesíu ellefu dögum eftir að gos hófst: Íbúar flúðu eldana í ofboði

INDÓNESÍA, AP Tugir manna létu lífið þegar mikil sprenging varð í eldfjallinu Merapi í fyrrinótt, og er tala látinna nú komin yfir 120.

Fjölmargir brenndust illa þegar logandi lofttegundir þeyttust niður yfir byggðina í hlíðum fjallsins. Allan daginn hélt fjallið áfram að þeyta frá sér ösku, sem barst allt upp í 480 kílómetra leið.

Björgunarfólk vann hörðum höndum að því að koma særðu fólki undir læknishendur, en stundum þurfti að gera snögglega

hlé á björgunarstörfunum þegar heitar gufur bárust frá fjallinu.

Þetta er versta sprenging sem orðið hefur í fjallinu í heila öld. Hún virðist hafa komið jarðfræðingum á óvart, því þeir höfðu reiknað með að tugir minni sprenginga sem orðið hafa síðan gosið hófst hinn 26. október hefðu minnkað þrýstinginn í fjallinu.

Hættusvæðið við fjallið hefur verið stækkað og nær nú í tuttugu kílómetra fjarlægð frá gíg fjallsins. Íbúum innan þess hrings hefur verið gert að yfirgefa heimili sín.



BJÖRGUNARSTARF Í HLÍÐUM FJALLSINS Tugir manna létust í gær og hafa þá meira en 120 látið lífið síðan gosið hófst. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stofnandi í viðtali í Sviss: Segir Wikileaks óhætt á Íslandi

SVISS Julian Assange, stofnandi síðunnar Wikileaks, íhugar að sækja um hæli í Sviss. Hann segir starfsemi Wikileaks aðeins vera óhætt á Íslandi og í Sviss.

Þetta kom fram í viðtali við Assange á svissnesku sjónvarpsstöðinni TSR. Þar sagði hann það raunhæfan möguleika að hann settist að í Sviss og hýsti starfsemi Wikileaks þar.

Assange sótti um atvinnu- og dvalarleyfi í Svíþjóð en var hafnað. Þar hefur hann verið sakaður um kynferðisbrot. -þeb

Fundu peninga og fíkniefni: Lögreglan handtók fimm unga dópsala

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók í fyrrakvöld fimm unga menn vegna fíkniefnasölu. Í húsleitum vegna rannsóknar málsins lagði lögregla hald á fíkniefni og fjármuni.

Mennirnir sem handteknir voru eru allir um tvítugt. Þegar lögregla hafði afskipti af einum þeirra kom í ljós að hann var með talsvert magn af hassi í söluumbúðum, um fimmtíu grömm. Það leiddi til þess að lögregla ákvað að athuga málið nánar. Farið var í tvær húsleitir og voru fjórir aðrir handteknir. Rúmlega hundrad grömm af hassi fundust, svo og rúmlega 200 þúsund krónur í peningum, sem talið er vera söluágóði. Málið er upplýst. -jss

Norðurlandaráð bað barþjón afsökunar

Frétt af árás ungliðaforingja Svíþjóðardemókrata á barþjón í Reykjavík var meðal mest lesnu fréttu sænskra vefmiðla í gær. Norðurlandaráð æskunnar bað barþjóninn afsökunar eftir fund forseta þess með forseta Norðurlandaráðs.

SAMFÉLAGSMÁL Forseti Norðurlandaráðs kallaði forseta Norðurlandaráðs æskunnar á sinn fund á fimmtudagsmorgun til þess að ræða framkomu eins þingfulltrúa við barþjón á Ölstofunni í Reykjavík.

Eins og Fréttablaðið sagði frá í gær veittist ungur liðsmaður Svíþjóðardemókrata (SD) að barþjóni af palestínskum uppruna með rasískum fúkyrdum og kastaði í hann glasi.

Fréttir af þessu voru meðal fimm mest lesnu fréttu á fréttavefum sænsku dagblaðanna DN, Aftonbladet og Expressen í gær.

Aftonbladet segir að niðurstaða fundar forseta Norðurlandaráðs og Norðurlandaráðs æskunnar hafi orðið sú að barþjóninum hafi verið send opinber afsökunarbeiðni Norðurlandaráðs æskunnar. Þar hafi atvikið verið harmað en um leið áréttað að ráðið tæki ekki ábyrgð á framkomu einstaklinga úr hópi þingfulltrúa og áheyrnarfulltrúa.

Sænsku fjölmiðlarnir nefna unga Svíþjóðardemókratann. Hann heitir William Hahne og er átján ára fjölmiðlafulltrúi ungliðahreyfingar SD, sem er þjóðernissinnaður hægriflokkur sem var einn af sigurvegurum þingkosninganna í Svíþjóð fyrr á þessu ári.

„Við í Norðurlandaráði æskunnar flækjumst inn í þetta hvort sem okkur líkar betur eða verr,“ segir Minna Lindberg, formaður Norðurlandaráðs æskunnar, í samtali við vefsíðuna E í gær. Hún var kölluð til fundar með forseta Norðurlandaráðs vegna málsins.



STÓRFRÉTT Fréttin um framkomu ungliðaforingjans í SD á Ölstofunni í Reykjavík var ein af mest lesnu fréttum nokkurra af helstu vefmiðlum Svíþjóðar í gær.

Hún var á stödd Ölstofunni eins og fjölmargir aðrir þingfulltrúar en segist í samtali við Expressen ekki hafa séð hvað gerðist þótt hún hafi orðið vör við átök og segir að einn af félögum Hahnes í Norðurlandaráði æskunnar hafi tekið þátt í að róa menn niður.

„Við höfum lagt mjög hart að okkur í samstarfi Norðurlandaráðs æskunnar og Norðurlandaráðs,“ segir Minna og kveðst vona að framkoma Williams Hahne á Ölstofunni í Reykjavík hafi ekki skaðleg áhrif á stöðu Norðurlandaráðs æskunnar gagnvart Norðurlandaráði.

peturg@frettabladid.is

Undirbúa samevrópskt eftirlit: Samhæfa vöktun á höfunum

SIÁVARÚTVEGUR Evrópusambandið undirbýr nú samevrópskt eftirlit með hafsvæðum aðildarríkja, og hefur Noregi og Íslandi verið boðið að taka þátt í samstarfinu, að því er segir á vef sölusamtaka norskra sildarframleiðenda.

Markmiðið er að samhæfa vöktun á höfunum þannig að upplýsingar á vaktkerfi einnar þjóðar verði aðgengilegar nágrannarríkjunum. Stefnt er að því að tölverkfin verði að fullu samhæfð árið 2014.

Með samhæfingunni verður auðveldara að bregðast við umhverfisslysum, hryðjuverkum og glæpum á hafi. -bj

Varar við nýrri tegund svika: Svikarar stela nú netföngum

LÖGREGLUMÁL Ríkislögreglustjóri varar við því að netföngum hjá þjónustuaðilum á borð við Hotmail, Gmail og fleirum hafi verið stolið. Þau hafa síðan verið notuð til að senda út fjöldapóst á öll netföng í netfangaskrá viðkomandi.

Netföngum er stolið með þeim hætti að eigandi netfangs fær tölvupóst sem virðist vera frá þjónustuaðilanum þar sem spurt er hvort hann ætli að nota netfangið sitt áfram.

Sé svo er hann beðinn um að staðfesta það með því að senda aðgangsorð og lykilorð til baka. Með þessar upplýsingar undir höndum getur sendandinn skráð sig inn á pósthjónustuna eins og um eigandann væri að ræða.

Breyti hann um lykilorð er hann búinn að yfirtaka netfang viðkomandi með öllu sem því tilheyrir, innkominn og útsendinn póst og tengiliðaskrá. -js

Góð Saga
verður enn betri

Saga Capital Fjárfestingarbanki verður

SAGA

FJÁRFESTINGARBANKI



Nú er hafinn nýr og spennandi kafli í sögu Saga Capital Fjárfestingarbanka. Til að undirstrika sérhæfingu okkar og sérstöðu sem banki atvinnulífsins og eini fjárfestingarbanki landsins þá höfum við einfaldað heiti okkar. Saga Capital Fjárfestingarbanki heitir nú Saga Fjárfestingarbanki.

Við höfum einnig flutt starfsstöð okkar í Reykjavík í rýmri húsakynni á 14. hæð að Höfðatorgi.



Á að byggja nýtt hótél á Þingvöllum?

Já	54,4%
Nei	45,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefur þú stutt við góðgerðasamtök á árinu?

Segðu þína skoðun á visiris



Risavaxin tölvuárás gerð á Búrma í aðdraganda kosninga í landinu á sunnudag:

Netsamband landsins rofið

BÚRMA Allt netsamband við Búrma rofnaði í gær, þegar álagsárás á tölvukerfi landsins virtist ná hámarki. Tímasetning ársarinnar þykir engin tilviljun, en kosið er í landinu á morgun.

Álagsárásir eru gerðar til að valda truflunum á netsambandi. Tölvuþrjótur nota þúsundir tölvu víða um heim sem þeir hafa náð stjórn á til að fara inn á vefsvæði á sama tíma. Poli vefsvæðið ekki álagið né engar tölvur sambandi við það.

Árásir á netkerfi Búrma hafa staðið yfir síðustu daga,



VARÐHALD Herforingjastjórnin í Búrma hefur haldið Aung San Suu Kyi í stofufangelsi undanfarnin ár. NORDICPHOTOS/AFP

en árásin náði áður óþekktum hæðum í gær. Álagið var margfalt meira en það sem netþjónar í

Búrma réðu við, og raunar meira en mælst hefur í sambærilegum árásum. Afleiðingarnar urðu þær að netsambandið rofnaði algerlega.

Kosningar eru í Búrma á morgun, þær fyrstu í tuttugu ár. Herforingjastjórnin í landinu hefur verið harðlega gagnrýnd vegna fyrirkomulags kosninganna. Í kosningum árið 1990 vann flokkur Aung San Suu Kyi stórsigur, en herforingjastjórnin neitaði að láta af völdum og hnepti Suu Kyi í stofufangelsi, sem hún situr í enn í dag. -bj

Ákærður fyrir fjölda afbrota: Stal glingri fyrir tvær milljónir

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir fjölmörg brot. Hann er meðal annars ákærður fyrir að hafa, í félagi við annan mann, brotist inn í verslun í Hafnarfirði á síðasta ári og stolið þaðan skartgripum að verðmæti ríflega 2,2 milljónir króna.

Þá er maðurinn ákærður fyrir líkamsárás. Mörg þjófnaðarbrot eru í ákærinni á hendur manningum. Þar á meðal er þjófnaður á fartölvu úr skóla og tveimur kjótlærum úr verslun í Reykjanesbæ. -jss

Lækkun vaxta í þrjú prósent meðal leiða

Sérfræðingahópur hefur skoðað tíu leiðir til að mæta skuldavanda heimilanna vegna fasteignalána. Vaxtalækkun, vaxtabótahækkun og flöt niðurfærsla eru meðal þess sem skoðað var. Niðurstöðurnar verða gerðar opinberar eftir helgi.

Efnaðagsmál Lækkun vaxta á fasteignalánum niður í þrjú prósent er meðal þess sem sérfræðingahópur undir forystu Sigurðar Snævarr, efnahagsráðgjafa forsætisráðherra, hefur haft til skoðunar.

Vextir á almennum lánum Íbúðalánasjóds eru í dag fimm prósent.

Stefnt er að því að sérfræðingahópurinn kynni útreikninga sína og aðrar niðurstöður eftir helgina.

Hópnum var falið að skoða tiltekna leiðir og tillögur sem komið hafa fram, reikna út kostnaðinn við þær og meta hvort og hve raunhæfar þær væru. Stjórnvöld hyggjast taka ákvarðanir um framhaldið á grundvelli niðurstaðnanna.

Kemur jafnt til greina að fara einhverja tiltekna leið sem starfshópurinn fjallaði um, blanda leiðum saman eða finna enn aðrar.

Flöt niðurfærsla skulda um 15,5 prósent er meðal þess sem hópnum var falið að skoða en forsætisráðherra hefur þegar slegið þá leið út af borðinu.

Áhrif hækkunar vaxtabóta voru líka metin og ýmsar útfærslur varðandi þær skoðaðar.

Sjálfur hafði sérfræðingahópurinn frumkvæði að því að meta hvaða áhrif það hefði ef allir gengust undir svonefnda sértæka skuldaaðlögun. Sú leið felur í sér samning milli kröfuhafa og lántaka um leið til að laga skulda- og eignastöðu lántakans að greiðslugetu. Gerir hún jafnframt ráð fyrir að kröfuhafinn geti fallist á eftirgjöf krafna, hlutfallsega lækkun þeirra eða gjaldfrest á þeim kröfum sem eru umfram greiðslugetu.

Þá voru skoðuð áhrif þess að fólk



REYKJAVÍK Stjórnvöld munu að öllum líkindum taka ákvarðanir um hvaða leið verði farin til að mæta skuldavanda heimilanna fljótlega eftir að niðurstöður sérfræðingahópsins liggja fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leiðirnar sem starfshópurinn skoðaði

- Allir gangist undir sértæka skuldaaðlögun.
- Flöt niðurfærsla skulda um 15,5 prósent.
- Flöt niðurfærsla sem miðist við upphaflega fjárhæð láns í stað eftirstöðva.
- Niðurfærsla skulda í 110 prósent af verðmæti fasteignar.
- Niðurfærsla skulda í 100 prósent af verðmæti fasteignar.
- Hækkun vaxtabóta – ýmsar útfærslur.
- Lækkun vaxta á fasteignalánum niður í þrjú prósent.
- Skuldarar afhenda kröfuhöfum fasteign sína. Skuldir umfram verðmæti eignarinnar verða afskrifaðar og þeim sem eiga eigið fé í fasteigninni greitt út. Fólk verði gefinn kostur á að leigja eignina og kaupa hana aftur að ákveðnum tíma liðnum.
- LÍN-leiðin. Afborganir af lánum verði hlutfall af tekjum.
- Eignarnám íbúðarveðlana með niðurfærslu skulda eftir mati gerðardóms.

afhenti kröfuhöfum fasteign sína, leigði hana af þeim og keypti aftur eftir tiltekinn tíma.

Enn fremur var LÍN-leiðin svonefnda skoðuð, en í henni felst að fólk greiði af fasteignaveðlánnum sínum í takt við tekjur. Einnig var

farið í saumana á gerðardómsleiðinni sem Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, lagði til á síðasta ári en hún gengur út á að sérstökum gerðardómi verði falið að úrskurða um niðurfærslu krafna. bjorn@frettabladid.is

Erum fluttar í miðbæinn

Lára V. Júlíusdóttir hrl.
Hulda Rós Rúriksdóttir hrl.
Lögmenn Laugavegi 3 ehf.
Nýtt símanúmer 5201050
Nýtt netfang LL3@LL3.is

Fulltrúar:
Íris Ösp Ingjaldsdóttir hdl.
Íris Kristinsdóttir lögfræðingur





Kailash
ANDLEGT FERÐALAG

Kailash er ný verslun á Strandgötu 11 í Hafnarfirði sem sérhæfir sig í andlegum vörum frá Tíbet og Nepal. Verslunin selur meðal annars Buddhastyttur, talnabönd, skartgrip, reykelsi, poncho, og margt fleira.

Verið velkomin og að sjálfsögðu er alltaf heitt á tekatlinum.

Verslunin er opin virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-14.



Strandgata 11, Hafnarfjörður • Sími 512 3777 • www.kailash.is

Tafir á síldveiðum nýttar í viðhald á verksmiðjuhúsum hjá HB Granda:

Vilja tilraunaveiðar á gulldeplu

SIÁVARÚTVEGUR HB Grandi hefur óskað eftir leyfi frá sjávarútvegssráðuneytinu til að hefja tilraunaveiðar á gulldeplu. Ef leyfið fæst gætu uppsjárveiðiskip félagsins farið til veiða strax í næstu viku.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, deildarstjóri uppsjársviðs, telur að hægt verði að ná árangri á veiðunum en reynsla undanfarninna tveggja ára hefur leitt í ljós að sérhönnuð flöttroll frá Hampiðjunni skila mun meiri afla en þau flöttroll sem fyrst voru reynd.

Í frétt á heimasíðu fyrirtækisins segir að nokkur bið verði á því að farið verði til síldveiða að nýju, en gefinn hefur verið út fjórutíu þúsund tonna kvóti. Ástæðan er sú að mikil óvissa var um það hvort aukid yrði við kvótann og því var ákveðið að ráðast í smávægileg viðhaldsverk í fiskiðjuverinu og fiskmjólsverksmiðjunni á Vopnafirði. Síldveiðar skipa HB Granda ættu að geta hafist að nýju eftir um tvær vikur.

Að sögn Vilhjálms eru fyrstu vísbendingar um ástand loðnustofnsins eftir rannsóknleiðangur Hafrannsóknastofnunarinnar á dögnum upp-örvandí. Vonandi leiði niðurstöður leiðangursins til þess að hægt verði að hefja loðnveiðar fyrir áramót.



FISKIÐJUVER HB GRANDA Húsakosturinn fær andlitslyftingu á meðan hlé er gert á síldveiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísí eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

CLARINS

í 25 ár

afmælisgleði

25% AFSLÁTTUR

af dag- og næturkremum

Clarins hefur hjálpað íslenskum konum að fegra húð sína í 25 ár.

Að því tilefni viljum við bjóða upp á 25% afslátt af öllum dag- og næturkremum frá Carins og Clarins Men vikuna 4. - 10. nóvember í Hagkaup.

Sérfræðingur Clarins veitir faglega ráðgjöf

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Fræðsla fyrir þig

Reykjavík – 10. nóv.
Fjármál hemilanna
Borgartún 19

Fyrirlesari
Breki Karlsson

Kópavogur – 16. nóv.
Greiðslur úr lífeyrissparnaði,
hvað ber að hafa í huga?
Turninn Smáratorgi

Fyrirlesari
Theódór Friðbertsson

Reykjavík – 24. nóv.
Lærðu á netbankann þinn
Borgartún 19

Fyrirlesari
Kristjana Emma
Kristjánsdóttir

Boðið er upp á táknmálstúlkun



Skráðu þig á arionbanki.is.
Allir velkomnir - Ókeypis aðgangur.



Fundirnir hefjast kl. 17:30 og
standa yfir í 90 mínútur.

Arion banki

Niðurstöður kynntar strax á morgun

Þjóðfundur fer fram í Laugardalshöll í dag. Fólk á ekki að vera sérfræðingar í stjórnarskrá heldur koma með sína lífssýn á fundinn, segir upplýsingafulltrúi. Meginniðurstöður fundarins verða kynntar á blaðamannafundi á morgun.

ÞJÓÐFUNDUR Þjóðin mun strax á morgun fá meginniðurstöður af þjóðfundinum sem fram fer í dag. Allra fyrstu niðurstöður verða kynntar á fundinum sjálfum.

Um þúsund manns munu koma saman til þjóðfundar í Laugardalshöllinni í dag. „Við hvert borð fer fram sjálfstæður fundur,“ segir Berghildur Erla Bernharðsdóttir, upplýsingafulltrúi fundarins. Borðin verða 128 talsins og munu níu manns vera á hverju borði. Einn borðstjóri, sem kallaður er lóðs, verður á hverju borði auk átta þátttakenda á fundinum. Umræður hefjast um leið og fólk er sest til borðs. „Það er búið að hugsa mjög vel fyrir fundarflæðinu,“ segir Berghildur. Allir sem stjórn borðum hafi hlotið sérstaka þjálfun í því hvernig þeir eigi að haga sínu hlutverki svo að allir þátttakendur fái jafnan rétt til að tjá sig. „Allur undirbúningur hefur miðast að því að gera umhverfið sem þægilegast fyrir þátttakendur þannig að þarna verði notalegt andrúmsloft og fólk líði vel. Og það er hlutverk lóðsanna að gæta að því að allir fái rými til að koma sínu að, það sé ekki einhver einn ríkjandi við borðið.“

„Fyrst og fremst er verið að reyna að fá fram visku hvers og eins. Við erum ekki að tala um að vera sérfræðingar í stjórnarskrá eða stjórnskipun heldur að fólk sé að koma með sína lífssýn inn á fundinn, það skiptir miklu máli,“ segir Berghildur.

Undirbúningur fundarins hefur



ÞJÓÐFUNDURINN UNDIRBÚINN Það var líf og fjör í Laugardalshöllinni í gær en þá stóð undirbúningur fyrir þjóðfundinn sem hæst. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

“Fyrst og fremst er verið að reyna að fá fram visku hvers og eins. Við erum ekki að tala um að vera sérfræðingar í stjórnarskrá”

BERGHILDUR ERLA BERNHARÐSDÓTTIR
UPPLÝSINGAFULLTRÚI ÞJÓÐFUNDARINS

að hennar sögn gengið vel fyrir sig. Leitað var til Maurabúfunnar, sem hélt þjóðfundinn í fyrra, og koma fjölmargir úr þeim hópi að fundinum nú. Unnið hefur verið hörðum höndum undanfarna

daga til að allt verði tilbúið í dag, en Berghildur segir mikla vinnuleið einkenna undirbúninginn.

Um leið og þjóðfundinum lýkur í dag hefst mikill úrvinnslufundur starfsfólks og stjórnlaganefndar og verða frumniðurstöður kynntar á blaðamannafundi klukkan fjögur á morgun.

„Þjóðin fær því að sjá niðurstöður af fundinum núna um helgina. Auðvitað verður kannski ekki hægt að sýna öll gögn strax, en markmiðið er að meginniðurstöður verði kynntar á sunnudaginn,“ segir Berghildur Erla.

thorunn@frettabladid.is

STAÐA ATVINNUMÁLA OG VINNU- MARKAÐURINN

Samtök atvinnulífsins efna til opinna funda á landsbyggðinni þar sem Vilmundur Jósefsson, formaður SA og Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, ræða um stöðuna í atvinnulífinu, komandi kjarasamninga og svara fyrirspurnum.

Stjórnendur og forsvarsmenn fyrirtækja, stórra sem smárra, eru hvattir til að mæta og taka þátt í umræðunni ásamt öllu áhugafólki um uppbyggingu atvinnulífsins.

Staðir og stund

- ➔ **Ísafjörður - þriðjudaginn 9. nóvember**
Hótel Ísafirði, kl. 12-14. Léttur hádegisverður.
- ➔ **Akureyri - fimmtudaginn 11. nóvember**
Hótel KEA, kl. 8.30-10. Léttur morgunverður.
- ➔ **Húsavík - fimmtudaginn 11. nóvember**
Veitingahúsinu Sölku, kl. 12-14. Léttur hádegisverður.
- ➔ **Reyðarfjörður - föstudaginn 12. nóvember**
Safnaðarheimilinu, kl. 12-14. Léttur hádegisverður.



Skráning á vef SA: www.sa.is

Fleiri fundir auglýstir síðar.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



GUNNAR Þ. ANDERSEN Stjórn FME
hyggst ekki aðhafast frekar í málum
forstjórans. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Rannsókn á forstjóra FME: Aðhefst ekkert frekar í málinu

STJÓRNSÝSLA Stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur lokið athugun á hæfi Gunnars Þ. Andersen forstjóra og sér ekki tilefni til að aðhafast frekar.

Í tilkynningu frá stofnuninni segir að Andri Árnason lögmaður hafi gert sérstaka athugun á hæfi Gunnars Þ. Andersen, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, að beiðni stjórnar. Það sé gert með hliðsjón af umfjöllun í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um viðskipti Landsbanka Íslands hf. og félagsins LB Holding Ltd. með hlutabréf Kaupþings banka hf. á árinu 2001, „og í tilefni af upplýsingum um viðskipti Landsbankans og félagsins NBI Holding Ltd. með hlutabréf í [V] á árinu 2001.“

Í tilkynningu frá FME segir að Andri hafi nú skilað athuginni til stjórnar og fjallaði hún um niðurstöður hennar á fundi sínum í dag. „Í ljósi niðurstöðu athugunarinnar tók stjórnin ákvörðun um að ekki væri tilefni til að aðhafast frekar í málinu.“



Sá næsti stóri frá Audi



1. Af hverju hafa tugir glæpamála fyrnst hjá lögreglu?
2. Hvað heitir formaður deildar Íslenska fjárhundsins í Kennel-klúbnum?
3. Hvað á Míla að gera fyrir Vodafone samkvæmt nýrri ákvörðun PFS?

SVÖRIN

Lífstíla.

1. Vegna fjáðskorts 2 Guðni Ágústsson.

3. Vetta aðgang að svonfnun NATO.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins metur stöðuna í stækkunarmálum:

Ísland hefur fjölmargt að bjóða ESB

EVROPUMÁL Aðild Íslands að Evrópusambandinu (ESB) gæti komið sér vel fyrir sambandið, sérstaklega hvað varðar aðkomu að norðurheimskautssvæðinu. Þetta verður meðal þess sem mun koma fram í árlegri áfanga-skýrslu framkvæmdastjórnar ESB sem kemur út í næstu viku, en kaflar úr henni hafa þegar lekið í fjölmiðla.

Ísland er talið hafa komið mun betur reiðubúið að samningaborðinu heldur en Balkanlöndin sem áður tilheyrðu Júgóslavíu og Tyrkland. Þó sé viðbúið að

erfitt geti reynt að finna lausn á málum tengdum fiskveiðum og Icesave.

Framkvæmdastjórnin hefur meiri áhyggjur af Balkanlöndunum í hópi umsækjenda. Meðal annars hafi nokkuð hægt á umbótum í ríkjunum og víða sé vegið að tjáningarfrelsi og frjálsri fjölmiðlun. Til dæmis eru enn deilur um stjórnarfarir í Bosnía-Hersegóvnu, Grikkir eru ósáttir við nafn Makedóníu og óvissa er enn um stöðu Kosovo.

Í skýrslunni eru einnig tíund-aðar áhyggjur af tjáningarfrelsi



STÆKKUN Framkvæmdastjórn ESB er ánægð með gengið í stækkunarferlinu en áréttar að enn sé margt óunnið.

NORDICPHOTOS/GETTY

og frelsi fjölmiðla í Balkanríkjunum. Þar viðgengst enn ofbeldi gegn blaðamönnum og sjálfstæði ritstjórna er víða ógnað af pólitískum öflum.

Króatar þykja þó hafa náð töluverðum árangri á vegferð sinni að ESB-aðild og ef þeir ná að semja um fyrirkomulag á skipasmíðaðnaði sínum og auka sjálfstæði dómstóla geta þeir verið vongóðir um að komast inn árið 2012.

Framkvæmdastjórnin er þrátt fyrir allt mjög jákvæð fyrir frekari stækkun ESB og tíundar kosti þess að fjölga meðlimum. Með auknum krafti í stækkunarferlinu og fleiri meðlimum styrkist staða sambandsins á alþjóðlegum vettvangi.

- þj



Auglýsing um styrki til rannsókna á stofnum villtra fugla og villtra spendýra

Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, eins og henni var breytt með 39. gr. laga nr. 164/2002, úthlutar umhverfisráðherra fé til rannsókna af tekjum vegna sölu veiðikortar.

Umhverfisráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki til rannsókna á stofnum villtra dýra sem undir áðurnefnd lög falla og heimilt er að veiða. Skriflegar umsóknir skulu berast ráðuneytinu, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík, merktar Veiðikortasjóður, fyrir 7. desember 2010.

Í umsókn um styrk úr Veiðikortasjóði skal umsækjandi greina frá efni og afmörkun fyrirhugaðra rannsókna, hverjir koma að rannsóknunum, skipulagi þeirra og áætluðum tímamörkum ásamt upplýsingum um menntun og/eða fyrri rannsóknir.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að senda inn umsóknir. Ráðuneytið mun að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og ráðgjafanefndar úthluta styrkjum eigi síðar en í janúar 2011.

Umhverfisráðuneytið
1. nóvember 2010

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberinn þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR.IS
Meiri Vísir.



SENDIRÁÐ BANDARÍKJANNA Í REYKJAVÍK Öflug öryggisgæsla er starfrækt í sendiráðinu hér á landi rétt eins og í öðrum löndum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Norska stjórnin vill öll spil upp á borðið

Bandaríska sendiráðið í Noregi hefur safnað upplýsingum um hundruð norskra ríkisborgara í gagnabanka. Bandaríska sendiráðið í Reykjavík vill ekki staðfesta hvort sams konar starfsemi fer fram hér.

UTANRÍKISMÁL Bandaríska sendiráðið í Ósló hefur starfrækt leyniþjónustudeild, sem hefur safnað upplýsingum um hundruð norskra ríkisborgara. Meðal þeirra sem starfað hafa fyrir deildina eru fimmtán til tuttugu Norðmenn, þar á meðal fyrrverandi norskir lögreglumenn á eftirlaunum.

Norska sjónvarpsstöðin TV2 skýrði frá þessu í gær. Norsk stjórnvöld hafa gert athugasemdir og krafist skýringa frá bandarískum stjórnvöldum. Jens Stoltenberg forsætisráðherra krefst þess að öll spil verði lögð á borðið í þessu máli. Hann segist ekki hafa vitað neitt af þessu fyrr en fjölmiðlar skýrðu frá málinu í gær.

Í sendiráðum Bandaríkjanna eru starfræktar öryggisskrifstofur, sem sjá meðal annars um öryggisgæslu við sendiráðið. Innan þeirra eru starfrækt teymi, svokölluð Surveillance Detective Units, sem hafa það hlutverk að fylgjast með grunsamlegum mannaferðum við sendiráðið og skrá upplýsingar um einstaklinga sem virðast vera að fylgjast með sendiráðinu.

Upplýsingar af þessu tagi hafa á seinni árum verið geymdar í SIMAS, gagnabanka bandarískra stjórnvalda sem ætlaður er til að koma í veg fyrir hryðjuverk og

glæpi, meðal annars gegn sendiráðum og starfsfólki þess.

Í þennan gagnabanka eru skráðar upplýsingar á borð við nafn, aldur, kyn, hæð, þyngd, augnlit, háralit, heimilisfang, símanúmer, nöfn foreldra, ríkisfang og líkamleg sérkenni.

Bandaríska sendiráðið í Reykjavík vill hvorki neita því né játa að hér á landi sé safnað upplýsingum í gagnabanka af þessu tagi.

„Bandarískastjórn gerir sér grein fyrir því að sendiskrifstofur okkar víða um heim eru hugsanleg skotmörk,“ segir Laura Gritz, talsmaður sendiráðsins í Reykjavík. „Við eigum í samstarfi við stjórnvöld gistiríkjanna um að gera allt sem við getum til að vernda sendifulltrúa okkar og starfsfólk, þar á meðal innlenda starfsmenn á hverjum stað,“ segir hún en tekur fram: „Við gefum ekki nákvæmar upplýsingar um tiltekna öryggisráðstafanir.“

„Mér er ekki kunnugt um neitt slíkt njósna- eða öryggissamstarf hér á landi,“ segir Ögmundur Jónasson dómismálaráðherra. „En ef svo er þá er það eitthvað sem ég tel að ég sem dómismálaráðherra ætti að vita um, og þá ætti að upplýsa mig um slíkt, og það hefur ekki verið gert.“

gudsteinn@frettabladid.is



Danatekt Intim

Án parabena, ilm- og litarefna

DANATEKT INTIM er hreinsikrem og hlífðarkrem fyrir viðkvæmstu staði líkamans. Intim hentar allri fjölskyldunni, einnig ungbörnum. Danatekt brjóstakremið þarf ekki að þurrka af fyrir gjöf og er eina svansmerkt brjóstakremið á markaðnum.

Nánari upplýsingar á www.portfarma.is



Nýtt í Lyfju

www.lyfja.is

SLENSKA/ARS/BJE/BJE/BJE



Teppalagt tækifæri fyrir stigaganga.

Verð frá 5.980 kr. per m² ákomið.

Vönduð og slitsterk, þéttofin teppi sem auðvelt er að þrifa.

NÝTIÐ YKKUR VIRÐISAUKA-SKATTINN!

Bjóðum heildarlausnir, þegar endurnýja á gólfteppi í stigagöngum í fjölbýlis- og sambýlishúsum. Við mætum og gerum tilboð í efni og vinnu. Aðeins eitt símtal og málið er komið í gang.

Stepp

PARKET & GOLF

Ármúla 32 · 108 Reykjavík · Sími 533 5060 · Fax 533 5061 · www.stepp.is

Strákagallabuxur
2.999 kr. (verð áður 3.999 kr.)
Joggingbuxur
1.499 kr. (verð áður 1.799 kr.)
50% afsláttur
af flíspeysum og flísboxum.



Latabæjarskál
fylgir öllum
Cheeriospökkum
keyptum hjá Hagkaupum.

Cheerios

50% afsláttur
af Latabæjar útigöllum.
30% afsláttur
af völdum íþróttavörum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

20% afsláttur
af öllum barnaskóm.
15% afsláttur af töskum,
fatnaði og fylgihlutum.

Bata

20% afsláttur
af Hummel vörum.
3 fyrir 2 af öllum
leikföngum.
20% afsláttur af úlpum
og útigöllum.

DEBENHAMS

 Smáralind

20% - 70%
afsláttur af öllum
vörum.

BabySam.

KRAKKADAGAR

4.-8. NÓVEMBER

Dagskrá

Laugardagurinn 6. nóvember

- Latabæjarsýning í Smárabíói **kl. 13.00**.
Aðgangseyrir er 300 kr. Allur ágóði
rennur til Barnaspítala Hringins
- **Íþróttálfurinn og Solla Stirða koma í
heimsókn kl. 15.00**
- Myndataka með Íþróttálfinum og
Sollu í boði fyrir börnin **kl. 16.00**
- Vetrargarður
 - Hoppukastalar

Sunnudagurinn 7. nóvember

- Íþróttaskóli Latabæjar í Vetrar-
garðinum - **FRÍTT FYRIR ÖLL BÖRN.**
Solla Stirða setur skólann kl. 13.00
- Vetrargarður
 - Hoppukastalar

Krakkadagaleikur

- Glæsilegir vinningar, dregnir út
mánudaginn 8. nóvember.
- 3x2.500 kr. gjafakort frá Smáralind
- 10 miðar í Smárabíó
- 2 x DVD Latabæjarsafn
- 5x Alias junior spilið



**FRÍTT
FYRIR BÖRN**
Latabæjar vatn og
Latabæjar Skeyris

Kjöris



KNÚINN ÞOTUHREYFLUM Svisslend-
ingurinn Yves Rossi er eini maðurinn,
svo vitað sé, sem flýgur um á þotu-
knúnum flugvængjum. Hér sést hann
þjóta um loftin blá yfir Sviss.

NORDICPHOTOS/AFP

DÓMSMÁL

Sekt og sýkna fyrir vændi

Maður var í gær dæmdur í ríflega 100 þúsunda króna sekt fyrir vændiskaup. Annar maður var sýknaður af ákæru um að hafa keypt vændi.

VIÐSKIPTI

Auður kaupir Já

Fagfjárfestastjóðurinn Auður 1 hefur keypt Já upplýsingaveitu ehf. af Skiptum hf. Skrifað var undir samninginn í gær. Kaupverðið er trúnaðarmál en söluhagnaður Skipta af viðskiptunum nemur 1,3 milljörðum króna. Greitt er fyrir hlutinn með reiðufé.

Höftin eiga að hverfa

Gengissveiflum krónunnar verður ekki forðað, segir aðstoðarseðlabankastjóri. Hafni Íslendingar ESB-áild þarf að bæta framkvæmd peningastefnunnar.

EFNAHAGSMÁL Stjórn efnahagsmála verður að bregðast illilega til þess að gjaldeyrishöftum verði hér við haldið um lengri tíma. Þetta er meðal þess sem fram kom í máli Más Guðmundssonar seðlabankastjóra á fundi Viðskiptaráðs Íslands í gærmorgun. Hann sagði höftin hafa gegnt hlutverki í að ná stöðugleika en þau væru nú farin á rekast á önnur markmið, svo sem um aukinn hagvöxt, fjárfestingu og tengingu landsins við aðra fjármálamarkaði.

Um leið kom fram í máli Más að ekki væri hægt að útiloka að Alþingi samþykkti að framlengja gjaldeyrishöftin á næsta ári, en samkvæmt lögum rennur gildistími þeirra út í ágúst 2011.

Fulltrúar í pallborði lýstu margir hverjir efasemdum um að hægt yrði að aflétta höftum í brád, enda hefðu þau staðið í áratugi í einhverri mynd áður en þeim var aflétt á tíunda áratug síðustu aldar.

Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri sagði aðstæður í dag hins vegar aðrar á tímum alþjóðlegra viðskipta og því afar ólíklegt að höftin vörðu lengi. „Svo lengi sem við erum aðilar að Evrópska



Í PALLBORÐI Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, stýrði umræðum á fundi Viðskiptaráðs í gær. Í pallborði voru Arnór Sighvatsson, Kristín Pétursdóttir, Benedikt Jóhannesson og Ásgeir Jónsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

efnahagssvæðinu sé ég ekki fyrir mér að við getum verið lengi með höftin,“ sagði hann og benti á að þeim yrði ekki viðhaldið nema í skjóli samþykktar Alþjóðagjald-eyrissjóðsins. Hann benti á að efnahagsáætlun stjórnvalda rynni út í ágúst á næsta ári og ekki seinna en þá þyrfti að liggja fyrir tímasett áætlun um afnám hafta.

Arnór sagði jafnframt ljóst að ef þjóðin hafnaði áild að Evrópusambandið þyrfti að bæta framkvæmd peningastefnunnar. „Við þurfum einhvers konar viðbótartæki til viðbótar við vaxtataekið til að minnka veltinginn,“ sagði hann en taldi „draumóra“ að gera ráð fyrir því að sveiflur á gengi krónunnar hyrfu.

olikr@frettabladid.is



HJÁ MÆÐRASYRKSNEFND Elín Hirst afhenti Ragnhildi Guðmundsdóttur, formanni Mæðrastyksnefndar Reykjavíkur, fyrsta diskinn á fimmtudag.

Mæðrastyksnefnd fær styrk:

300 krónur af hverri mynd

FÓLK Þrjú hundruð krónur af hverju seldu eintaki heimildar-myndarinnar Síðasta ferðin munu renna til Mæðrastyksnefndarinnar í Reykjavík. Myndin er eftir Elínu Hirst fréttamann og afhenti hún Mæðrastyksnefnd fyrsta eintakið af myndinni á fimmtudag.

Haldið var upp á útgáfuna í húsakynnum Mæðrastyksnefndar í Hátúni. Þangað var skjól-stæðingum nefndarinnar boðið í vöfflur og kaffi í tilefni dagsins.

Síðasta ferðin fjallar um íslenska vesturfara og var sýnd í Ríkissjónvarpinu um páskana.

- þeb



Sparnaður í áskrift





JULIAN ASSANGE Vill rannsókn á mannréttindabrotum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stofnandi Wikileaks:

Skorar á bandarísk stjórnvöld

SVISS, AP Julian Assange, stofnandi uppljóstrunarvefsíðunnar Wikileaks, skorar á bandarísk stjórnvöld að láta rannsaka hvort mannréttindi hafi verið brotin í Írak og Afganistan, frekar en að beina öllum kröftum sínum í að hafa uppi á þeim sem lekið hafa upplýsingum um athæfi Bandaríkjahers í þessum löndum.

„Nú er kominn tími til að Bandaríkin opni sig frekar en að fara í felur með hlutina,“ sagði hann við blaðamenn í Genf í gær, skammt frá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna, en þar í borg hefst í dag fyrsta úttekt mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna á Bandaríkjunum. -gb

Bjóða Kínverjum birginn

Íslensk stjórnvöld hyggjast senda fulltrúa á afhendingu Friðarverðlauna Nóbels þrátt fyrir andstöðu kínverskra stjórnvalda. Kínverjar hafa þrýst á evrópsk ríki að sniðganga athöfnina, eða „mæta afleiðingum“.

OSLÓ, AP Kínversk stjórnvöld hafa þrýst á evrópsk ríki að sniðganga afhendingarathöfn Friðarverðlauna Nóbels í næsta mánuði. Þar verður kínverski andófsmaðurinn og rithöfundurinn Liu Xiaobo heiðraður, í mikilli óþökk stjórnvalda í Peking. Íslensk stjórnvöld staðfesta að þeim hafi borist bréf frá Kínverjum varðandi þetta mál, en engu að síður mun fulltrúi Íslands sækja athöfnina.

AP-fréttastofan hafði í gær eftir Cui Tiankai, einum æðsta manni utanríkis-mála í Kína, að þær Evrópuþjóðir sem hyggjast senda fulltrúa á athöfnina þurfi að spyrja sig hvort þeim sé í mun að eiga vinsamleg samskipti við Kína eða hvort þau kjósi heldur að gera atlögu að réttarkerfinu þar í landi. „Ef þau velja rangan kost munu þau þurfa að mæta afleiðingunum,“ sagði Tiankai, en fór ekki nánar út í hverjar þær gætu verið.

Samkvæmt AP hafa yfirvöld í Finnlandi og Svíþjóð staðfest að hafa fengið bréf frá Kína, en enginn hefur enn afboðað sig.

Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins, staðfesti við Fréttablaðið að íslensk stjórnvöld hefðu fengið bréf frá kínverskum yfirvöldum sem varðaði afhendinguna, en gat ekki tjáð sig frekar um efni bréfsins. -bj



UMDEILDUR Liu Xiaobo og kona hans hafa bæði mátt þola frelsissviptingu sökum skoðana sinna. NORDICPHOTOS/AFP

Hver er Liu Xiaobo?

- Liu Xiaobo er kínverskt skáld og andófsmaður sem aflánar nú 11 ára fangelsisdóm fyrir undirróðursstarfsemi gegn stjórnvöldum.
- Hann var meðal talsmanna róttækra umbóta á stjórnmálakerfinu.

- Eiginkona hans hefur setið í stofufangelsi síðan Nóbelsnefndin tilkynnti val sitt í október.
- Kínversk stjórnvöld brugðust við útnefningunni af mikilli hörku og telja verðlaunin notuð af vestrænum löndum til að grafa undan auknum áhrifum Kína á heimssviðinu.

Vaxtasproti er einfalda leiðin til að spara í áskrift

Með sparnaði í áskrift getur þú sett þér markmið, lagt fyrir í hverjum mánuði, safnað vöxtum og átt fyrir því sem þig langar að gera.

Hvort sem það er sumarfrí fjölskyldunnar, heimilistæki sem þarf að endurnýja eða eitthvað allt annað – þá er ódýrara að safna og eiga fyrir hlutunum en að fá lánað fyrir þeim.



Vaxtasproti er sparnaðar-reikningur sem er alltaf laus. Þú getur því bæði safnað þér fyrir einhverju ákveðnu en um leið notað reikninginn sem varasjóð til að bregðast við óvæntum útgjöldum.

Fyrir hverju langar þig að safna með sparnaði í áskrift?

Byrjaðu að spara á islandsbanki.is

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
 Sími 440 4000


 Íslandsbanki

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



DUNI STERINKERTI 10 STK

398
KR.10 stk



TOLLI: LANDSLAG HUGANS Í VERSLUNUM BÓNUS **kr. 4990.-**

ALLIR BESTU MOLARNIR Í EINUM KASSA!
NÓA KONFEKT 650g



1498
KR.650g

MACKINTOSH 2 KG DÓS
QUALITY STREET



2998
KR. 2 kg



ILMKERTI Í ÁLDÓSUM MARGAR GERÐIR



Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort. Hafðu samband við skrifstofu Bónus og fáðu nánari upplýsingar. Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.



NÝJU SANTA MARÍA KRYDDIN 198 KR GLASID

198
KR.stk



ES STEIKINGARPANNA 22sm Verð áður 998 kr.

598
KR.stk



ES PÖNNUKÖKUPANNA Verð áður 1498 kr.

598
KR.stk



NÝ UPSKERA FERSKAR DÖÐLUR

598
KR.600g



MYLLU FJÖLKORNABRAUÐIÐ 385g (hálf)

129
KR. 385g



TVÖ SKURÐARBRETTI VERÐ ÁÐUR 598 KR.

398
KR.stk

PÖNNURNAR FÁST Í BÓNUS:

AKRANESI, BORGARNESI, ÍSAFIRÐI AKUREYRI, NAUSTAHVERFI, EGILSSTÖÐUM, SELFOSSI, HVERAGERÐI, NJARÐVÍK, SMÁRATORGI, HAFNARFIRÐI, KORPUTORGI, HOLTAGÖRÐUM, SPÖNG, GARÐABÆ, ÖGURHVARFI, MOFELLSBÆ.



www.islandsnaut.is/
Fimmtán bestu uppskriftirnar úr hamborgara-samkeppi Islandsnauts



898
KR.kg



BACON Í SNEIÐUM

998
KR.kg



KINDABJÚGU

159
KR.2 stk



KÖF PIZZUSKINKA

98
KR.125g



ISLANDSNAUT FERSKIR UNGNAUTAHAMBORGARAR 4 STK M/BRAUÐI

598
KR. pk



ISLANDSNAUT 100% UNGNAUTA-HAMBORGARAR 10 x 100g

1398
KR. pk

AFGREIÐSLUTÍMI

LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veitulega VILDARPUNKTU
VISA Vildarklöbbur

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS B



GRÍSAKJÖT Á GÓÐU VERÐI



Ali

998

KR. kg

ALI FERSKAR ÚRB. GRÍSAHNAKKASNEIÐAR



898

KR. kg

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR



998

KR. kg

ALI GRÍSARIF / SPARERIBS
PARF AÐEINS AÐ HITA



898

KR. kg

BÚRFELLS
HAMBORGARHRYGGUR



898

KR. kg

ÍSLANDSGRÍS BAJONNESKINKA
ÚR GRÍSALÆRI

KJÖRFUGL FERSKUR KJÚKLINGUR



1798

KR. kg

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



798

KR. kg

K.S FROSINN LAMBABÓGUR SLÁTRUN 2010

4 FLÖSKUR 2 LTR. PEPSI & PESI MAX



698

KR. 4x2 ltr



169

KR. 2 ltr

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

AFGREIÐSLUTÍMI

LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

Böndin styrkjast í norrænu samstarfi.

Kreppan þéttir raðirnar

Þingi Norðurlandaráðs er nýlokið hér í Reykjavík. Það er ánægjulegt að sjá að svo virðist sem nú sé áhugi á norrænu samstarfi að aukast meðal Norðurlandabúa eftir nokkurt áhugaleysi undanfarinna ára. Við setningu þingsins í vikunni vitnaði forseti þess, Helgi Hjörvar, í nýja könnun sem sýnir að 80 prósent Norðurlandabúa styðja norrænt samstarf. Þannig virðast þjóðirnar sjálfar og stjórnvöld Norðurlandaráðs ganga í takt í þessum efnun.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Í áranna rás, og ekki síst á hinum svokölluðu uppgangarárum, hafa sumir efast um gildi norræns samstarfs og jafnvel lagt til að dregið yrði úr því eða því jafnvel hætt. Hér á landi hafa margir fremur viljað líta fjær og til vesturs um samstarf á margvíslegum grunni. Bent hefur verið á að við séum í samstarfi við Norðurlandabjóðir og fjölmargar aðrar vestrænar þjóðir á vettvangi NATO og svo verði einnig og ekki síður fari svo að Ísland gangi í Evrópusambandið. Því sé ekki þörf á þeim formlega vettvangi sem Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin sé.

Hvað sem því líður er ljóst að engar þjóðir standa okkur Íslendingum nær en hinar Norðurlandabjóðirnar. Allar þjóðirnar, utan Finna, tala tungumál sem eru náskyld íslenskunni. Þetta þýðir að með góðum vilja skilja þjóðirnar hver aðra, jafnvel þótt ekki liggi að baki mikið formlegt nám í grannmálunum. Málskilningurinn er mikilvægur liður í norrænu samstarfi sem ber að verja af krafti nú þegar ensk tunga sækir svo mjög á á flestum sviðum á öllum Norðurlöndunum. Norðurlandaráð styður dyggilega við margvísleg norræn samstarfsverkefni sem tengjast námi og kennslu í grannmálunum á Norðurlöndum. Einnig hafa verkefni eins og Nordjobb ýtt undir dvöl norrænna ungmenna á hinum Norðurlöndunum og þar með aukna þekkingu á grannmálunum.

Menning þjóðanna er sömuleiðis meira og minna reist á sama arfi og sömu gildum. Því ríkir gagnkvæmur skilningur í samskiptum Norðurlandabúa, sem gera þau aðgengileg og áreynslulaus. Það hefði því verið mikill missir, ekki síst fyrir litla þjóð eins og okkur Íslendinga, ef flosnað hefði upp úr formlegu norrænu samstarfi. Hvort heldur sem Ísland verður innan eða utan Evrópusambandsins er formlegt og öflugt samstarf við Norðurlandabjóðirnar mikilvæg kjölfesta lítillar þjóðar í stórum heimi.

Norrænu þjóðirnar eru litlar samanborið við velflestar Evrópuþjóðir og Ísland telst á þeim vettvangi beinlínis örríki. Með öflugu samstarfi geta þessar þjóðir hins vegar fengið aukid vægi. Þegar er farið að ræða um að sameinast um sendiskrifstofur landanna í einhverjum löndum og athyglisverð er sú hugmynd að Norðurlandabjóðir eigi sameiginlega fulltrúa í G-20 hópnunum og eigi þannig sinn fulltrúa við borð öflugustu ríkja heims. Enn róttækari er hugmynd Gunnars Wetterberg um að Norðurlandabjóðirnar myndi sambandsríki.

Hvað sem því líður lítur út fyrir að kreppan hafi fremur styrkt hin norrænu bönd en hitt. Vonandi auðnast Norðurlandabjóðunum að þetta enn frekar samband sitt og samstarf í framtíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Ólíkar skýringar á fylgisfalli

Viðbrögð við viðhorfskönnunum segja stundum meir en tölurnar. Könnun sem birt var í vikunni hafði þau áhrif að forsætisráðherra lýsti því yfir að endursemja yrði við AGS um stefnuna í ríkisfjármálum.

Ein könnun getur varla leitt til meiri kúvendingar. Viðbrögðin eru þess eðlis að ástæða er til að rýna nánar í baksvið talnanna en ella.

Fjármálaráðherra hefur réttilega sagt að stjórnarflokkar sem glíma við mikla erfiðleika þurfi að þola kannanir sem sýna slaka í fylgi. Það athyglisverða er að eðlismunur er á fylgisbreytingu ríkisstjórnarflokkanna í þessari könnun. Sömu



ÞORSTEINN PÁLSSON

skýringar eiga því ekki við þá báða.

VG er að missa um fimmtung kjósenda sinna eftir einhvern mesta kosningasigur sem sögur fara af. Þó að það sé að vísu allmikið tap eiga skýringar fjármálaráðherra eigi að síður við.

Samfylkingin er á hinn bóginn að missa um fjórutíu hundraðshluta af fylginu. Það er hrún. Ástæðan er ekki sú að forsætisráðherra hafi tekið hitann og þungann í vörn

fyrir erfið mál. Það hefur fjármálaráðherra hins vegar gert.

Það er beinlínis ein af skýringunum á þessu hrúni að forysta Samfylkingarinnar vikur sér jafnan undan að verjast ágjöfinni. Önnur skýring er sú að flokkurinn hefur gefið eftir nánast öll þau mál sem aðgreina hann frá VG nema Evrópusambandsmálið, enn sem komið er.

Afleiðingin er sú að vinstri-vængur VG, sem var áhrifalítil í byrjun, hefur smám saman náð undirtökum í stjórnarsamstarfinu. Fyrir vikið er ríkisstjórnin föst í mál-efnakreppu og Ísland hefur borið af þeirri leið sem mörkuð var með endurreisnaráætlun AGS.

Þóttafullt afsvar

Forsætisráðherra hafnaði umsvifalaust tilboði formanns Sjálfstæðisflokksins í vikunni um breiða pólitíska samvinnu við ríkisstjórnarborðið. Venjulega hefðu hvorki tilboðið né svarið sætt tíðindum. Í ljósi aðstæðna var tilboðið hins vegar athyglisvert en svarið þóttafullt.

Staða stjórnarandstöðuflokka er ólík með svipuðum hætti og stjórnarflokkanna. Ytri aðstæður eru báðum flokkunum hagstæðar

vegna vantrausts í garð ríkisstjórnarinnar. Innri veikleikar hljóta því að ráða mestu um að Framsóknarflokkurinn nær ekki kjörfylgi.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki náð fyrri styrk. Honum hefur hins vegar tekist að hagnýta sér veika stöðu ríkisstjórnarinnar til að bæta stöðu sína. Í vikunni kynnti flokkurinn umfangsmiklar tillögur í efnahagsmálum. Með þeim hefur hann styrkt málefnaströðuna.

Í ríkisfjármálum stefna tillögurnar að sama marki og ríkis-

stjórnin hefur gert fram til þessa samkvæmt AGS-áætluninni. Skattastefnan miðar hins vegar að því að draga úr lamandi áhrifum á atvinnusköpun. Orkunýtingarstefnan þýðir framkvæmdir í stað stöðunar.

Í tillögunum er ekki fjallað um stefnuna í peningamálum. Það er veikleiki. Eigi að síður eru þær gilt framlag til málefna-legrar umræðu og samstarfs. Snöggi bletturinn er óábyrg afstaða til heildaraflaaukningar.

Fylgið speglar val

Kjarni málsins er sá að Samfylkingin virðist vera að tapa fylgi eftir því sem vinstri-vængur VG verður áhrifaríkarari. Ástæðan er sú að stór hluti kjósenda hennar stendur nálægt miðju stjórnmálanna.

VG hefur fram til þessa beitt margvíslegum stjórnsýsluráðum til að hindra hagvöxt með frekari orkunýtingu og erlendri fjárfestingu. Margt bendir til að flokkurinn hyggest beita sams konar meðulum til að hindra framgang aðildar-viðræðnanna án þess formlega að rjúfa samkomulagið um umsóknina. Kyngi Samfylkingin því gæti traust hennar rýrnað enn frekar.

Verra er þó að slík þróun mála

myndi veikja samningsstöðu Íslands. Á hinn bóginn gæti það skapað tækifæri fyrir stjórnarandstöðuflokkana til að styrkja stöðu landsins með jákvæðari afstöðu.

Ríkisstjórnin hefur ekki fylgt eftir þeim orkunýtingaráformum sem samstarfsáætlunin við AGS gerir ráð fyrir. Nýlega lýsti forsætisráðherra því yfir að horfið yrði frá viðmiðunum áætlunarinnar varðandi lausn á skuldavanda heimilanna og nú hefur hann bætt ríkisfjármálunum við að kröfu vinstri-vængs VG. Þá er harla lítið eftir.

Rétt er hjá forsætisráðherra að ríkisstjórnin þarf ekki á stuðningi stjórnarandstöðunnar að halda. En það er aðeins rétt í þeim skilningi

að stjórnin gangi að þeim afarkostum sem vinstri-vængur VG setur henni.

Talsmenn vinstri-vængsins hryllir við atvinnusköpun með orkunýtingu svo þeirra eigin tungutak sé notað. Forsætisráðherra kys þann kost fremur en samstarf á miðjunni um atvinnu. Þetta val forsætisráðherra endurspeglar skýrt í skoðanakönnunum.

Niðurstaðan er þessi: Ríkisstjórnin er ofurseld vinstri-væng VG og rúin trausti. Stjórnarandstöðuflokkarnir þurfa meira traust til að stefna að eigin stjórn í brád. Forsætisráðherra hafnar breiðu ríkisstjórnarsamstarfi. Fyrir vikið er þjóðin stödd í pólitískri blindgötu.

Fjölbreytt og gott
veganesti fyrir lífið

**LÍFRÆNN
ÞARNAMATUR**

KJAFNGÓÐ NÆRING
Ósáltað
Ósykrað
ENGIN AUKAÆFNI

www.barnamatur.is

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

Van Gils

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

PAL ZILERI

POLO RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione

bugatti

MABRUN

LLOYD

BELLINI
collezione

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17



Herra
Lagerinn
outlet

líka fyrir konur

**FRÁBÆR
TILBOÐ!**

**40%-
60%
afsláttur
af öllum vörum**

FRAKKAR



VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY

VERÐ ÁÐUR KR. ~~59.980~~

MARGAR GERÐIR - ALLAR STÆRÐIR

VERÐ NÚ KR. 35.988

ÚTIJAKKAR

FINUCCI
collezione

VERÐ ÁÐUR KR. ~~39.980 & 44.980~~

MARGAR GERÐIR

VERÐ NÚ KR. 23.988 & KR. 26.988

**Troðfull
verslun af
merkjavöru**

SKYRTUR

FINUCCI
collezione

VERÐ ÁÐUR KR. ~~11.980~~

MARGAR GERÐIR

VERÐ NÚ KR. 7.188

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)

Besta þjónustan við börnin

Kirkjuheimsóknir

Bára Friðriksdóttir
sóknarprestur



Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar lagði til á dögunum að fulltrúar trúfélaga ættu ekki erindi í skóla borgarinnar jafnvel þegar þung áföll dyndu yfir. Einnig lagði það til að alfarið ætti að hætta með kirkjuferðir á skólatíma sem hafa tíðkast fyrir jólin. Eitt af rökum ráðsins er að það eigi að fá fagaðila eins og sálfræðinga að áföllum en ekki presta. Hvað ætli þessir borgarfulltrúar haldi að felist í fimm ára háskólamenntun til prests og nokkurra mánaða starfsþjálfunar þar að auki. Ef við erum fagaðilar í einhverju þá er það að mæta fólki í sorg og áföllum. Hjálpa þeim að

takast á við óblíðar aðstæður og leiða þau í gegnum fyrstu holskeflur áfalls og sorgar. Þar er hverjum mætt af jafnræði óháð trúaræða lífsskoðun. Reynsla mín af samstarfi kirkju og skóla hefur sýnt mér hve þakklátir kennarar og skólustjórnendur eru að hafa aðgang að prestinum í hverfinu þegar áföll dýnja yfir. Þegar allt snýst um fjármál á þessum síðustu og verstu, má minna á að það þarf ekkert að borga prestinum í núverandi skipulagi sem þarf að gera séu aðrir fagaðilar kallaðir til. Auðvitað er gott að fá sálfræðinga að og í sumum tilfellum fólk úr Rauða krossinum sem þekkir vel til hamfaraaðstóðar. En hvar er réttsýnin í því að loka eigi aðgang barna og kennara að sérfræðingum í áföllum? Er það besta þjónustan við börnin okkar? Ég kalla eftir svári Margrétar Sverrisdóttur, formanns ráðsins.

Það má vera að spurningin um kirkjuheimsókn skólubarna liggja á gráu svæði. Ef við skoðum rökinn segja sumir að börn foreldra sem hvorki trúir né séu skráðir í Þjóðkirkjuna eigi ekki að fara í kirkju

Reynslan hefur verið sú að það eru örfáir foreldrar sem ekki vilja að börn sín fari í kirkjuheimsókn. Nú eru um 80% þjóðarinnar félagar í Þjóðkirkjunni, a.m.k. önnur 10% í öðrum kristnum trúfélögum. Ef



Það má vera að spurningin um kirkjuheimsókn skólubarna liggja á gráu svæði.

með skólanum fyrir jólin. Vinnuregla Þjóðkirkjunnar er að við skólaheimsóknir sé foreldrum kynnt það áður í bréfi og þeim gefinn kostur á að óska þess að barn sitt fari ekki sé það þeirra vilji. Þau börn koma þá ekki í kirkjuheimsókn, fá annað verkefni sem er hið besta mál. Með því njóta þau fullra mannréttinda.

um 90% barna á Íslandi eru kristinnar trúar, eru það ekki mannréttindi þeirra að þau megi fara í kirkjuheimsókn í undirbúningi jólaanna, einnar stærstu hátíðar kirkjunnar? Má ekki segja að það sé brotið á mannréttindum þeirra ef þau mega ekki hafa trúfrelsi og syngja jólasálma í kirkjunni fyrir jólin? Við viljum sem besta þjón-

ustu við börnin okkar. Við viljum að þau njóti fullra mannréttinda. Við viljum ekki að því sé þröngvað upp á þau að kirkjan sé vond sem beri að varast. Ég veit að þetta mæli ég fyrir mína hönd og margra annarra því fólk víða að hefur rætt við mig um hneykslan sína á framgöngu mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar í þessu máli.

Jón Gnarr borgarstjóri sagði í blaðaviðtali eitt sinn að sá maður sem hann liti mest upp til af öllum væri Jesús. Ég geri orð hans, sem lesin eru yfir hverju skírðu barni, að lokaorðum. „Leyfið börnunum að koma til mín, varnið þeim eigi því að slíkra er Guðs ríki. Sannlega segi ég ykkur: Hver sem tekur ekki við Guðs ríki eins og barn mun aldrei inn í það koma.“ Og Jesús tók þau sér í faðm, lagði hendur yfir þau og blessaði þau.“ Markúsarguðspjall 10.14-16.

Vegna ummæla formanns Lögmannafélagsins í Fréttablaðinu

Athugasemd

Póður S. Gunnarsson
hæstaréttarlögmaður



Í Fréttablaðinu, fimmtudaginn 4. nóvember, er haft eftir Brynjari Níelssyni, að undirritaður hafi í álitsgerð, sem unnin hafi verið fyrir slitastjórn Glitnis banka h.f., í tengslum við málarekstur slitastjórnarinnar o.fl. á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni o.fl., fyrir dómstóli í New York, fullyrta, að dómstólar hér á landi geti ekki leyst úr jafn viðamiklu skaðabótamáli og málsóknin gegn „sjómenninum“ sé.

Í tilvitnaðri álitsgerð minni segir m.a. í íslenskri þýðingu en frumtextinn er á ensku: „Óhætt er að fullyrða að íslenska dómkerfið sé bæði sjálfstætt og að innan þess starfi mjög hæfir dómáttar með sérþekkingu á flestum réttarsviðum.“ Í framhaldinu er gerð grein fyrir uppbyggingu íslenska dómstólakerfisins og er væntanlega ekki ágreiningur um þá lýsingu.

Þá segir ennfremur í álitsgerðinni: „Íslenska dómkerfið er bæði undirfjármagnað og undirmanað, hvað varðar fjölda dómara og fjölda löglærðra aðstoðar-

anna. Ljóst er að hrun íslensku bankanna í október 2008, eftirfarandi greiðslustöðvun þeirra og slitameðferð og gjaldprot margra að stærstu fyrirtækjum landsins, hefur haft í för með sér verulega fjölgun munnlega fluttra dómsmála. Búist er við að sú þróun muni halda áfram enda eru hundruð dómsmála í undirbúningi.“

Þá eru í álitsgerðinni raktar upplýsingar frá Dómstólaráði um fjölda þeirra mála sem slitastjórnir og skiptastjórnir fjármálfyrirtækja hafi vísað til Héraðsdóms

... hæfir dómáttar með sérþekkingu á flestum réttarsviðum

Reykjavíkur tímabilið 1. janúar 2005 til 30. júní 2010. Þar kemur fram að á árunum 2005-2009, að báðum árum meðtöldum, hafi samtals 42 mál af þessu tagi verið þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur en þar af hafi 31 mál verið þingfest á árunum 2008 og 2009. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2010 hafi hins vegar 273 mál verið þingfest.

Þá segir í álitsgerðinni að búist sé við að málum af þessu tagi muni fjölga verulega á síðustu sex mánuðum yfirstandandi árs og að á árinu 2011 megi búast við verulegri

aukningu mála miðað við árið 2010. Þá segir ennfremur að vænta megi þess að dómkerfið muni á komandi árum verða yfirhlaðið af dómsmálum, bæði einkamála og refsímála og að sum þessara mála muni verða mjög umfangsmikil, flókin og tímafrek. Þá segir: „Það er skoðun mín að íslenska dómkerfið sé vegna framangreindra staðreynda og fyrirsjáanlegs framtíðar málafjölda, illa undir það búð (ill prepared) að taka við jafn flóknu og umfangsmiklu máli og hér um ræðir, ekki vegna skorts á faglegri hæfni og metnaði heldur af fjárhagslegum og skipulagslegum ástæðum.“

Að fullyrða að ég hafi sagt að íslenskir dómstólar „geti ekki“ leyst mál af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir er rangt. Að dómstólar séu illa undir það búnir vegna fjárhagskorts, of fárra dómara og aðstoðarmanna, í ljósi þess griðarlega álags sem nú er á dómstólunum og fer vaxandi, er hins vegar að mati undirritaðs rétt. Það veldur mér vonbrigðum að formaður Lögmannafélags Íslands skuli ekki sjá sér fært að taka undir þá ályktun. Eftir að álit mitt var skrifað og lagt fram hafa birst í fjölmiðlum, m.a. frá Dómstólaráði, upplýsingar um stórfellda fjölgun ágreiningsmála vegna gjaldprotaskipta fyrstu níu mánuði ársins og fyrirsjáanlega mikla fjölgun einkamála og refsímála á næsta ári og árum.

Heilbrigðisþjónusta í heimabyggð

Heilbrigðismál

Jón Bjarnason
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi



Öflug heilbrigðisþjónusta er lykillinn að jafnræði byggðarlaga, öryggi þeirra og búsetuskilyrðum. Fram komnar tillögur um stórfelldan niðurskurð í rekstri heilbrigðisstofnana mæta að vonum mikilli andstöðu um land allt. Engum dylst þó að nú þarf að spara í öllum ríkisrekstri.

Það sem deilt er á er ekki síst skortur á samráði og lýðræðislegri umræðu. Stjórnvöld hafa nú til skoðunar hvernig gagnrýni verður mætt og innan ríkisstjórnarinnar er vilji til að koma til móts við framkomna gagnrýni.

Í ályktunum sem borist hafa frá fundum víðs vegar um landið er sérstaklega fundið að því að tillögur um niðurskurð nú séu settar fram án samráðs við íbúa og starfsmenn þeirra stofnana sem þjónustuna veita.

Hér skiptir miklu að árið 2003 voru lagðar niður stjórnir heilbrigðisstofnana sem skipaðar voru fulltrúum sveitarfélaga og starfsmanna.

Það er alls ekki ætlunin að halda því hér fram að ráðgefandi stjórnir hefðu getað komið í veg fyrir allan niðurskurð í heilbrigðiskerfinu en með aðkomu þessara stjórnna hefði mátt finna þeim annan og farsælli farveg þar sem meira jafnræðis hefði gætt milli byggðarlaga. Við sem höfum að undanförunni farið um kjördæmin og fengið heilbrigðisumræðuna beint í æð á heimavelli vitum hvað er í húfi fyrir fólkið og byggðirnar í landinu. Í litlum samfélögum eru tugir starfa í hættu og lakari þjónusta mun

auka á misrétti landsluta og skerða búsetuskilyrði. Við því megum við síst nú um stundir. Þegar þáverandi heilbrigðisráðgjafi lagði stjórnir heilbrigðisstofnana niður árið 2003 var því mótmælt og sá sem hér skrifar benti meðal annars á lýðræðisleg mikilvægi þessara stofnana og mikilvægi þess að halda tengslum stofnananna við umhverfi sitt, neytendur og samfélag. Rök fyrir þessari ákvörðun voru óljós og helst þau að tryggja miðstýringu ráðuneytis í sessi.

Með því sem nú á sér stað eru komnir fram þeir alvarlegu vankantar sem bent var á í umræðunni 2003. Það er því vel að á Alþingi liggur nú frammi tillaga um að endurvekja stjórnir heilbrigðisstofnana og samþykkt þess gæti orðið liður í þeirri sáttagerð sem nú þarf að verða um fyrirkomulag og sparnað á heilbrigðissviði.

Það sem deilt er á er ekki síst skortur á samráði og lýðræðislegri umræðu.

Það sem deilt er á er ekki síst skortur á samráði og lýðræðislegri umræðu.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

FATASKÁPA DAGAR

1.–7. NÓVEMBER!

Í tilefni af 75 ára afmæli AXIS bjóðum við vandaða fataskápa á sérstöku afmælisverði.

- Margar viðartegundir og litir.
- Mikið úrval á lager - skammur afgangslufrestur
- Rennihurðir smíðaðar eftir máli
- Íslensk framleiðsla á góðu verði!

Allar nánari
upplýsingar í síma
535 4300



75 ÁRA
1935-2010



Þjónusta við fatlaða í sveitarfélögum

Sólheimar

Erlendur Pálsson

forstöðumaður atvinnusviðs Sólheima



Nú eru tæpir tveir mánuðir þangað til sveitarfélög taka yfir þjónustu við fatlaða frá ríkinu. Einu svörin sem ég heyri þegar ég ræði við fólk um þessa grundvallarþingbreytingu á málefnum fatlaðra, hvort sem er hjá starfsmönnum sveitarfélaga eða ríkis, á meðal þeirra sem sinna þjónustu við fatlaða og ekki síst á meðal fatlaðra

sjálfr eru „líklega fínt“ eða „líklega slæmt“. Í raun eru þetta mjög eðlileg svör þar sem enginn veit hvað gerist eftir áramót. Ekki er enn búið að birta löginn sem taka eiga gildi um áramót, ekki er búið að semja við sveitarfélög og hvað þá ræða við hina fötluðu sjálfa eða þá sem þeim þjóna.

Það eina sem virðist vera öruggt er að þessu kerfi verður umturnað hvað sem hver segir, þó ekkert sé orðið ljóst um afleiðingar breytinganna. Öll þjónusta er í óvissu en hættan er áberandi á meðal sjálfseignarstofnana eins og Skálátúns, Sólheima og fleiri, sem við fyrirhugaðar breytingar falla inn

“Færri virðast gefa því raunverulegan gaum hvernig íbúar staðarins dafna og þroskast

undir væng sveitarfélaga sem eru misburðug til að þjóna svo stórum þjónustukjörnum fyrir fatlaða. Sem dæmi á Árborg að þjóna 43 einstaklingum frá Sólheimum en þjónar í núverandi kerfi 23 einstaklingum. Þessir einstaklingar sem búa á Sólheimum eru fæddir

út um allt land og hafa búið mislengi á staðnum. Margar spurningar brenna á starfsfólki Sólheima vegna þessara breytinga en sú fyrsta er einfaldlega hvort Árborg treystir sér yfir höfuð til að standa á bak við rekstur Sólheima, en eins og fram hefur komið í fréttum er sveitarfélagið síður en svo fjárhagslega burðugt.

Staðan fyrir íbúa á Sólheimum er í dag alger óvissa. Það eru svo sem ekki nýmæli því ef rýnt er í söguna má sjá að misvitrir embættismenn hafa allt frá stofnun Sólheima fyrir 80 árum haft ýmislegt á hornum sér gagnvart því starfi sem þar er unnið, hvort

sem það snýr að mataræði íbúa, blönduðu samfélagi fatlaðra og ófatlaðra, tískusveiflum í aðferðafræði varðandi þjónustu við fatlaða eða bara einföldum hrepparíg. Færri virðast gefa því raunverulegan gaum hvernig íbúar staðarins dafna og þroskast, eða hvernig þeim líður.

Verði af flutningum á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga óttast íbúar Sólheima að örfáir einstaklingar innan lítils sveitarfélags geti með geðþóttaákvörðunum rústað þeirri uppbyggingu sem þar hefur verið unnin í anda Sesselju Sigmundsdóttur, stofnanda Sólheima.

AF NETINU

Finnska kerfið



Þegar kemur að þrískiptingu valdsins getum við Íslendingar dregið lærdóm af öðrum ríkjum. Við gætum til að mynda tekið finnska kerfið okkur til fyrirmyndar. Í Finnlandi er svokallað „hálf“ forsetaræði. Það þýðir að forsetinn er mun valdameyri en sá íslenski en þó ekki á við þann franska eða bandaríska. Þannig er finnska kerfið ólíkt þingræðisríkjum vegna valda þjóðhöfðingjans en á sama tíma sker það sig frá forsetaræðisríkjum vegna þeirrar ábyrgðar sem framkvæmdarvaldið ber gagnvart þinginu, þrátt fyrir að vera aðskilið því.

Vísir.is

Margrét Cela

Tilgangur líknarfélaga



Formaður ÖBÍ sagði tillöguna hafa verið fellda vegna þess að hún væri „ekki viðeigandi og samræmdist ekki baráttumálum bandalagsins...“ Ef lífskjör öryrkja og aðbúnaður kemur ÖBÍ ekki við þá spyr maður sig um tilgang og starf samtakanna?

vísir.is

Guðjón Sigurðsson


Ráðgjafarþjónusta í skuldamálum einstaklinga

Við opnum sérhæfða ráðgjafarþjónustu — fyrir einstaklinga í greiðsluvanda

Við munum á næstu mánuðum hringja í þá viðskiptavini sem eiga í verulegum greiðsluvanda vegna húsnæðislána og vinna að lausn þeirra mála með **Ráðgjafarþjónustu Arion banka** í Garðabæ. Þegar hefur Arion banki aðstoðað um 14.000 viðskiptavini í greiðsluvanda.

Til að koma til móts við viðskiptavini okkar í greiðsluvanda höfum við nú opnað ráðgjafarþjónustu í skuldamálum einstaklinga. Þar höfum við safnað saman á einn stað helstu sérfræðingum úr öllum útibúum okkar á höfuðborgarsvæðinu.

- Ráðgjafarþjónusta Arion banka í skuldamálum einstaklinga er á 2. hæð við útibú bankans við Garðatorg 5 í Garðabæ.
- Viðskiptavinir geta eftir sem áður einnig farið í útibú bankans og fengið ráðgjöf um þær lausnir sem í boði eru.
- Hver viðskiptavinur fær sinn eigin ráðgjafa sem vinnur með honum allt ferlið og fylgir málum hans eftir.
- Við ætlum að leggja okkur fram við að finna lausn sem hentar hverjum og einum og hrinda henni í framkvæmd.
- Okkar markmið er að allir, sem við getum hjálpað, hafi fengið lausn sinna mála innan nokkurra mánaða.



Opið verður í dag, laugardaginn 6. nóvember, kl. 11:00- 15:00.

— Verið velkomin

Ráðgjafarþjónusta Arion banka í skuldamálum einstaklinga er opin alla virka daga klukkan 9:00–16:00. Viðskiptavinir geta komið í heimsókn, hringt í 444 7000 eða sent okkur tölvupóst á netfangið radgjafathjonusta@arionbanki.is

Arion banki



TAKTU VEL
Á MÓTI
SÖLUFÓLKI
OKKAR



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Starlight

hágæða útiseriur
**VARIST
EFTIRLÍKINGAR**
100%
vatnsheld

Starlight
20%
afsláttur
aðeins um helgina



JÓLIN Á LAE

Brjálað verð um helgina!

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR*

10 ltr.
4.495,-

Innimálning
Góð veggmalning innanhúss
Gljástig 10.
7119961

1.990 kr/m²

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR*

Frostþolnar
Mjög sterkar!
Þykkt 8,6 mm

Bílskúrsflísar
3 litir eitt verð
8630030-33

3.980,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR*

tvær rafhlöður

Rafhlöðuborvél, Power Plus
14,4V, 2 rafhlöður, taska
5245309

FRÁBÆR JÓLAGJÖF

LATIBÆR OG JÓLALANDID
í Skútuvogi

Laugardag
kl: 14:00
Solla og Íþróttalaufurinn skemmta krökkunum

kl: 13:00 - 16:00
Allir krakkar fá Latabæjarvatn meðan birgðir endast.



3 stk.
399,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR*

Jólaglós
3 stk. í pakka.
2001438

699,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR*

Eldfast mót
Hvitt 21x13cm.
2009376

2.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR*

Kastari
Design þrefaldur hvítur
6001127

249,-

40 ljósa útisería m/straumbreyti

Innisería
10 ljósa,
marglit, rauð,
glær m/ grænni snúru,
glær m/ hvítri snúru
10237260

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*

999,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*



GRA VERÐI

Grenilengja
20 x 2,74 mtr
2718500

699,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*



989kr/m²

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*



EGGER

Eik 3ja stafa
Plastparket 6mm,
líka til í Hnotu.
Þýsk framleiðsla
146956

Ótúlegt verð!

Líka til í Hnotu

JÓLASERIUR
VERÐ FRA
249,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*

HÚSASMÍÐJAN

Plastparket 989kr/m²

3 Búthúsur 3.980,-

9.900,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*

HÚSASMÍÐJAN

Gíðir 3.-15. nóvember

HÚSASMÍÐJUBLAÐIÐ
ER KOMIÐ ÚT!

Úlpa svört,
herra og dömu
S-XXL
5869857

9.990,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*

FRÁBÆR
JÓLAGJÖF

Fóðruð

Aquatex öndun



990,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*

Eldhúsvog
2 kg. m/ skál
2000136

Kanntu brauð
að baka?

Tekur 750-1000 gr

14.900,-

Brauðgerðarvél
600W
1841103

1.499,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*

Teikniborð
5857488



HÚSASMÍÐJAN

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmíðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma. Húsasmíðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Mjólk og fitusýrur

Mjólk

Porvaldur Gunnlaugsson
náttúrufræðingur



Nýlokið er mjólkurdegi en þá var skólabörnum gefin léttmjólk. Í skólum og leikskólum þar sem ég þekki til er léttmjólk og léttu viðbíti haldið að börnunum. Kálfar sem aldir eru á vítamínþættu fóðri verða kvíðsýðir og slappir í samamburði við kálfa sem ganga undir mæðrum sínum og verða spengilegir og fjörugir.

Hluti skýringarinnar á þessum mun er CLA (Conjugated linoleic acid), olía sem finnst einkum í mjólkurfitu og kjöti jörturdýra sem bíta gras.

Fjöldi rannsókna á mönnum hefur sýnt fram á ágæti CLA, einnig sem forvarnar gegn krabbameini og sykursýki.

Hægt er að kaupa CLA í pillum og fæðubótarefnum en ekki er víst að þar séu náttúruleg hlutföll af þeim ísómerformum sem til eru af CLA.

Sama á við um aðrar ómettaðar fitusýrur, sem í náttúrunni finnast flestar á cis-ísómer formi.

Við iðnaðarherðingu á olíum (smjörliki og djúpsteikingarfeiti) myndast jafnt af cis- og

trans-fitusýrum. Transfitusýrur valda óæskilegri fitusöfnun, eru áhættuþættir hjarta- og æðasjúkdóma og taldar ein skýringin á þeim faraldri þeirra sem gekk yfir síðustu kynslóðir.

Þær eru einnig taldar ein skýringin á þeim offitufaraldri sem geisar í t.d. Bandaríkjunum.

Mest er af CLA í mjólk kúa sem bíta gras en lítið hjá þeim sem aldar eru á korni/kjarnfóðri eins og algengast er orðið í Bandaríkjunum í dag.

Þar er nú reynt að draga í land með þessa þróun og eins eru víða transfitur bannaðar eða skylda að geta um magn þeirra í matvælum.

Því er mikilvægt að standa vörð um náttúrulega landbúnaðarhætti og íslenskt kúakyn sem hefur aðlagast aðstæðum hér og gefur af sér úrvals afurðir.

Börn eiga að fá að njóta þess CLA sem væntanlega er enn í íslenskri mjólk, en þeim á að halda frá smjörliksneyslu.

Opinberir íslenskir næringarráðgjafar hafa mælt með léttmjólk og smjörliksneyslu umfram náttúrulega fitu.

Hef ég ekki heyrt þá draga í land með það, hvað þá biðjast afsökunar á þeim skaða sem líklegt er að það hafi valdið.

Er ekki kominn tími til að þeir standi fyrir máli sínu?



Íslenskir næringarráðgjafar hafa mælt með léttmjólk og smjörliksneyslu umfram náttúrulega fitu. Er ekki kominn tími til að þeir standi fyrir máli sínu?

Stríðið gegn konum sem gleymdist að segja ykkur frá

Mannréttindi

Árni Snævarr

upplýsingafulltrúi hjá Sameinuðu þjóðunum



Fyrir hálfum öðrum áratug stóð heimsbyggðin frammi fyrir voðaverkum á Balkanskaga. Myndir birtust af grindhoruðum föngum í Bosnía og skýrt var frá skipulögðum hópnauðgunum. Heimurinn sagði: við sátum þegjandi hjá Helförinni – slíkt gerist ekki meir.

Um svipað leyti voru voðaverk framin í Afríkúríkjunum Rúanda, þar sem gerð var tilraun til að útrýma minnihlutahóp Tútasa. Heimurinn hreyfði hvorki legg né lið en þegar líkin höfðu verið talin var viðkvæðið enn: Og þetta aldrei aftur.

Þjóðarmorðingjarnir í Rúanda flúðu inn í Kongó og ekki leið á löngu þar til það land logaði í átökum. Um tíma herjuðu átta innrásarherir Afríkúríkja á Kongóbúa. Lítið lát hefur orðið á þeim átökum og fimm og hálf milljón hefur látið lífið og tvö til fimm hundruð þúsund hefur verið nauðgað.

Heimurinn sagði ekki meir í Bosnía, en efndir hafa verið litlar. Álíka fjöldi hefur látið lífið í Kongó og búa í Danmörku en samt hefur verið látið nægja að senda tiltölulega fámennar sveitir frá vanþróuðum ríkjum undir fána Sameinuðu þjóðanna til landsins.

Þó var þess minnst á dögnum að áratugur er liðinn frá því að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti ályktun 1325 til höfuðs kynferðislegu ofbeldi í hernaði. Vesturlönd börðust fyrir samþykki þeirrar ályktunar en hafa

hins vegar verið ófáanleg til að leggja friðargæslu það lið sem nauðsynlegt er í Kongó sem annars staðar. Vesturlönd hafa gagnrýnt friðargæsluliða frá þriðja heims ríkjum réttilega fyrir að þess eru dæmi að varðmenn friðarins hafi sjálfir gerst sekir um kynferðislegt ofbeldi gagnvart þeim sem þeir áttu að vernda.

Friðargæsluliðið í Kongó reyndist heldur ekki hafa bolmagn til að stöðva öldu kynferðislegs ofbeldis þegar nærri þrjú hundruð – bæði konum og körlum var nauðgað á dögnum, ekki allfjarri stöðvum liðsins í austurhluta landsins.

sænskir kvikmyndagerðarmenn, sem fjallað hafa um nauðganir sem vopn í stríði, hafi komist að þeirri niðurstöðu að í Kongó ríki í raun stríð gegn konum.

Sameinuðu þjóðirnar á Íslandi og félög tengd þeim munu í vetur gangast fyrir kvikmyndasýningum um alþjóðamál sem eru í deigluinni í samvinnu við Bío Paradís í Reykjavík. Það er við hæfi að fyrsta myndin sem sýnd verður 8. nóvember, er einmitt afrakstur starfs hinna fyrrnefndu sænsku kvikmyndagerðarmanna um stríðið gegn konum og sameiginlega reynslu kvenna í



Það stríð verður seint stöðvað ef þagnarmúrinn verður ekki rofinn og sýning kvikmyndarinnar Stríðið gegn konum er lítið skref í þá átt.

Samkvæmt umboði Öryggisráðsins ber friðargæsluliðinu að efla stjórnarher Kongó. Margot Wallström, sérstakur erindreki framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um ofbeldi gegn konum, komst hins vegar að því nýlega í Kongó að stjórnarherinn gerist ekki síður sekur um kynferðislegt ofbeldi en uppreisnarmenn og landflotta Hútúar frá Rúanda.

Þetta eru óþægilegar staðreyndir fyrir Vesturlandabúa, sem ekki hafa verið sparir á að senda lið til að skakka leikinn í olíuauðugum ríkjum Miðausturlanda, en eru ófáanlegir til að ljá máls á aðgerðum til að hrinda ályktun 1325 í framkvæmd.

Það er því ekki nema von að

Kongó og Bosnía. Að lokinni sýningu munu sérfræðingar reyna að svara þeim spurningum sem kvikmyndin vekur.

Hvort þeim verður svara auðið, verður að koma í ljós, því eins og kongóski lækurinn og handhafi mannréttindaverðlauna Sameinuðu þjóðanna Denis Mukwege orðar það í myndinni: þá eru engin orð til sem geta lýst þeim hryllingi sem kongóskar konur hafa gengið í gegnum í þessu mannskæðasta stríði sem háð hefur verið í heiminum frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar.

Það stríð verður seint stöðvað ef þagnarmúrinn verður ekki rofinn og sýning kvikmyndarinnar Stríðið gegn konum er lítið skref í þá átt.

Léttari greiðslur - til lengri tíma

Viðskiptavinum með lán í íslenskum krónum hjá Landsbankanum stendur til boða að lengja lánstíma eða breyta greiðslum í jafnar greiðslur og lækka þannig mánaðarlega greiðslubyrði sína til lengri tíma.

Lenging lánstíma

- Upphaflegur lánstími íbúða- og fasteignalána lengdur í allt að 40 ár
- Upphaflegur lánstími annarra lána lengdur í allt að 15 ár
- Fyrir alla sem vilja lækka greiðslubyrði sína

Breyta í jafngreiðslulán

- Greiðslum af láni er haldið jöfnum út lánstímann að viðbættum verðbótum
- Fyrir þá sem eru með lán með jöfnum afborgunum

Við tökum vel á móti þér um land allt.



**SPARIÐ
100.000**



FULLT VERÐ: 199.950,-

99.950,-

CINEMA tungu- og hægindasófi

Einstaklega mjúkur og þægilegur sófi með hægindastól, tungu og borði. Einnig hægt að halla baki þeim megin sem tungan er. Extra breið og þægileg sæti. Skúffa undir miðjusæti. Litur: Ljósbrúnn. Stærð: B300 x D160 sm. Þessi er tilvalinn fyrir fjölskylduna!



GLERÁRTORG 10 ÁRA



Í TILFNI 10 ÁRA AFMÆLIS GLERÁRTORGS
BJÓÐUM VIÐ LANDSMÖNNUM ÖLLUM FRÁBÆR TILBOÐ



YFIRDÝNA
INNIFALIN

**SPARIÐ
20.000**

ST. 90 X 200 SM. FULLT VERÐ: 49.950,-

29.950,-

VERÐ ÁN FÓTA

PLUS B20 DREAMZONE boxdýna

Afbragðsgóð, miðlungsstífl dýna. Í efra lagi eru 250 poka-gormar pr. m² og í neðra lagi eru 150 BONELL gormar pr. m². Innifalið í verði er 4 sm. þykk og góð yfirdýna. Slitsterkt áklæði úr bómull/polyester. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu. Verð á fótum frá: 4.995,-



Dunlopillo

**SPARIÐ ALLT AÐ
6.000**

ÁÐUR ALLT AÐ: 12.950,-

6.950,-

DUNLOPILLO LATEX koddar

Einstaklega góðir koddar fyrir hnacka og háls. 100% náttúrulegt efni.

SOLFRID

sængurverasett

Flott, straufrítt sængurverasett. Efni: 55% polyester/45% bómull. Tölur að neðan. St. 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.



**50%
AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR: 1.295,-

647,-



**50%
AFSLÁTTUR**

7 PÖR ÁÐUR: 1.295,-

647,-

Vikudagssokkar

Flóttir sokkar fyrir hvern dag vikunnar. Stærðir: 23-38. Magn: 7 pör í pakka.



TemprakON®

**SPARIÐ
10.000**

VERÐ ÁÐUR: 34.950,-

24.950,-

TEMPRAKON andadúnsæng

Dúnsængur með byltingarkenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina. Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules (hitafurur) í sig umframhitann og viðhalda þar með réttu hitastigi undir sænginni. Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Sængin er fyllt með 90% af hvítum andadúni og 10% af smágerðu andafíðri. Sængin er astma- og ofnæmisprófuð.



**SPARIÐ
695**

FULLT VERÐ: 1.990,-

1.295,-

Ljósakúla

Falleg ljósakúla með bandi til að hengja upp. 100 ljósa kúla á frábæru verði!



**50%
AFSLÁTTUR**

1 PAR ÁÐUR: 695,-

347,-

Útivistarsokkar

Þykkir og góðir sokkar í útivistina. Stærðir: 40-46.



**RÚMFATA
LAGERINN**

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is
TILBOÐIN GILDA 06.11-07.11



**50%
AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR: 1.995,-

995,-

Form með loki

Gott kökuform með loki og góðu handfangi. Stærð: 33 x 23 sm.

Varð alræmdur í bransanum

Leikstjórinn og fyrrum dauðarokkarinn **Árni Sveinsson** hefur frumsýnt tvær myndir í haust, sem báðar hafa hlotið mikið lof. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við hann um eldskírni í iðnaðinum og vandamálin sem fylgja fámennu samfélagi.

Skemmtilegast fannst mér að heyra hversu margir urðu hissa á því hvað myndin væri löng þegar þeir komu út úr bíó. Það er mjög góðs viti. Sjálfur hef ég oft haft þessa tilfinningu fyrir kvikmyndum, til dæmis *Scorcece*-myndinni *Goodfellas* sem ég sá með mömmu í Austurbæjarbíói þegar ég var fimmtán ára. Við settumst niður klukkan fimm og skyndilega var klukkan orðin átta, en samt var ég alls ekki tilbúinn til að yfirgefa salinn. Hefði viljað sitja yfir myndinni í nokkra klukkutíma í viðbót," segir kvikmyndagerðarmaðurinn Árni Sveinsson. Heimildarmyndin *Með hangandi hendi*, sem Árni gerði um tónlistarmanninn Ragnar Bjarnason, var frumsýnd um síðustu helgi og hefur hlotið frábærar viðtökur.

Fyrr í haust var tónlistarmyndin *Backyard*, sem Árni leikstýrði og hlaut meðal annars fyrstu verðlaun á heimildarmyndahátíðinni *Skjaldborg* í vor, frumsýnd í hinni nýju *Bíó Paradís* við Hverfisgötu. Því er skammt stórra högga á milli hjá kvikmyndagerðarmanninum þessa dagana.

Dauðarokk í Kópavoginum

Árni er fæddur árið 1976. Hann sleit barnsskónum í Kópavoginum og gekk í Snælandsskóla, þar sem ríkti mikill áhugi á dauðarokki í upphafi tíunda áratugs síðustu aldar. Árni fór ekki varhluta af því, söng meðal annars með hljómsveitunum *Condemned* og *Cranium* og segir sig og vini sína hafa haft magna óbeitt á flestri popptónlistinni sem réði ríkjum á þeim tíma.

„En það fyndna var að þegar dauðarokkssveitirnar urðu vinsælar voru þær oft fengnar til að spila með poppsveitum. Við í *Cranium* hituðum til dæmis einu sinni upp fyrir *SSSól* í *Tunglinu* og það var ekki lítil upphæfð fyrir sautján ára gutta þegar *Helgi Björns* yrti á mann, jafnvel þótt það væri bara einföld setning á borð við „Jæja strákar, nú verðum við í stuð!“ segir Árni og hlær. „Áhorfendurnir vissu ekki hvaðan á þá stóð veðrið þegar dauðarokkið skall á þeim, en þetta var mjög skemmtilegur tími.“

Árni reyndi fyrst fyrir sér í kvikmyndagerð þegar fjölskylda hans fór í ferðalag um Búlgaríu rétt við fall kommúnismans, en af því tilefni var keypt vídeótkuvél inn á heimilið.

„Seinna fórum við vinirnir í dauðarokkinu að búa til ofbeldisfullar grínmyndir, dæmigert unglíngadót. Þegar ég byrjaði á myndlistarbraut í *Fjölbraut* í *Breiðholti* (FB) gekk ég í vídeóklúbb skólans og fékk fljótlega áhuga á gerð tónlistarmyndbanda,“ segir Árni, en meðan á náminu í FB stóð og eftir útskrift gerði hann meðal annars slík myndbönd fyrir hljómsveitir á borð við *Maus*, *Stjörnukisa*, *Lhoq* og *Kvartett Jónsson og Grjóna*. „Ég gerði líka myndband fyrir *Prumpulagið* hans *Dr. Gunna*, sem var mjög stórt verkefni,“ segir hann og glottir. „Ég reyndi af veikum mætti að gera hlutina af fagmennsku en í raun og veru hafði ég fyrst og fremst innsæið að leiðarljósi. Ég gerði heilan helling af mistökum, eingöngu vegna þess að ég vissi ekki betur.“

Eldskírni í Kolkraðbanum

Árni tók þá ákvörðun að kanna kvikmyndagerðina á eigin skinni frekar en að læra fagið í skóla og fékk til þess gott tækifæri þegar honum, ásamt sex öðrum ungmennum og þar á meðal *Hrónn*, yngri systur hans, var falið að sjá um þáttinn *Kolkraðban* á *RÚV* veturinn 1998 til 1999.



Á **PRÍKINU** Árni vekur víða athygli fyrir sérstakan stíl í klæðaburði, sem virðist vera sambland úr hinum ýmsu áttum. „Ég veit ekkert hvaðan þetta kemur. Ætli ég sæki ekki áhrifin mest til *Sopranos*-þáttanna,“ segir Árni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þátturinn var á dagskrá alla virka daga og við sáum um alla hliðar dagskrárgerðarinnar, upptökur, klippingu og þar fram eftir götunum. Þetta var magasínþáttur fyrir ungt fólk, en átti upphaflega að vera tónlistarþáttur samkvæmt hugmynd minni og *Hrannar*. Nokkrum árum fyrr hafði ég byrjað að starfa sem plötusnúður, þegar ég kynntist tónlist sem var lítið spiluð á skemmtistöðum hér á Íslandi, til að mynda fönki, sálartónlist og tripphopp, og víðaði að mér miklu magni af plötum. Þess má geta að ég var fyrsti plötusnúður *Kaffibarsins*, en fram að því höfðu gestir staðarins neyðst til að hlusta á geisladiskinn með tónlistinni úr *Pulp Fiction* aftur og aftur,“ segir Árni og skellir upp úr. Hann grípur enn í plötusnúðastarfið við og við og slumpar á að plöturnar í safni sínu séu eitthvað í kringum sjö þúsund talsins.

Umdeild Íslensk kjötsúpa

Árni og *Hrónn* urðu í kjölfarið samstarfsfélagar og unnu saman að ýmsum verkefnum, ekki síst þegar *Skjár* einn fór í loftið rétt fyrir aldamótin. Árni gerði meðal annars þáttaröðina *Pétur og Pál* ásamt *Sindra Kjartanssyni*, og *Hrónn* bættist í hópinn við gerð þáttanna *Íslensk kjötsúpa*, en í þeim vakti *Erpur Eyvindarson* mikið umtal sem hinn kjaftfori *Johnny National* sem spurði íslenskan almenning nærgöngulla og misgáfullegra spurninga.

„Gerð þáttanna um *Johnny National* tók á. Við ferðumst um allt land, unnum sleitulaust og eftir túrinn var svo komið að við gátum varla talað saman lengur. En það jafnaði sig með tímanum og við *Erpur* erum bestu vinir í dag,“ segir Árni.



„Ég var fyrsti plötusnúður *Kaffibarsins*, en fram að því höfðu gestir staðarins neyðst til að hlusta á geisladiskinn með tónlistinni úr *Pulp Fiction* aftur og aftur.“

„Það síðasta sem ég gerði hjá *Skjá* einum var að stinga upp á þætti sem ég vildi ólmur gera, *Poppunkti*, en í hugmyndavinnunni var gert ráð fyrir að *Dr. Gunni* og *Arnar Eggert Thoroddsen* tónlistargagnrýnandi yrðu umsjónarmenn. Sá þáttur fór þó ekki í loftið fyrr en löngu síðar og án minnar þátttöku. Hann var gerður á annarra forsendum og gekk vel sem slíkur. Þá stóð ég hins vegar í miðju erfiðu dómsmáli vegna heimildarmyndarinnar í skóm dregkans.“

Aðför að tjáningarfrelsinu

Í skóm dregkans fjallar um þátttöku *Hrannar*, systur *Árna*, í keppninni *Ungfrú Ísland.is* árið 2000. Myndin vakti deilur og varð kveikjan að málshöfðun, þegar margir þátttakenda keppinnar héldu því fram að þeir hefðu verið grunlausir um að verið væri að mynda þá og aðstandendur keppinnar fóru fram á lögbann.

Árni segir það einungis hafa verið átyllu þegar forráðamenn keppinnar uppgötvuðu að þeir fengu ekkert að segja um gerð myndarinnar. Málinu lauk með dómsátt og neyddust Árni og *Hrónn* til að rugla andlit nokkurra keppenda til að þeir þekktust ekki.

„Ég vil meina að þetta mál hafi verið eitt það stærsta sinnar tegundar sem komið hefur fram á Íslandi því þetta var aðför að tjáningarfrelsinu. Við fengum ekki þann stuðning sem við væntum frá ýmsum aðildarfélögum á borð við *Rithöfundasambandið*, *Samband Íslenskra kvikmyndaframleiðenda* og fleiri, því þau þorðu ekki að taka slaginn. Fólk í bransanum vildi ekki veðja á okkur, *krakkaffilín*,“ segir Árni.

Hann segir smæð samfélagsins hafa gert það að verkum að systkinin urðu

nánast alræmd í kjölfar málsins og við hafi tekið erfiður tími fyrir þau bæði. Bæði fluttu þau til *Bandaríkjanna*, *Hrónn* í nám til *New York* og *Árni* til *Washington*, þar sem hann starfaði sem klippari í tæplega ár.

„Þegar ég kom heim frá *Bandaríkjunum* var ég ekkert viss um að ég myndi nokkurn tímann gera aðra mynd. Ég vann töluvert sem aðstoðarmaður við kvikmyndir og var með ýmis verkefni í burðarliðnum sem aldrei varð neitt úr. Ég fann mjög vel fyrir því að traustið á mér var ekki mikið og í að minnsta kosti tveimur tilfellum neyddist ég til að draga mig út úr verkefnum til að þau fengu brautargengi. Ég var líka mikið að plötusnúðast og í raun var ég bara voðalega mikið fullur, sem þótti ekki mjög traustvekjandi, skiljanlega. Ég var á skilríði, en fékk séns og hef nýtt mér hann til hins ítrasta.“

Gerir mynd um mömmu

Í vetur hyggst Árni vinna að heimildarmynd um móður sína, *Sigrúnu Hermannsdóttur* bóksala, og ákveðið atvik í hennar lífi, sem hann ráðgerir að leggja lokahönd á í vor. Þá hefur honum verið falið að gera vikulega þætti um íslenska tónlist sem hefja göngu sína á sjónvarpsstöðinni *INN* á fimmtudagskvöldið næsta. *Kristján Freyr Halldórsson*, trommari rokksveitarinnar *Reykjavík!*, verður umsjónarmaður þáttarins, sem ber heitið *Rokk* og tja tja tja og er þátturinn framleiddur að undirlagi *Félags tónskálda* og textahöfunda (*FTT*) í samvinnu við *INN* og ýmsa kostunaraðila.

„Svo er ég líka að skrifa handrit að tveimur leiknum bímyndum og sjónvarpsþáttaseríu, svo það er nóg að gera,“ segir Árni að lokum.



HEIMASÍMI



GSM



INTERNET

Tal

**EKKI LÁTA
SÍMAFÉLAGIÐ ÞITT
SEGJA ÞÉR HVAR
ÞÚ ÁTT AÐ SPARA.
HJÁ OKKUR
RÆÐUR ÞÚ.**

KOMDU Á TAL.IS, HAFÐU SAMBAND Í 1817 EÐA KÍKTU Í KAFFI Í NÆSTU VERSLUN
OG SEGÐU OKKUR HVERNIG ÞJÓNUSTU ÞÚ VILT OG HVAÐ ÞÚ VILT BORGA. ÞÚ RÆÐUR.

MINNA BRUÐL. MEIRA TAL.

Harðræði hefur hert þorskinn

Með erfðafraeði- og vistfræðilegum aðferðum er reynt að meta hversu vel þorskur getur staðið af sér loftslagsbreytingar. Mikilvægi hans fyrir efnahag fjölda þjóða er gríðarlegt og svo hefur það verið um aldir og eru engar fréttir fyrir Íslendinga. Þorskurinn leikur stórt hlutverk í sögu og menningu þeirra þjóða sem hann hafa nýtt, eins og Svavar Hávarðsson komst að.

Hópar vísindamanna frá löndum við Norður-Atlantshaf einbeita sér að rannsóknum á þorsksins. Þeir horfa mörg þúsund ár aftur í tímann til að svara þeirri spurningu hvernig þorskurinn er undir það búinn að mæta breytingum í vistkerfi sínu vegna loftslagsbreytinga. Sagan kennir að þorskurinn sé ágætlega búinn til að mæta þeim breytingum sem hlýnun jarðar mun nær óumflýjanlega hafa.

Þeir sterkustu lífa

Af þeim dýrum og jurtum sem við þekkjum til var aðeins lítill hluti kominn fram fyrir síðustu ísöld. Aðeins harðgerðustu dýrin, og þau sem höfðu mesta aðlögunarhæfni, lifðu af harðindaskeiðin þegar ís haldi meirihluta jarðkringunnar. Lífa á landi hefur verið kortlagt af nokkurri nákvæmni en það sama verður ekki sagt um hafid.

„Það er sáralítið af steingervinum til að staðsetja einstakar fisktegundir. Sérstök skilyrði þarf til varðveislu af þessu tagi og sérstaklega lítið er til af steingerðum fiskum úr sjó,“ segir Geir Ottesen, sérfræðingur á norsku Hafrannsóknastofnuninni.

Geir segir þorskinn hafa þolað harðræði ísaldarinnar vel. Hann var að finna um allt Atlantshafið, bæði fyrir og á meðan ísaldarskeiðið var hvað harðast fyrir um tuttugu þúsund árum. Spurningin er hvernig hægt er að meta hvaða áhrif breytingar í vistkerfinu hafa þegar heimildir eru af skornum skammti. Aðferðin felur í sér að kortleggja genaupbyggingu þorskstofnanna og byggja upp líkan af líklegum vistfræðilegum aðstæðum í fortíðinni. Hvað þorskurinn varðar er teiknað upp hvar yfir höfuð var sjór. Norður-Atlantshafið var aðeins fjórðungur þess sem það er í dag. Talið er að sjávarborð hafi verið 130 metrum undir því sem við þekkjum.

Norska Hafrannsóknastofnunin er aðeins einn vettvangur rannsókna á þorskinum í þessu tilliti. Annar hópur vísindamanna starfar að því að rannsaka loftslagsbreytingar með tilliti til áhrifa á þorskin og iðnað norðlægra ríkja sem á þessum undrafiski byggir. Hópurinn, NCoE, starfar undir norræna rannsóknarráðinu (NordForsk) sem er sjálfstæð norræn stofnun sem styrkir rannsóknarstarf og vísindamentun á Norðurlöndum. Þar er lögð þverfagleg mælistika á rannsóknarspurninguna um þróun þorsksins.

Ísland

Í þessu samhengi má koma fram að viðamikil erfðafraeðileg rannsókn Einars Árnasonar, prófessors við Háskóla Íslands, bendir til


■ UNDRASKEPNA SEM ENGINN GETUR VANIÐ SIG AF

■ Þorskur er straumfluga fiskur, kjafstór og með skeggþráð á höku. Fiskurinn notar skeggþráðinn til að leita að fæðu á sjávarbotni. Bakugar þorsks eru þrjár og raufaruggar tveir, eyruggar eru stórir og rákin er mjög greinileg.

■ Hrygning þorsks við Ísland hefst venjulega síðari hluta mars og er lokið í byrjun maí. Hún fer fram á um 50-100 metra dýpi miðsævis og getur fjöldi eggja verið frá hálfri milljón upp í tíu til fimmtán milljónir.

■ Sýnt hefur verið fram á að vöxtur þorsksins er háður stærð loðnustofnsins á hverjum tíma. Meðalþyngd fjögurra til sex ára þorsks er allt að 25 prósent minni þegar loðnustofninn er í lægð miðað við ástandið þegar loðnustofninn er stór.

■ Afraeningjar þorsksins eru margir. Seiði verða fyrir ásókn smáfiska og sjöfugla og fullorðinn þorskur er eftirsótt fæða hjá sel og hvólum, einkum háhyrningi en einnig stórfiskum eins og hákarli.



■ Smáþorskur étur fyrst og fremst hryggleysingja af ymsu tagi svo sem ljósátu, marflær og rækju. Þegar þorskurinn stækkar fer hann að éta fiskmeti og er loðna og síli þar langmikilvægust. Stærri þorskur sækir í auknum mæli í stærri bráð af fiskakyni, svo sem karfa, smáþorskur, skrápflúru, kolmunna, ýsu og síld.

■ „... saltaður þorskur lá útfluttur fyrir framan litlausa og þéttvaxna kaupmennina og vakti með þeim löngun til að komast burt, ferðast.“
Emile Zola, „Le Ventre de Paris“, 1873

■ Franska orðið yfir þorsk, morue, gaf Atlantshafsporskinum síðari hlutann af hinu latneska nafni hans. Á 19. öld þýddi morue vændiskona í Frakklandi. Fræðiheiti: Atlantshafsporskur (Gadus morhua).

■ „Lifið er saltfiskur.“
Halldór Kiljan Laxness.

■ Nafnið þorskur þýðir þurrfiskur.

■ „Við borðum ekki peninga.“
Úlfar Eysteinnsson matreiðslumeistari spurður af hverju Íslendingar borða lítið sem ekkert af þorski.

■ Ekki vitað um uppruna enska orðsins cod (þorskur). Á miðaldensku þýddi cod skjóða eða poki og því einnig pungur. Kyllinn sem menn báru við klofið á 16. öld til að kynfæri þeirra sýndust tilkomumeiri kallaður codpiece – þorskbíti.

að þorskurinn á íslensku grunnslóðinni sé sérstök arfgerð. Önnur arfgerð sé djúpsjárþorskurinn. Þar spyrja menn sig hvort veiðiálag á grunnslóðinni ógni stofninum sem þar lifir; að það geti haft áhrif á erfðasamsetningu stofnsins hvernig veiðarnar eru stundaðar.

Ísöld


Síðustu ísöld lauk fyrir um tíu þúsund árum en hún hafði staðið yfir í um 2,8 milljónir ára. Þegar jökullinn var sem mestur á norðurhveli jarðar teygði hann sig langt suður til Þýskalands og í Norður-Ameríku lá jökulröndin við vötnin miklu, þar sem nú eru landamæri Kanada og Bandaríkjanna. Ísland lá undir þykku jökuls á þessum tíma.

Gadiform-fiskar (þorskfjölkskyldan) finnast fyrst sem steingervingar fyrir um 40-50 milljónum árum. Þessir fiskar voru óásjálægir botnfiskar á djúpsævi. Kólnun og lækkanði sjávarborð opnuðu dyrnar fyrir þróun þorsksins eins og við þekkjum hann í Norður-Atlantshafinu. Eystri hlutinn einangrast frá hlýrri hafsvæðum og þorskfiskar birtast fyrst þar sem ráðandi fiskitegundir.

Þorskurinn er á meðal fárra fiska sem eiga tegundarupphaf sitt á landgrunninu við Norður-Atlantshafið. Frá upphafi sínu við Norðursjóinn dreifast þeir svo til Íslands, Grænlands, Labrador og Nýfundnaland og svo suður á bóginn í hinum

■ ÞORSKURINN SETUR MARK SITT Á MARGT

- Á Alþingi 1592 var Jóni lögmanni Jónssyni falið að bera upp fyrir ríkisráði að fá innsigli handa landinu. Á innsigliinu er húsáður þorskur með kórónu yfir og ártalinu 1593 til hliðar, en umhverfis í boga er lettrað SIGILLUM INSVLÆ ISLANDIÆ (innsigli eyjarinnar Íslands).
- Frá og með árinu 1820, þegar konungsljón Norðs hvarf úr sameiginlegu skjaldarmerki danska ríkisins, voru merki Íslands, Grænlands og Færeyja sett í staðinn. Þar var íslenski þorskurinn nýst til hægri, fluttur, silfurlitur á hárauðum grunni og gyllt kóróna yfir.
- Íslenski skjaldarmerkiþorskurinn var látinn víkja úr danska ríkisskjaldarmerkinu, en í staðinn kom fálkinn sem tákn Íslands. Á síðari hluta 19. aldar var hafinn áróður fyrir því að hætta að nota þorskerkið sem tákn landsins, en nota í þess stað hvítan fálka á bláum grunni.



Árið 1815 var fyrsta kaupstaðarinnisgli Reykjavíkur formlega tekið í notkun. Það var teiknað af Hans von Frisach, dönskum mælingarmanni, að undirlagi Sigurðar Thorgrimsen land- og bæjarfógeta. „Innsiglið sýnir mann í hversdagsbúningi tómt húsmanna þeirra tíðar. Heldur hann á krókstaf í annari hendi en Merkúrmerkið, tákn verslunar í hinni. Þá sést á skipsstafn annars vegar við manninn en þrjú flatta þorska hins vegar. Við fætur hans er hálslangur fugl með umgjörð úr kaðli og í baksýn er eyja eða nes. Í ramma utan um myndina stendur: SIGILLUM CIVITATIS REYKJAVIKAE. Þetta innsigli var merki Reykjavíkur allt fram til ársins 1957.“

svala strandsjó við austurströnd Bandaríkjanna. Þetta er því sviðið þar sem nútíma þorskfiskar proudust fyrir fimm til tíu milljónum ára og urðu síðar ráðandi tegundir á grunnslóð.

Fiskur fangaður í körfur

Þorskstofninn við Nýfundnaland og Labrador, norðurstofninn svokallaði, var líklega stærsti þorskstofni í heimi, en frá árinu 1992 hefur verið í gildi svo til algjört veiðibann og

● ● ● Þorskurinn og Íslendingar

„Þorskurinn sneri landflotta fólk heim aftur, drykkfellum sneri hann frá villu síns vegar. Hann kallaði til sín alla af atvinnuleysisrá, ungmæður frá bleyjuþvotti og börn úr skóla.“

Hann tæmdi dansstaði og öldurhús, leikhús og bíó. Saumaklúbbar lögðust niður vikum saman. Menningin gjörvöll laut þorskinum í þrotlausu striti. Nætarnar urðu styttri og styttri, vakan lengri og lengri. Og fólk sem hafði ekki einu sinni málungi matar fyrir nokkrum vikum, stóð allt í einu á kafi í þorski og hafði ekki einu sinni tíma til þess að gera það upp við sig, hvað það ætti nú að gera við aurana sem það fengi.“
Vísir. 11. maí 1970.

aðeins málamyndakvótar verið gefnir út síðustu ár. Ástæðan er einföld; þorskstofninn hrundi á tiltölulega stuttum tíma. Strandveiðimenn og stærstur hluti vísindasamfélagsins í Kanada segja ástæðuna gegndarlausu rányrkju alþjóðlegs flota sem veiddi gifurlegt magn þorsks um áratuga skeið, áður en fiskveiðilögsaga Kanada var færð út í 200 mílur.

Sökinn liggur þó einnig að þeirra mati í togveiðum Kanadamanna sjálfra eftir að alþjóðlegi flotinn hafði horfið af miðunum; kanadísku togarnir veittu stofnnum náðarhöggið.

Aðrir, þar á meðal íslenskir fiskifræðingar, hafa bent á að ástæðan fyrir hrúni stofnsins hafi verið lífræðilegs eðlis. Öll rannsóknargögn bendir til að stofninn hafi verið á hungurmörkum vegna skyndilegra umhverfisbreytinga. Á sama tíma var haldið aftur af veiðum og fiski fjölgaði, fæðubúrið tæmdist, náttúran greip í taumana og stofninn féll úr hor.

Í Kanada standa nú yfir rannsóknir á því hvort ofveiðin hafi breytt erfðamengi stofnsins og leitað skýringa á því að stofninn hefur ekki rétt úr kútnum eftir nær tuttugu ára veiðibann. Hrun þorskstofns hefur þó orðið fleirum að yrkisefni þótt nálgunin sé allt önnur (og umdeildari).

Ævisaga þorsksins

Bandaríski blaðamaðurinn og rit höfundurinn Mark Kurlansky sendi árið 1997 frá sér bókina Ævisaga þorsksins. Í undirtitli bókarinnar fullyrðir hann að þorskurinn sé sá fiskur sem breytt hafi heiminum. Í bókinni leitast hann víða fanga til að renna stóðum undir þessa fullyrðingu „...og í leiðinni stillir hann sögu Íslands í alþjóðlegt samhengi betur en áður hefur verið gert.“

FRAMHALD Á SÍÐU 28



65,5 milljón ár: Nýlföld hefst við útrýmingu risaeðlanna.
50 milljón ár: Fyrstu vísbendingar um þróun þorskfiska (Gadiform).
1,4 milljón ár: Fornsteinöld hefst.

150 þúsund ár: Homo sapiens kemur fram sem tegund á meginlandi Afríku. Talið er að maðurinn hafi ekki verið kominn lengra en til Miðausturlanda fyrir um 100 þúsund árum.

Allir stóru þorskstofnarnir eru taldir skyldir en hafi klofnað erfðafraeðilega. **75-150 þúsund ár:** Íslenski og kanadíski þorskstofninn skiljast að. **50-85 þúsund ár:** þorskstofnar við Grænland og Kanada skiljast að.

Jesús frá Nasaret fæðist (4 f.kr.- 6. e.kr.) Frásögn úr Jóhannesarguðspjalli segir frá því er Jesús mettaði þúsundir manna með tveim fiskum og fimm brauðum. Í íslensku kallast sneiðarnar í þorskstykkinu kristfiskstykki.

Veiðar á þorski úr Norður-Atlantshafi hafa dregist saman úr 3,9 milljónum tonna árið 1968 í um 840 þúsund tonn árið 2005. **Árið 1981** var þorskafla Íslendinga í hámarki, um 460 þúsund tonn. Nú er veitt um 130 þúsund tonn af þorski á ári.

SAMSUNG**SETRID**

TURN ON TOMORROW

Það er SAMSUNG sem mótar nýju gæðastaðlana,
aðrir framleiðendur fylgja. Fjárfestu í fyrirliðanum!

ÓTRÚLEG UPPLIFUN!

NÝTT!!

HyperReal 3D engine
– Ný upplifun heima í sófa

NÝTT!!

LED skjá tækni
Tækið er örþunnt og eyðir minna rafmagni

NÝTT!!

Gervihnattamóttakari og
háskerpusjónvarpsmóttakari

NÝTT!!

Upptaka úr sjónvarpi á minnislykli
eða flakkara

NÝTT!!

Fullkominn Internet aðgangur
(Facebook, Twitter, YouTube)

Fullkomin samskipti við önnur tæki
í gegnum USB – flakkara, myndavél, MP3

Fjögur HDMI tengi tryggja
einfalda tengingu við nýjustu tæki

UE40C8705XS

ÖRÞUNNT 3D LED SJÓNVARP

Upplausn: Full HD 1920 x 1080 /
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) / Skerpa:
Mega Dynamic Contrast (hæsta stig
skerpu) / 200hz Motion Plus mýkri
hreyfing og enginn draugur / Tengingar:
USB 2.0, HDMI x 4, Component, SCART
x 2, PC (VGA D-sub), AV, S-Video /

Burstað stál í ramma

VERÐLÆKKUN:

// 40" – 379.900 kr.

Áður: 399.900 kr.

// 46" – 489.900 kr.

Áður: 499.900 kr.

**32" LCD sjónvarp**

LE32C455E1W

Nýtt!! Háskerpusjónvarpsmóttakari / **Nýtt!!** USB afspilun af
minnislykli eða flakkara / Fullkomin samskipti við önnur tæki
s.s. flakkara, myndavél og MP3 í gegnum USB / Upplausn:
HD 1366x768 / Tengingar: USB 2.0 HDMI x 3, SCART

VERÐLÆKKUN: 32" – 119.900 kr.
Áður: 129.900 kr.

**40" LCD sjónvarp**

LE40C575J1S

Nýtt!! Gervihnattamóttakari og háskerpusjónvarpsmóttakari
/ **Nýtt!!** USB afspilun af minnislykli eða flakkara
/ **Nýtt!!** All Share – Skoðuðu td. ljósmyndir úr tölvunni þinni
og spilaðu tónlist / Upplausn: Full HD 1920 x 1080
Tengingar: USB 2.0 HDMI x 4, Component, SCART

VERÐLÆKKUN: 40" – 179.900 kr.
Áður: 199.900 kr.

**42" Plasma sjónvarp**

PS42C455B1W

Nýtt!! Háskerpusjónvarpsmóttakari / **Nýtt!!** USB afspilun af
minnislykli eða flakkara / Upplausn: HD 1024x768
/ 600Hz Sub-field Motion

VERÐLÆKKUN: 42" – 159.900 kr.
Áður: 239.900 kr.

**Örþunnt 32" LED sjónvarp**

UE32C4005PW

Nýtt!! LED skjá tækni. Tækið er örþunnt og eyðir minna
rafmagni / **Nýtt!!** Háskerpusjónvarpsmóttakari / **Nýtt!!** USB
afspilun af minnislykli eða flakkara / **Nýtt!!** All Share –
Skoðuðu td. ljósmyndir og tónlist úr tölvunni þinni /
Fullkomin samskipti við önnur tæki s.s. flakkara, myndavél,
MP3 í gegnum USB / Fjögur HDMI tengi tryggja einfalda
tengingu við nýjustu tæki / Upplausn: HD 1366x768

VERÐLÆKKUN: 32" – 159.900 kr.
Áður: 189.900 kr.

**Örþunnt 40" LED sjónvarp**

UE40C6005US

Nýtt!! LED skjá tækni. Tækið er örþunnt og eyðir minna rafmagni
/ **Nýtt!!** Gervihnattamóttakari og háskerpusjónvarpsmóttakari
/ **Nýtt!!** USB afspilun af minnislykli eða flakkara / **Nýtt!!** All
Share – Skoðuðu td. ljósmyndir og tónlist úr tölvunni þinni
/ Fullkomin samskipti við önnur tæki s.s. flakkara, myndavél,
MP3 í gegnum USB / Fjögur HDMI tengi tryggja einfalda tengingu
við nýjustu tæki / Upplausn: FULL HD 1920x1080 / Skerpa: Mega
Dynamic Contrast – Hæsta stig skerpu / 100HZ Motion Plus

VERÐLÆKKUN: 40" – 239.900 kr.
Áður: 279.900 kr.

**50" Plasma sjónvarp**

PS50C455B1W

Nýtt!! Háskerpusjónvarpsmóttakari / **Nýtt!!** USB afspilun af
minnislykli eða flakkara / Fullkomin samskipti við önnur
tæki s.s. flakkara, myndavél og MP3 í gegnum USB
/ Upplausn: HD 1024x768 / 600Hz Sub-field Motion
/ Tengingar: USB 2.0 HDMI x 3, Component, SCART,
PC (VGA D-sub), AV, S-Video

VERÐLÆKKUN: 50" – 209.900 kr.
Áður: 259.900 kr.

SAMSUNG SETRID · SÍÐUMÚLA 9 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÓÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

SJÓNVÖRP · HLJÓMTÆKI · HEIMABÍÓKERFI · DVD & BLU-RAY SPILARAR · MYNDAVÉLAR · UPPTÖKUVÉLAR · FARTÖLVUR · PRENTARAR
TÖLVUSKJÁIR · FJÖLNOTATÆKI · SKJÁVARPAR · KÆLISKÁPAR · ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · UPPÞVOTTAVÉLAR · BÖKUNAROFNAR
HELLUBORD · RYKSUGUR · ÖRBYLGJUOFNAR · GSM SÍMAR OG FYLGIGHLUTIR



FRAMHALD AF SÍÐU 26

eins og segir í formála þýðandans, Ólafs Hannibalssonar, en bókin kom út á Íslandi árið 1998.

Kurlansky og Ólafur skoða þorskin út frá allt öðrum forsendum en vísindamenn sem hér hafa verið nefndir til sögunnar.

Hinn lífseigi þorskur

Þorskurinn er ein lífseigasta lífvera sjávarins. Þorskurinn framleiðir eggjahvítefni sem gegnir svipuðu hlutverki og frostlögur og veldur því að fiskurinn þolir hitastig undir frostmarki. Hann er frjósamur, ónæmur fyrir sjúkdómum og kulda, nærast á öllu sem gefst og fer ferða sinna á grunnsvævi nærri ströndum. Hentugri fisk til verslunarvöru er vart hægt að hugsa sér. Auk þess að vera eftirlæti matgæðinga er hann auðveidanlegur sökum græðgi sinnar.


Frjósemisveran

Hrygna sem er um metri að lengd getur gefið af sér þrjár milljónir eggja í goti. 25 sentimetrur stærri fiskur getur skilað margföldum þeim fjölda eggja. Þorskur getur orðið tuttugu eða jafnvel þrjátíu ára gamall, en það er stærðin sem ræður frjóseminni fremur en aldurinn. „Það hefur verið reiknað út að aðeins tæki þrjú ár að fylla hafið, svo að hægt væri að ganga þurrum fótum yfir Atlantshafið á þorskhyggjum, ef allt hrognaklak gengi áfallalaust fyrir sig og hvert einasta hrogn næði fullum þroska,“ skrifaði Alexandre Dumas í riti sínu frá 1873, Le Grand Dictionnaire de cuisine. Ýkt auðvitað, en dregur ekki úr þeirri staðreynd að fáa þorska þyrfti til að halda við stofninum ef afföllin væru ekki 99,99 prósent.

Landafundur

Fyrir um það bil tólf hundruð árum undu víkingar upp segl og lögðu á

ÚTBREIÐSLA ÞORSKS Í HEIMINUM



hafið út frá ströndum Noregs. Þeir könnuðu Norður-Atlantshafið rækilega næstu 300 árin og uppgötvuðu Ísland, Grænland og Norður-Ameríku. Sennilega er það engin tilviljun að einmitt á þessum slóðum eru heimkynni Atlantshafsþorsksins, skrifar Kurlansky og spyr: Hvernig dugðu þeim vistir á ferð þeirra áfram til Marklands og Vínlands, þar sem þeir þorðu ekki inn á land til að safna fæðu, en höfðu samt nægan mat til heimferðar? Hvað átu þessir norrænu menn í þeim fimm leiðingrum til Ameríku á árunum 985-1011, sem getið er um í sögum?

Trúin á þorskinn

Með vaxandi valdi páfans var miðaldakirkjan fær um að fyrirskipa föstur. Á slíkum dögum var bannað að stunda kynlíf og borða kjöt, en kaldur matur var þó leyfilegur.

Til „mögru daganna“ töldust allir föstudagar af því að Kristur var krossfestur á föstudegi, og fjóru tíu dagar á páskaföstu, auk ýmissa annarra daga í tímatali kirkjunnar. Í heild var kjötát í heittrúuðustu löndum kirkjunnar bannað nærri helming allra daga ársins og þessir mögru dagar urðu loks saltfiskdagar. „Þorskurinn varð næstum því að trúarlegri helgimynd – eða goðsagnalegur krossfari fyrir kristnu helgihaldi.“

Undirrot flotaupbyggingar

Þorskurinn var tvímælalaust mikilvægasta varan sem hinn kaþólski heimur þyrfti á að halda. Við upphaf 15. aldar var erfitt að finna gróðavænlegri vöru, og fóru auðmenn og ævintýramenn margra Evrópulanda að leita fyrir sér um ný og auðugri fiskimið. Skipasmíðar hófust í hverju Evrópulandinu á

fætur öðru. Bretar sigldu til Íslands og fljótlega kom til árekstra þar við danska og þýska hagsmunni, sem oft enduðu með skærum og vopnaviðskiptum. Hin háskalegu fiskimið kringum Ísland reyndu til hins ýtrasta á styrk skipa og seglabúnaðar, sjómennsku og hæfni skipstjóra og áhafna. Um þrýðilegar æfingabúðir siglingaveldis var að ræða.

Heimsveldi á þorski byggð

Við uppgötvun Nýfundnaland hófst kapphlaup um fiskveiðar á miðunum þar í kring sem líktist einna helst gullæði. Það er varla einskær tilviljun að allir helstu keppinautarnir um fiskimiðin við stendur Norður-Ameríku urðu heimsveldi. Bretar, Hollendingar, Frakkar, Spánverjar og Portúgalar kepptu við að koma upp flotum til þorskveiða. Svo auðug voru hin nýju fiskimið að hinir fyrstu könnuðir sögðu í skýrslum sínum: „Sjórinn þarna er iðandi af fiski sem ekki er aðeins hægt að veiða í net, heldur nægir að setja stein í körfu og sökkva henni.“

Þorskur sem undirrot stofnunar ríkja

Margar þjóðir eiga sjálfstæði sitt og velmegun þorskinum að þakka, að mati Kurlansky. Á miðöldum var Noregur fátækt ríki sem laut stjórn Dana og Svía. Á 19. öldinni tókst Norðmönnum að efla fiskveiðar sínar og brjóstast undan oki Svía og lýsa sig sjálfstætt konungsríki 1907.

Íslendingar misstu af þorskæðinu sem greip um sig báðum megin hafsins á 17. öldinni. Danska yfirstéttin, sem stjórnaði landinu með fulltingi íslenskra sveitahöfðingja, hafði takmarkaðan áhuga á fiskveiðum. Þegar bresku togararnir hófu að athafna sig við stendur Íslands um aldamótin 1900 eftir að hafa fleytt rjómann af þorskengd Norðursjávarins komu þeir að innlendu sjómönnum á miðunum, dorgandi eftir fiski með sama hætti og þeir höfðu gert um það

Dimmt er á Dökkumiðum, djúpur og úfinn sær; á hverju einasta kvöldi karl einn þangað rær. - Dimmt er á Dökkumiðum. Þegar hann fyrst þar fleygði fögrum öngli í sjó, gamlan og feitan golþorsk glaður inn hann dró, tautaði eitthvað við sjálfan sig, söng – og skellihló. Á hverju kvöldi síðan karlinn þangað fer, og við þessar fiskiveiðar vel hann unir sér, og alltaf kemur hann hlaðinn heim, hvernig sem veður er. **DAVÍÐ STEFÁNSSON** Á Dökkumiðum

leyti sem Hansasambandið hafði stuggað Bretunum burtu 300 árum áður. En Íslendingar voru fljóttir að tileinka sér breska tækni og fyrir tilstilli þorsksins tókst þeim að færa sig í tíð einnar kynslóðar úr sporum 15. aldar nýlendusamfélags til þess að verða nútímaleg og velmegandi þjóð.

Um tveggja til þriggja áratuga skeið hafa Íslendingar skipað sér í röð efnuðustu þjóða heims samkvæmt alþjóðlegum hagtolum.

„Það er enn ein sönnun fyrir því að þorskurinn sér vel fyrir þeim sem á hann treysta,“ skrifar Ólafur Hannibalsson. „Þegar öllu er á botninn hvolft verða menn að draga þá ályktun að Norður-Atlantshafsþorskurinn hefur verið það náttúruafl sem drýgstan þátt hefur átt í að skapa örlög þeim þjóðum sem beggja vegna hafsins búa.“

Heimildir: forskning.no og fleiri netmiðlar. **Sérstakar þakki:** Ólafur Hannibalsson. **Sjá:** *Evisaga þorsksins, fiskurinn sem breytti heiminum, HKÁ 1998.*



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Lögreglufulltrúar hjá embætti ríkislögreglustjóra

Vegna endurskipulagningar og fjölgunar starfsmanna í efnahagsbrotadeild auglýsir ríkislögreglustjóri eftir lögreglumönnum til að gegna stöðum lögreglufulltrúa í deildinni.

Ríkislögreglustjóri setur í stöðurnar til reynslu til eins árs frá og með 1. desember 2010 með möguleika á skipun í embætti síðar.

Til þess að hljóta skipun í stöðu lögreglufulltrúa, sbr. 3. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 1051/2006, um starfsstig innan lögreglunnar, skal umsækjandi hafa starfað sem lögreglumaður í að minnsta kosti 2 ár frá því hann lauk prófi frá Lögregluskóla ríkisins.

Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu og þekkingu á rannsókn auðgunarbrotu eða annarra alvarlegra afbrota. Mikilvægir eiginleikar eru skipulagshæfileikar, vönduð vinnubrögð og færni í mannlegum samskiptum.

Umsóknum skal skilað til embættis ríkislögreglustjóra, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, en umsóknarfrestur rennur út þann 23. nóvember 2010. Nánari upplýsingar veitir Sólberg S. Bjarnason, aðstoðaryfirlögregluþjónn í efnahagsbrotadeild, í síma 444-2500.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, nr. 464/1996, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ráðningakjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsækjendum sem hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, **www.logreglan.is**, undir liðnum eyðublöð.

Reykjavík, 4. nóvember 2010

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ÓVÖNDUÐ FISKISÚPA, HANDA UNDIRFÓLKI

„Óvönduð fiskasúpa, handa undirfólki, er tilreidd af einhvörju nýju fisktægi, svo sem þorski, ýsu, þýsklingi, lúðu, síld og þessháttar, og er fiskurinn brytjaður í þykk stykki, sem eru vel hreinsuð, síðan vandlega þvegin í köldu vatni og lögð á hreinan disk. Svo eru þau soðin í potti, með eins miklu vatni í, og súpan á að vera, ásamt urtavendi, sé hann til, og nokkru salti í, svo óhreinindi fiskjarins freyði upp í vatninu, og skal froðuna nákvæmlega aftaka, þegar sýður. Þá er nokkuð af seyðinu aftekið, og í það hellt og samanhrætt nokkru af sýru, eður, sem eins er gott, ólekjuskýri, samt mjöli, og er svo þetta látið út í súpana, og vel hrætt; á þessi jafningur að vera svo þykkur, að súpan af honum verði máturega jöfn og þykk, eftir því, sem þökkast. Þegar fiskurinn er fullsoðinn, er súpan líka búin, og er hún holl, drjúg og smekkgóð. Vilji menn saman við hana sjóða nokkuð af mjólk, verður hún því ágætari fæða.“



HÉR ER EKKI Í KOT VÍSAB Matargerð fyrir á öldum kemur okkur spáskt fyrir sjónir. Þessi súpa telst vart óvönduð en gekk vel í Dalvíkinga og gesti þeirra á fiskideginum í sumar.

Einfalt matreiðsluasakver fyrir heldri manna húsfreyjur. Útgefið af Frú Assessorinnu Mörtnu Maríu Stephensen. Leirárgörðum við Leirá, 1800.

Þöventutónleikar

KARLAKÓRS REYKJAVÍKUR Í HALLGRÍMSKIRKJU



Laugardaginn 4. desember kl. 17.00 og kl. 20.00

Sunnudaginn 5. desember kl. 17.00 og kl. 20.00

Orgelleikari: Lenka Mátéová

Félagar úr Drengjakór Reykjavíkur

Trompetleikarar: Ásgeir H. Steingrímsson og Eiríkur Örn Pálsson

Pákuleikari: Eggert Pálsson

Einsöngvari: Sveinn Dúa Hjörleifsson, tenor



Stjórnandi: Friðrik S. Kristinsson

Miðasala er á heimasíðu Karla-kórs Reykjavíkur, www.kkor.is
og einnig í Eymundsson, Kringlunni - Miðaverð er 3.900 kr.

**ÚLPA
FRÁBÆRT VERÐ
9.990**

FIREFLY LARA JR JACKET

Vetrarúlpa með hettu og loðkraga. Litir: Bleik, svört. Barnastærðir.

FRÁ



1.990

MCKINLEY NINIOR WINTER MITTEN
Vatnsheldir hanskar með hlýju fóðri og endurskini. Ungbarnastærðir.



2.490

MCKINLEY MINIOR WINTER HAT
Húfa með hlýju fóðri og endurskini. Ungbarnastærðir.



**TILBOÐ
KULDAGALLI
11.990**
(fullt verð 13.990)

MCKINLEY RASK OVERALL

Kuldagalli með 5.000 mm vatnsheldni. Litir: Bleikur, blár, svartur. Stærðir: 80-120.



1.190

MCKINLEY FLEECE COLLAR MR
Flískragi. Barnastærðir.



1.490

MCKINLEY ELIPS MITTEN MR
Flísvettlingar. Barnastærðir.



1.290

MCKINLEY FLEECE TUBE JR
Flísbuff. Litir: Svart, blátt, bleikt. Barnastærðir.



2.690

FIREFLY BOLLNAS HAR JR
Prjónahúfa með eyrnabandi úr flís að innan. Litir: Bleik, svört. Barnastærðir.



1.490

MCKINLEY SKYLOFT HAT JR
Húfa. Litir: Blá, bleik. Barnastærðir.



2.690

FIREFLY CHECK GLOVE / MITTEN JR
Flísfóðraðir vetrarhanskar með styrkingum í lófa. Litir: Bleikir, bláir. Barnastærðir.

5 VERSLANIR – ALLTAF GOTT VERÐ

**NÝ
SENDING**
AF ÚLPUM, HÚFUM
OG VETTLINGUM

FÖT FYRIR KÁTA KRAKKA! BÆRT VERÐ!

**ÚLPA
FRÁBÆRT VERÐ**
12.990



FIREFLY MAP JR JACKET

Vetrarúlpa með snjó- og vindhlíf um mittið. Mynstur með endurskini. Barnastærðir.

**TILBOÐ
VETRARÚLPA**
7.990
(fullt verð 9.990)



FIREFLY FILLE JR JACKET

Vetrarúlpa. Litur: Svört. Barnastærðir.

3.990



MCKINLEY ELIPS

Gúmmistígvél með hlýju fóðri og snjóvörn. Barnastærðir.

7.490



FIREFLY MILE JR PANT

Snjóbuxur með snjó- og vindhlíf neðan á skálum og endurskini. Litir: Svartar, bleikar. Barnastærðir.

**ÚLPA
FRÁBÆRT VERÐ**
12.990



FIREFLY WEB JR JACKET

Vetrarúlpa með snjó- og vindhlíf um mittið. Mynstur með endurskini. Litir: Bleik, fjólublá. Barnastærðir.

14.990



FIREFLY FREEDOM PARKA

Hlý vetrarúlpa með hettu og loðkraga sem taka má af. Barnastærðir.



FRÉTTASKÝRING: Hvað felst í IPA-styrkjum ESB og aðildarviðræðum Íslands?



Alþingi útilokaði ekki aðlögun

Mikið hefur verið rætt um IPA-styrki ESB og deilt um hvort Ísland sé í aðlögunar- eða umsóknarferli. Fréttablaðið skoðaði gögn í málinu og fékk skýringar frá ESB og utanríkisráðuneyti. Ekki verður annað séð en að Alþingi hafi samþykkt hugsanlega aðlögun vegna umsóknarinnar, þótt ráðuneytið reikni ekki með slíku. Alþingi ákvað einnig að sækja ætti um styrki frá ESB til þýðinga.

Evrópusambandið veitir hugsanlegum aðildarríkjum sínum fjárhags- og sérfræðiaðstoð til að geta staðið undir umsóknarferlinu og til að búa ríkið undir aðild að bandalaginu. Þessi aðstoð heitir IPA, Instrument for Pre-accession Assistance.

Íslendingum býðst að þiggja þessa styrki ásamt öðrum hugsanlegum aðildarríkjum: Albaníu, Bosníu og Hersegóvínu, Kósóví, Króatíu, Makedóníu, Svartfjallalandi og Tyrklandi. Mörg þessara ríkja hafa raunar þegið styrkina árum saman.

Áður höfðu álfka styrkir farið til þeirra tólf landa sem gengu í sambandið 2004 og 2007. En þegar að því kom reyndust þessi lönd ekki öll undirbúin fyrir aðild að ESB, þegar þau gengu inn. Með IPA-fyrirkomulaginu, sem fest var í sessi 2006, átti að koma í veg fyrir að slíkt endurtæki sig. Þetta mun hafa verið hugað með gagnkvæma hagsmunum hugsanlegra aðildarríkja í huga sem og ríkjanna sem fyrir voru í sambandinu, þannig að innganga nýrra ríkja skapaði ekki vandræði fyrir þau. Styrkirnar eru nú hluti stækkunarstefnu ESB og væru í boði fyrir Norðmenn líka, ef þeir myndu sækja um aðild. Styrkirnar eru óafturkræfir, hvort sem af aðild verður eða ekki.

Styrkirnar eiga að aðstoða ríkin við umbætur í stjórnmála- og efnahagslífi og á öðrum sviðum, kemur fram á heimasíðu ESB:

„Þær umbætur sem nauðsynlegt er að fari fram vegna aðildar að ESB eru einnig til þess gerðar að bæta líf borgaranna í ríkjum sem njóta góðs af styrkjum. Lykilsjónarmið aðstoðarinnar eru að styðja við stjórnmálalegar umbætur, sér í lagi stofnanauppbyggingu, að styrkja landslög í sessi, mannréttindi, vernd minnihlutahópa og þróun borgaralegs samfélags.“

Andstæðingar ESB-aðildar á Íslandi hafa líkt þessum greiðslum við mútur, sem kunnugt er. Að ESB vilji kaupa Íslendinga til aðildar.

„Sérlega ógeðfellt,“ sagði Ögmundur Jónasson, núverandi dómsmálaráðherra, til að mynda í Fréttablaðinu, eftir að heyrðist að Íslendingar gætu sótt í þessa sjóði, og talaði þar fyrir mörg skoðanasystkin sín. Seinna líkti hann stöðu Íslendinga við frumbyggja Norður-Ameríku í Morgunblaðinu, svo frægt varð: „En ekki mun standa á styrkveitingum – svona rétt meðan verið er að tala okkur til. Hið sama gæti hent okkur og indíána í Norður-Ameríku. Þeir töpuðu landinu en sátu uppi með glerperlu og eldvatn.“

Aðildarandstæðingar segja aðildarferlið vera umfangsmeira en gefið var til kynna þegar Alþingi samþykkti að sækja um aðild. Þetta sé aðlögun frekar en „könnunarviðræður“.

Afstaða ESB og stjórnsýslan

ESB vill að Ísland verði fullbúið til að gangast undir þær skyldur og njóta þeirra kosta sem fylgja því að vera aðildarríki, til dæmis að það geti tekið við og endurdreift styrkjum á réttan hátt, ef til þess kemur að það verði hluti af sambandinu. Þetta kallar á ákveðnar breytingar.



AÐILDARUMSÓKN SAMÞYKKT Ísland tekur á ári hverju, og hefur tekið síðustu sextán ár, upp fjölmörg lög Evrópusambandsins í gegnum EES og má því segja að landið sé í stöðugri aðlögun.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hvað segir ESB um IPA-styrkina?

Stuðla að samfélagslegri umræðu

IPA-styrkir eiga að auðvelda umsóknarríkjum samvinnu við ýmis verkefni, svo sem milli sérfræðinga og opinberra starfsmanna. Meðal annars milli stofnana umsóknarríkisins og evrópskra stofnana svo sem Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, Fjárfestingabanka Evrópu og Evrópska seðlabankans. Að bæta eða mynda getu fjárhagsstofnana umsóknarríkisins.

IPA-styrkir eiga einnig að stuðla að umræðu í samfélaginu, sem er hluti af áður nefndu markmiði um þróun borgaralegs samfélags. Í því felst að stutt er við frumkvæðisrétt almennra borgara (e: *civic initiative*). Einnig á að styrkja fólk til að heimsækja stofnanir ESB til að bera saman bækurnar, auka þekkingu og ræða um góðar venjur, væntanlega í stjórnsýslu. Þá er minnst á styrki til borgaralegra samtaka.

Heimild: Heimasíða ESB um stækkunarmál

Bæta ímynd umsóknarríkisins

Ákvörðun um IPA-styrki til landsins verður ekki tekin fyrir en í febrúar 2011, en á yfirliti um IPA-styrki ESB vegna ársins 2010, á heimasíðu ESB um stækkunarmál, er þegar minnst á Ísland einu sinni. Það er vegna upplýsinga- og samskiptaáætlunar ESB og segir þar að markmið styrksins sé að auka vitund um kosti og áskoranir yfirstandandi stækkunar ESB gagnvart ríkjum Balkanskaga, Tyrklandi og Íslandi, með því að gera helstu hagsmunaaðila, kynningaradila og atvinnufólk í fjölmíðun að þátttakendum í henni.

Einnig á að stuðla að samskiptum milli fólks, svo sem með ferðalögum. Styrkina á að nota til að halda ráðstefnur, málstofur og námskeið. Þessir styrkir eru hugsaðir fyrir fólk í núverandi aðildarríkjum, og er einnig ætlað að byggja upp jákvæða ímynd „stækkunarríkja“ með menningar- eða íþróttaviðburðum.

Með öðrum orðum er þetta styrkur til áhrifaólks innan núverandi aðildarríkja, til að gera aðild umsóknarríkja eins og Íslands eftirsóknarverðari í augum borgara ESB.

Heimild: Heimasíða ESB um stækkunarmál

Staðlar ESB, til dæmis í stjórnsýslu, eru aðrir en staðlar Íslands.

Timo Summa, sendiherra ESB á Íslandi, segir í tölvuskeyti: „Ef Ísland ákveður að gerast aðildarríki þarf það að fara eftir lögum ESB frá fyrsta degi aðildar á sama hátt og önnur ESB-ríki, nema samkomulag náist um sérstakar undanþágur í aðildarviðræðum.“

Framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt að Íslendingar fái IPA-styrki og hefur verið miðað við 4,3 milljarða króna, litlu minna en nú stendur til að skera niður í heilbrigðismálum. En fyrst þarf að sækja um styrkina og svo þurfa öll aðildarríkin að samþykkja sameiginlega áætlun Íslands og framkvæmdastjórnarinnar um í hvað styrkirnar eiga að fara. Það gerist ekki fyrir en í febrúar.

Utanríkisráðuneytið segir að meginhluti aðstoðarinnar verði nýttur í að styrkja íslenska stjórnsýslu, svo hún sé í stakk búin til að takast á við aðild að ESB, en íslensk stjórnsýsla þykir ekki sérlega burðug um þessar mundir, eins og lesa má í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Með styrkjum og sérfræðiaðstoð á meðal annars að efla faglega áætlanagerð til lengri tíma séð. Fram kemur í samningsramma ESB og Íslands að íslensk

stjórnsýsla þurfi að starfa vel og vera stöðug, byggð á skilvirku og óhlutdrægu opinberu kerfi og sjálfstæðu og skilvirku dómkerfi. Þar er og minnst á innlenda hagsmunarárekstra, en framkvæmdastjórn ESB hefur gert þá að umræðuefni, í ljósi smæðar íslenska kerfisins og nánna tengsla viðskipta- og stjórnmálalífs.

Dæmi um kostnaðarsöm verkefni sem fylgja viðræðunum eru þýðingar. Styrkja á þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins með mannafla og tækjabúnaði og koma á námi í túlkun, af og á íslensku. Háskóli Íslands hefði þar hönd í bagga en þar á bæ hefur líka verið rætt um að bjóða embættismönnum upp á nám í stjórnsýslu, til að búa þá undir samningaviðræður.

Sérstaklega þarf að undirbúa stjórnsýsluna fyrir þátttöku í atvinnu- og byggðapróunarsjóði ESB. Gera skal áætlun um að styrkja verkefni á öllu landinu. Þá á að undirbúa þátttöku í félags- og vinnu- markaðssjóði ESB, gera áætlun um að styrkja verkefni til

að „efla íslenskan vinnumarkað og vinna gegn atvinnuleysi“, segir ráðuneytið. Í þessu felast ýmsar aðgerðir til að draga úr brottfalli úr skóla og mennta ófaglærða á vinnu- markaði.

Þetta markmið byggir á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga 2007, segir ráðuneytið, enda sé leitast við að tengja IPA-styrkina við „viðfangsefni og vandamál sem eru á döfnni óháð ESB-aðild“.

Sérstaða Íslands

Þar sem Ísland hefur tekið þátt í Evrópusamrunanum í sextán ár, allt frá samþykkt EES, segja margir að sömu viðmið þurfi ekki að gilda um landið og gilda um ríki Austur-Evrópu, Ísland þurfi ekki að sanna, með sama hætti og þau, að það geti staðið undir aðildinni. Fréttablaðið spurði Timo Summa sendiherra álit á þessu: „Staða Íslands er vissulega ólík stöðu svokallaðra „nýrra“ aðildarríkja, þegar þau höfu viðræður. Viðræðurnar taka mið af aðstæðum hvers hugsanlegs aðildarríkis fyrir sig, en markmiðið verður að vera að hvert aðildarríki sé vel undirbúið, daginn sem það gengur í sambandið,“ segir Summa. Hann bætir þó við að ná megi þessu markmiði á ýmsan hátt. Of snemmt sé að segja hvenær gagnlegt verði fyrir Ísland að taka ákveðin skref í undirbúningi sínum fyrir aðild.

Aðlögunarferlið

Allir sem kynna sér upplýsingar ESB um stækkunarmál geta séð að sambandið veitir aðstoð til að umsóknarríki geti tekið upp reglur ESB. Því er ekki leyt að stuðningurinn miðar að samfélagslegum og efnahagslegum breytingum og að hraði umbóta sé nátengdur hraði aðildarferlisins. Utanríkis- málanefnd Alþingis var enda meðvituð um að aðildarviðræður hefðu í

för með sér ákveðna aðlögun að ESB, þegar hún ritaði álit vegna umsóknarinnar.

Í álitinu segir að „sérstök áhersla [sé] lögð á að ríki hafi í raun uppfyllt tiltekin viðmið varðandi hvern og einn kafla áður en samningar um þá eru opnaðir og einnig áður en þeim er lokað. Í þessu felst að sem minnst er gefið af frestum til að uppfylla skilyrðin áður en köflum er lokað heldur er þeim ekki lokað fyrr en ákveðnum markmiðum er náð í framkvæmd og með innleiðingu löggjafar í viðkomandi ríki. Slíkt er að sjálfsögðu óháð þeim aðlögunartíma og undanþágum sem kann að semjast um.“

Nema samið verði um annað hefur Alþingi því samþykkt að hugsanlega þurfi að breyta lögum, áður en aðildarsamningur verður lagður í þjóðaratkvæðagreiðslu, því það verður ekki gert fyrir en allir kaflar samningsins eru frágengnir.

Fram kemur í álitinu að meirihlutinn sé ekki fullviss um hvernig haldið yrði á þessum málum í tilvikum Íslands. Landið uppfylli líklega skilyrði sem tengjast EES og Schengensamstarfi og ætti því að sleppa við mikla vinnu við greiningu á hvernig löggjöf ESB og Íslands samræmist á þeim sviðum. En annað gæti gilt í fjölmörgum málum, svo sem „landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum, dóms- og innanríksmálum, gjaldmiðilsmálum, skattamálum, byggðamálum, tollamálum, utanríksmálum, öryggis- og varnarmálum, fjárhagsmálum, stofnunum og öðrum atriðum“, segir þar.

Utanríkisráðuneytið segir í tölvuskeyti til blaðsins að vandséð sé að forsendur séu fyrir ESB til að „krefjast aðlögunar á löggjöf á þeim sviðum sem eftir standa áður en þjóðaratkvæðagreiðslan fer fram“ heldur sé „ætlað að ítarlegar og nákvæmar áætlanir um aðgerðir muni verða fullnægjandi til að loka köflum og klára aðildarsamning“. Fyrirkomulag aðildarviðræðna skapa möguleika til þess að skilyrði séu sett sem tefja opnun og lokun kafla. Líkur á því minnki eftir því sem viðræðurnar eru betur undirbúnar.

Í fyrrgreindu álitinu er tilgreint að landslag ríkisfjármála gefi lítið svigrúm til aukinna fjárufláta vegna ESB-umsóknar. Búast megi við að einstök ráðuneyti þurfi að styrkja starfsemi sína tímabundið, sérstaklega sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti. Miðað er við að þetta kosti minnst 100 milljónir. Annars staðar segir að kostnaður utanríkisráðuneytis af umsókninni verði á þremur árum 800 milljónir en að með hagræðingu megi minnka hann talsvert. Leiða má líkur að því að þörf fyrir sérfræðiaðstoð sé nú meiri en þegar Alþingi sótti um aðild, því Bændasamtökin hafa neitað að leggja til aðstoð sína við ferlið.

Utanríkisráðuneytið bendir á að IPA snúist að miklu leyti um sérfræðiaðstoð. Títtnefnt meirihlutaálit gangi út frá því „að íslensk stjórnvöld myndu hafa sér til halds og trausts erlenda ráðgjafa sem hafa reynslu á þessu sviði [...] Af þessu verður ekki annað ráðið en að ljóst hafi verið að leitað yrði eftir sérfræðiaðstoð erlendra aðila í umsóknarferlinu og beinlínis til þess ætlast“.

Í fylgiskjali með álitinu utanríkisnefndar segir að leitað verði til ESB um að styrkja þýðingarnar, en um annað virðist gengið út frá því að kostnaðurinn falli á íslenska skattborgara. Það er pólitísk ákvörðun sem ráðherrar VG standa nú frammi fyrir hvort þiggja skuli þessa utanaðkomandi aðstoð.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

TIMO SUMMA

Klemens Ólafur Prastarson

klemens@frettabladid.is



www.ellingsen.is

KULDAFATNAÐUR FYRIR VETURINN

Mikið úrval af kuldagöllum og öðrum vetrarflíkum á tilboðsverði. Gæðamerki frá heimsþekktum framleiðendum. Búðu þig vel fyrir veturinn í Ellingsen.

20%
AFSLÁTTUR AF
VÖLDUM BARNAFATNAÐI

KRAKKADAGAR

Í ELLINGSEN

DIDRIKSONS 1913
Grundsund SWEDEN

Columbia
Sportswear Company

DEVOLD®

VIKING



DIDRIKSONS
Fairmont samfestingur, hlýr, sterkur og vatnsheldur með límdu saumum.

Verð **10.392 kr.** Verð áður 12.990



DIDRIKSONS
Tignes samfestingur, hlýr, vatns- og vindheldur með límdu saumum.

Verð **13.592 kr.** Verð áður 16.990



DIDRIKSONS
Boardman útigalli, vatns- og vindheldur með límdu saumum og stillanlegu mitti.

Verð **8.792 kr.** Verð áður 10.990



DEVOLD
nærföt, nauðsynleg fyrir alla krakka í vetur.



CONWAY
Kuldaskór, léttir og fððradir.

Verð **5.439 kr.** Verð áður 6.799



COLUMBIA
Rope Tow kuldaskór, fððradir og hlýr með teygjureim og grófum gúmmísóla.

Verð **9.592 kr.** Verð áður 11.990



VIKING
Termo kuldastígvél, loðfððruð og gðð bæði í vætu og frosti.

Verð **6.600 kr.** Verð áður 8.250



HÚFUR OG VETTLINGAR
Mikið úrval af hlýjum barnahúfum og vettlingum.

20%
AFSLÁTTUR


Reykjavík
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opíð mánudag–fðstudag 10–18
Laugardag 10–16

Akureyri
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opíð mánudag–fðstudag 8–18
Laugardag 10–16

 **Ellingsen**

– fullt hús ævintýra

Féll 28 metra Sprungan var um 30 metra djúp, 130 sentimetrar á breidd efst og þrengdist er neðar dró.



Umfangsmikil aðgerð

Línurnar sem björgunarsveitarmenn sem festu í sig voru tryggðar í jeppa umhverfis sprunguna. Alls tóku 120 björgunarsveitarmenn þátt í björgunaraðgerðunum auk ferðafélaga á svæðinu. Þrjú björgunarsveitarmenn sigu niður í sprunguna og einn úr hópi ferðafélaga mæðginanna.

VAR FJÓRA TÍMA NIÐRI Í SPRUNGUNNI

Sprungan sem mæðginin féllu í var á vestanverðum Langjökli. Björgunarsveitir Akraness ók sem leið lá að fjallaskálanum Jaka þar sem þýrla Landhelgisgæslunnar flutti félagi úr sveitinni að slysstað. Slysið varð rétt fyrir klukkan eitt en klukkan fimm var drengurinn bjargað af 27 metra dýpi úr 30 metra sprungunni.



Bjargvætturinn í Langjökli

Þórður Guðnason

vann björgunarafrek þegar hann náði sjö ára gömlum dreng úr 30 metra djúpri sprungu á Langjökli síðasta vetur. **Sigríður Björg Tómasdóttir** hitti þennan 28 ára gamla Skagamann sem hefur verið tólf ár í björgunarsveit á Akranesi.

Það var klukkan eitt 30. janúar að útkall barst til björgunarsveita á suðvesturhorni landsins vegna mæðgina er fallið höfðu í sprungu á Langjökli. Þórður Guðnason, 28 ára nemi og sjúkráflutningamaður á Akranesi, var búinn að setja sig í stellingar fyrir leik íslenska landsliðsins í undanúrslitum á EM í handbolta. Stuttu síðar var hann þó kominn af stað ásamt félögum sínum á Akranesi og óku þeir rakkleiðis sem leið lá að fjallaskálanum Jaka sem er við rætur Langjökuls. TF-Líf, þýrla Landhelgisgæslunnar, var þar á staðnum og flutti Þórð og félagi hans upp á jökul.

Gerði sig kláran í þýrlunni

„Í fluginu gerði ég mig kláran til að síga niður og setti á mig klifurbelti. Þýrlan lenti með okkur 200 metra frá slysstað og við fylgðum hjólförum að honum. Veðrið var fínt, sólin skein. En reyndar sáum við ekki hvernig sprungur lágu í jöklinum. Við hugsuðum þó ekki um það heldur bara um að koma okkur beint á slysstað. Þar festum við okkur í öryggislínur, sem ekki er hægt að gera við þýrluna því þær fjúka upp og lenda í þýrluspöðunum.“

Undanfarar frá Reykjavík komu fyrstir á staðinn með TF-Líf á undan Björgunarsveit Akraness og öðrum sveitum af svæðinu, og var einn félagi úr henni þegar farinn niður í sprunguna. Strax var ákveðið að Þórður yrði næstur niður. Jeppi var notaður sem trygging og svo festi hann sig í klifurbelti og brjóstbelti sem er læst saman á bringunni.

Hugsunin með þessum tveimur beltum er annars vegar að minnka álag á bak og magavöðva og að veita auknið öryggi þegar sigmaðurinn þarf að snúa sér við, eins og tilfellið var í þessari björgun. Þá veitir brjóstbeltið meiri tryggingu því alltaf er hætta á að klifurbeltið renni af manni sem snýr á hvolfi, nema hann sé tryggður í brjóstbelti líka.

„Á um 15 metra dýpi í sprungunni var maður, sem þau [sam-

Á syllu í 2 tíma

Samferðamaður mæðginanna stóð með kaðal um sig miðjan hér á þessari hálfgerðu syllu í 2 tíma og ræddi við drenginn til að halda honum vakandi. Hér var sprungan um 80 sentimetrar á breidd.

Samvinna Félagi Þórðar kom fyrir kastara til að lýsa fyrir ofan hann og sá um samskiptin við þá sem voru uppi á jöklinum meðan á björgunarsörfum stóð.


Tróð sér eins langt og hann gat

Þórður giskar á að sprungan hafi verið um 16 til 20 sentimetrar á breidd þegar hann var kominn eins langt og hann gat. Breiddin á blaðsíðu í Fréttablaðinu er 28 sentimetrar.

27 metra dýpi

Drengurinn sat fastur á um 27 metra dýpi og þurfti krafta 4 karlmannna uppi á sprungubúrinn til að losa hann þegar Þórður hafði náð að vefja bandi um fótinn á honum.

1 metri



ÞÓRÐUR GUÐNASON Var um klukkustund á hvolfi við björgun úr sprungu á Langjökli í janúar síðastliðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ferðamenn fjölskyldunnar] höfðu slakað sjálf niður í sprunguna með kaðli sem bundinn var um hann. Hann átti að reyna að ná sambandi við mæðginin. Nokkuð sem allir myndu sennilega gera í neyð. Fyrsti björgunarmaðurinn festi manninn betur en hann stóð á hálf-

gerðri syllu sem var þarna um það bil miðja vegu í sprungunni.“

Maðurinn hafði haldið drengnum vakandi með því að ræða við hann á rólegu nótunum, þar til Þórður tók við því hlutverki, sem var auðvitað afar mikilvægt við þessar aðstæður.

Björgunarsveitarmaðurinn, sem fyrstur varð niður, og ferðafélagi mæðginanna biðu svo eftir því að Þórður kæmi böndum á konuna, sem lá ofar drengnum. Þegar það

FRAMHALD Á SÍÐU 36

Vetrarveisla

GLÆSILEG HÚSGÖGN FYRIR HEIMILIÐ Á FRÁBÆRU VERÐI



NÚNA
30%
AFSLÁTTUR

BONSAI blaðastandur.
Hnota, svartur.

6.990
FULLT VERÐ: 9.990



NÚNA
30%
AFSLÁTTUR

MANDI stóll á snúningsfæti.
B:83 D:82 H:76 CM. Fæst með ljósgráu og gráu áklæði.

69.990
FULLT VERÐ: 99.990



NÚNA
20%
AFSLÁTTUR

STÓLL LEÐUR
99.990
FULLT VERÐ: 129.990

CAYENNE stóll á snúningsfæti.
B:83 D:82 H:76 cm. Fæst með svörtu áklæði og svörtu leðri.

STÓLL ÁKLÆÐI
79.990
FULLT VERÐ: 99.990



BARTALI hornsófi.
Fæst með gráu áklæði og svörtu leðri. 180x240 H:90 cm. Fæst með vinstri og hægri tungu.

HORNSÓFI ÁKLÆÐI
159.990
FULLT VERÐ: 219.990



NÝTT

NÚNA
25%
AFSLÁTTUR

HORNSÓFI LEÐUR
259.990
FULLT VERÐ: 349.990



HARTLAND sófasett
3 sæta + 2 sæta. Kaki áklæði.
B:200/164 D:89 H:72 cm.

SÓFASETT 3+2
119.990
FULLT VERÐ: 179.980

NÚNA
30%
AFSLÁTTUR



NÚNA
30%
AFSLÁTTUR

PANDORA sjónvarpsskápur.
Fæst í eik og hnotu. B:190 D:47 H:51 cm.
Innbyggður nemi fyrir fjarstýringar sem gerir þér kleift að stjórna tækjum í lokuðum skápnum.

149.990
FULLT VERÐ: 219.980

FRAMHALD AF SÍÐU 34

hafði tekist voru ferðafélaginn og fyrsti sigmaðurinn hífðir upp úr sprungunni og rétt á eftir Þórður og konan sem þá var látin. Þá var klukkan rúmlega þrjú en Þórður fór niður í sprunguna um klukkan hálfþrjú.

Mínúturnar skiptu máli

„Ég kom upp á brúna, rennandi blautur af svita og allur blautur vegna rakans í sprungunni. Uppi var 10 til 14 stiga frost og vindur og yfirborðið á fótunum fraus samstundis. Ég var strax spurður hvort ég vildi skipta en ég leit í kringum mig og sá að enginn var beinlínis klár til að fara niður strax og ég hugsaði að nú skiptu mínúturnar máli og fór aftur niður. Ég hafði heyrt í drengnum á meðan ég var niðri í sprungunni en það dró greinilega af honum á meðan ég var þarna niðri.“

Snjór hafði fallið í sprunguna og í fyrstu sá Þórður ekki nægilega vel í drenginn. En hann hreyfði sig eftir að Þórður kallaði á hann og þá sá hann hvar í sprungunni hann lá og vissi hvar hann þyrfti að troða sér niður.

Hér ber þess að geta að hér um bil um miðbik sprungunnar sveigðist hún eilítið til og þrengdist. Þórður, sem er 1,80 metri á hæð og 80 kíló, sneri sér á hvolf er hann var

kominn nokkuð niður fyrir miðja sprungu.

„Ég þurfti að snúa höfðinu til hliðar, taka af mér brjóstbeltið, öðruvísi komst það ekki fyrir út af því hve sprungan var þröng. Ég byrja að láta féлага mína slaka mér neðar, en þurfti að láta þá draga mig upp því það þrengdi svo að brjóstkassanum að ég náði ekki andanum. Í annarri tilraun komst ég töluvert neðar en var samt heillangt frá drengnum.“

Tók af sér talstöð og brjóstbelti

Þegar þarna var komið sögu var klukkan orðin hálf fimm og annar björgunarsveitarmaður kominn niður í sprunguna. Þá hafði Þórður verið um klukkutíma neðarlega í sprungunni á hvolfi mestan hluta tímans.

„Maðurinn kom með kastara, almennilegt vinnuljós, sem lýsti upp alla sprunguna. Ég sneri mér við og beið eftir honum og ákváð ég að losa mig við búnað og talstöðina, og að hann myndi sjá um samskiptin við féлага okkar uppi. Ég gæti þá bara talað við hann á rólegum nótum og þyrfti ekki að hafa áhyggjur af sambandinu við þá. Svo sneri ég mér aftur við og beið eftir að öndunin kæmist í jafnvægi til þess að ég kæmist alla leið. Svo sagði ég honum bara að hann ætti að sjá um að láta mig síga niður og ef ég svaraði honum ekki í öðru



ÖNNUR SPRUNGUBJÖRGUN Á TÆPU ÁRI

Þórður kom einnig að sprungubjörgun í júní 2009. Þá hafði fimmtán ára drengur fallið niður í sprungu á Geitlandsjökli, vestan við Langjökul. Fallið var fimmtán metrar en það var talið drengnum til happs að hafa lent á syllu og því ekki fallið neðar. Þórður seig þá niður og náði í strákinn sem beið hafði eftir hjálp í um tvo tíma í sprungunni.

kalli þá myndi hann láta hífa mig upp því þá væri ég hættur að anda.

Ég var ekki hræddur þó að ég hugsaði samt út í að það væri möguleiki að ég losnaði úr klifurbeltinu, ef til dæmis ég festist og félagarnir þyrftu að toga í mig til að ná mér upp. En maður ýtir bara svona hugsunum til hliðar og gerir það sem þarf að gera.

Svo hófumst við bara handa, ég var orðinn alveg rólegur og maður fílaði sig eins og fisk við að troða sér niður í svona þrönga sprungu. Veggirnir eru náttúrulega ekki sléttir þannig að maður þyrfti að troða sér fram hjá núum og nibbum. Svo kom að því að ég komst ekki lengra, en þá var samt

um metri frá fingurgómunum að stráknum.“

Þegar þarna var komið sögu hafði band verið látið síga niður og einnig snjóflóðastöng.

Góð tilfinning að finna að drengurinn var á lífi

„Ég renndi stönginni niður til að spenna löppina á stráknum frá veggnum. Þá hafði ég gert lykku

Þakklæti efst í huga

„Okkur feðgum og fjölskyldu er efst í huga innilegt þakklæti til Landsbjargar og björgunarsveitarmanna sem lögðu mikið á sig við hrikalegar aðstæður.

Það er gott að vita til þess að til sé hópur fólks sem er reiðubúinn að leggja á sig mikla vinnu og jafnvel hættu, eins og í þessu tilviki, til að bjarga mannlífum og það í sjálfböðavinnu,” segir Kristján Gunnarsson, faðir drengsins.

á bandið og vafið utan um fótinn á drengnum og togaði í. Mér fannst eins og ég gæti gripið í hann en það vantaði enn 30 til 40 sentimetra upp á. Þá herti ég hestahnútt utan um ökkklann. Þannig var festingin eins örugg og hægt var og þá mátti byrja að toga í bandið til að losa hann. Það þurfti reyndar fjóra karlmenn til að losa hann með sameiginlegu átaki. Þegar hann svo losnaði greip ég í löppina og úlpu stráksins og það um að við yrðum hífðir upp á sama hraða. Eftir tvo til þrjú metra gat ég snúið mér við og gerði það á meðan ég ríghélt í drenginn. Ég fann að hann var á lífi og það var mjög góð tilfinning.

Um leið og ég kom að féлага mínum þá bjó ég til belti um drenginn og læsti honum við mig. Þá vorum við klárir til að fara upp. Félagi minn fór á undan og stýrði okkur upp því ég hafði ekki hendurnar lausar. Við komum svo upp rúmlega fimm og drengurinn var fluttur um leið í þyrluna og kominn á loft tíu mínútum síðar.

Ég var alveg uppgefinn, þáði vatnssopa en endaði með að drekka töluvert af vatni. Það var ekki fyrr en ég fór að skoða skýrslurnar af atburðinum að ég gerði mér grein fyrir hvað ég var lengi ofan í sprungunni og hvað ég var lengi á hvolfi í björguninni, líklega um klukkutíma,” segir Þórður.

Drengurinn var fluttur á gjörgæslu Landspítalans í Fossvogi en líkamshiti hans var kominn niður í 27 gráður. Hann var útskrifaður af deildinni daginn eftir.



Sjúkrahjálfun
STYRKUR
ehf.

Styrksdagurinn

Opið hús í Styrk sunnudaginn 7.nóvember 2010 frá kl.13:00 - 17:30

Settu heilsuna í forgang



Heilsuerindi

Hvert erindi er 15 mínútur

Kl. 13:00	Hvað er vefjagigt?
Kl. 13:30	Litli bakskólinn
Kl. 14:00	"Gættu að þér litla hjarta"
Kl. 14:30	Vinnuvernd og álagseinkenni
Kl. 15:00	Þjálfun á meðgöngu
Kl. 15:30	Hreyfing gegn þunglyndi
Kl. 16:00	Hraust og sterk lungu
Kl. 16:30	"Fit" með gigt

Heilsuörnámskeið í þjálfun

Hvert námskeið er 15 mínútur

Kl. 13:15	Jóga
Kl. 13:45	Hléæfingar og teygjur
Kl. 14:15	Djúpslökun
Kl. 14:45	Pilates
Kl. 15:15	Grindarbotnsþjálfun
Kl. 15:45	Fit Pilates
Kl. 16:15	Jafnvægisæfingar
Kl. 16:45	Golffimi

Heilsumælingar

Ferðalag um ókunnar slóðir
frá kl 13:00 - 17:30

Blóðþrýstingur, púls og súrefnismettun
Líkamsstöðugreining
Fitumæling og líkamspýngdarstuðull - BMI
Blásturspróf
Jafnvægispróf
Gripstyrkur
Sjálfspróf 1 -2

OKKAR STYRKUR - YKKAR STYRKUR

Sjúkrahjálfun Styrkur, Höfðabakka 9 - Sími: 587 7750, www.styrkurehf.is

Safnaðu þekkingu

Endurmenntun fyrir alla – óháð fyrri menntun

Skráningarfrestur er að öllu jöfnu viku áður en námskeið hefst



MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Íran
hefst 8. nóvember

Heimur jazzins
hefst 10. nóvember

Heilsufullyrðingar og gylliboð?
Hvaðan kemur þekking í næringarfræði?
haldið 10. nóvember

Hvernig eru kosningaúrslit stjórnlagabings fundin út?
haldið 11. nóvember

Í ofviðrum sálarinnar: Lér konungur og
Ofviðrið eftir William Shakespeare á sviðum
Þjóðleikhúss og Borgarleikhúss
hefst 17. nóvember

Súkkulaði ... himneskt um jólin
haldið 7. desember

HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð - Framhaldsnámskeið
hefst 16. nóvember

Starfsþróun geislafræðinga - bætt þjónusta við sjúklinga
hefst 19. nóvember

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks
haldið 20. nóvember

Sjálfsvígisfræði - með sérstöku tilliti til sjálfsvíga ungs fólks
hefst 3. desember

LÖGFRÆÐI

Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna í félögum
hefst 22. nóvember

FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Skattlagning við eftirgjöf á skuldum
haldið 8. nóvember

Val á rekstrarformi fyrir atvinnustarfsemi
haldið 10. nóvember

Virðismat fyrirtækja
hefst 30. nóvember

STARFSÞRÓUN OG HÆFNI

Markaðssamskipti, almannatengsl
og fjáröflun frjálsra félagasamtaka
hefst 9. nóvember

Bætt þjónusta, ánægðari viðskiptavinir - Að gera gott betra -
haldið 12. nóvember

Innri gæðaúttektir fyrir stofnanir og fyrirtæki
hefst 17. nóvember

Facebook sem markaðstæki – grunnnámskeið
hefst 22. nóvember

Vinnugleði - mín vinna, mitt viðhorf
haldið 3. desember

UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Jákvæð agastjórnun: Leiðir til að skapa
hvetjandi námsumhverfi
hefst 18. nóvember

Gjafabréf fyrir fróðleiksfúsa

Gjafabréf Endurmenntunar er tilvalin gjöf sem opnar dyr að spennandi
heimi fræðslu og fróðleiks

Frábært hár og besta brosið

Um miðjan mánuðinn eru 25 ár liðin frá því að Hólmfríður Karlsdóttir var kjörin ungfrú Heimur. Af því tilefni fékk **Júlía Margrét Alexandersdóttir** fjölda fólks til að velja **frábært hár**, **besta brosið** og **undur-samleg augnatillit** Íslendinga.

Rúmlega þrjátíu manns, allt fólk sem á einhvern hátt hefur starfað í kringum hinar svokölluðu opinberu persónur, tilnefndu nokkra Íslendinga sem að þeirra mati státa af frábærasta hárinu, besta brosinu og undursamlegasta augnatillitinu. Þrátt fyrir að margir hafi verið nefndir til sögunnar voru nokkrir sem sköruðu afgerandi fram úr.

FRÁBÆRT HÁR

Hár Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, hefur verið eitt af hans aðalsmerkjum alla tíð og allir þeir sem reyna að herma eftir honum verða að hafa hárkollu sér til halds og trausts, annars er Ólafur Ragnar ekki Ólafur Ragnar. Hár hans þótti fallegt, „þjóðlegt“ eins og einn orðaði það, og sóma sér vel á svo hávöxnum manni. Hárið þykir líka eldast vel og standa af sér tískustrauma. Borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson sótti hart að Ólafi Ragnari sem kemur engum á óvart enda hárgerð þeirra beggja þannig, þétt og mikil, að hárgreiðslan stendur af sér veður og vind.

Þriðja sætinu deildu svo Edda Andrésdóttir fréttakona, sem þykir hafa þykkt hár með góðum lit, og Margrét Vilhjálmsdóttir er fulltrúi eldrauð-hærðra og skoraði hátt.



Úr umsögn álitsgjafa:

„Herra forseti, Ólafur Ragnar Grímsson, hefur sveiflu og sveip sem er ómótstæðileg dúett. Hárið lifir af 10 metra á sekúndu, hellidembu, 30 stiga hita á meginlandinu svo ekki sé minnst á allar tískusveiflurnar sem hárgreiðslan hefur staðið af sér með glans. Klárlega frábærasta hár Íslands.“

„Hárið á Ólafi Ragnari er sennilega einstakt í Íslands-sögunni og muna lifa með þjóðinni um ókomna tíð, án gríns. Það er mér mikil ráðgáta hvernig hann kemur fram þessari einstöku skiptingu og lyftingu og það er raunar ótrúlegt að engum skuli hafa dottið í hug að spyrja Ólaf; hver er galdurinn á bak við hárgreiðsuna? Mér finnst samt eins og Dorrit hafi tónað greiðsluna aðeins niður.“

Pessi voru líka nefnd: Ellý Ármannsdóttir blaðamaður. „Þykkt, náttúrulegt og vel hirt hár.“ **Fanneý Ingvarsdóttir**, fyrrverandi fegurðardrottning. „Með óvenjulegan rauðan háralit. Sjaldan sem svona sít hár er svona vel hirt.“ **Hallgrímur Helgason** rithöfundur. „Eins frábært og hár getur verið má líka ekki gleyma þeim karlmönnum sem eru þrungnir af testósteróni og fara í gegnum áratugina á skallanum með góðum árangri. Hallgrímur Helgason gefur karlmönnum með há kollvik von og sjálförýggi.“

FRAMBÆRILEGASTI ÍSLENDINGURINN? Hár Ólafs Ragnars Grímssonar forseta, augnaráð Hilmi Snæs Gíslasonar leikara og bros Hólmfríðar Karlsdóttur.

SAMSETT MYND/RÓSA

BESTA BROSID

Að brosa er fólki nauðsynlegt sem lifir og hrærist í kastljósi fjölmiðla enda er stundum sagt að ekki þurfi nema eitt stykki vandað eintak af brosi til sigra heiminn. Hólmfríður Karlsdóttir er lýsandi dæmi um það. Sennilega verður langt þangað til annað eins brosið muni lifa með þjóðinni. Heiðar snyrtir tók sem dæmi að á meðan brosið var Birnu Vilhjálmsdóttir bræddi þá hlýjaði brosið Hólmfríðar.

Í öðru sæti yfir bestu brosin var borgarstjórinn Jón Gnarr og var einkum nefnt til sögunnar að heillandi væri hversu ósymmetrískt brosið væri, einlægt og strákslegt. „Hann brosir oft út í hægri munnvikið sem gefur vísbendingu um að hann sé stundum í tónum vandræðum en hann meini ákaflega vel með öllu sem hann gerir,“ sagði einn viðmælandi blaðsins.



Anna Rákel Róbertsdóttir, fyrirsæta og hönnunarnemi, og Helga Braga Jónsdóttir leikkona verdu báðar þriðja sætið. Einum álitsgjafanum varð að orði að þrátt fyrir að Anna Rákel hefði „auglýst vörur og þjónustu með brosinu sínu í meira en áratug þætti manni það bara vera vika“.

Úr umsögn álitsgjafa:

„Það er varla til annað eins „V“ og hjartalaga brosið í heimi.“

„Hún brosti með öllum kroppnum!“

„Gegnum árin hefur það ekkert breyst, Hólmfríður Karlsdóttir er með besta brosið allra tíma, stírnir á tennurnar án þess að photoshop komi við sögu, enda byrjaði Hófi að brosa löngu áður en photoshop kom á markað.“

Pessi voru líka nefnd: Friðrika Hjördís Geirsdóttir sjónvarpskona. „Það er alltaf eins og hún sé að sjá barnið sitt í fyrsta skipti þegar hún lætur skína í settið, svo innilegt er brosið.“ **Hermann Gunnarsson** fjölmiðlamaður. „Bros sem lifir af kreppu, hörmungu, hjartaáfall og skilar sér meira að segja í gegnum útvarpið.“ **Ragnheiður Ragnarsdóttir** sundkona. „Með einstaklega fallegt brosið og fallegar tennur.“ **Þorvaldur Davíð Kristjánsson** leikaranemi. „Stórt og fallegt brosið sem hæfir leikara einkar vel. Smitandi og sannfærandi.“

ÁLITSGJAFAR VORU:

Agnes Amalía Kristjónsdóttir, sópransöngkona og leikfímkennari
Andrés Jónsson almannatengill
Andri Ólafsson fréttamaður
Ása Ottesen tiskubloggari
Ágústa Johnson framkvæmdastjóri
Ásta Andrésdóttir blaðamaður
Bergþóra Magnúsdóttir,

búningahönnuður og nemi í grafískri hönnun
Björn Leifsson framkvæmdastjóri
Björn Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri
Brynhildur Stefánía Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri og snyrtifræðingur

Díana Bjarnadóttir blaðamaður
Dröfn Ösp Snorradóttir Rozas „DD Unit“ tiskubloggari
Elín Albertsdóttir ritstjóri
Elín Arnardóttir ritstjóri
Elínros Lindal forstjóri
Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi

UNDURSAMLEGASTA AUGNARÁÐIÐ

Hilmir Snær hefur túlkad fjölbreytta og ólíka einstaklinga og beitar augunum óspart til að ná fram réttu hughrifunum. Baráttan í þessum flokki var ótrúlega hörð og réðst ekki fyrr en með síðustu atkvæðunum. Hilmir Snær hafði yfirhöndina á lokametrunum með augnaráði sem var lýst með ótal fjölbreyttum lýsingarorðum svo sem seiðandi, krefjandi, spurult, djúpt, fagurt, viturt og nærgöngult. Að Hilmi Snæ sótti nýjasta stjarnan í sjónvarpsheiminum, María Sigrún Hilmarsdóttir, en augnaráð hennar þótti exótískt og dularfullt. Vigdís Grímsdóttir og Páll Óskar Hjálmtýsson veittu Maríu Sigrúnu harða sam-



keppni. „Eftirminnilegasta augnaráð ævi minnar, ískalt en samt svo innilegt,“ sagði einn álitsgjafinn um augnaráð Vigdísar. „Kattarglyrnur Páls Óskars eru stingandi hressar – gulltryggja að fólk fari í stuð!“

Úr umsögn álitsgjafa:

„Kyntákn leikhúshémsins og fellur ekki af stalli sínum þrátt fyrir ógrynni ungleikara sem allir eru reyna að feta í fótspor hans.“

„Ótrúlega ágengt augnaráð en samt svo blítt um leið. Leikhúsgesti líður eins og hann sé einn í salnum með honum.“

„Getur fengið hvaða íspinna sem er til að kíkna í hnjúnum með augnaráðinu einu saman.“

Pessi voru líka nefnd: Ástþór Magnússon. „Ekki áttum við bestu bankamennina og ekki varð tenórinn okkar jafn merkilegur eftir tilkomu Google – en við eigum einn sem er bestur í heimi, Ástþór Magnússon er með undursamlegasta augnaráð í heimi, ég geri orð Siggu Beinteins að mínum og segi: „Þú gleymir aldrei þessum augum, þau skjóta rótum inni í þér um leið.“ **Tinna Bergs** fyrirsæta. „Ótrúlegt augnaráð, gripandi og seiðandi í senn.“ **Sirry Geirsdóttir**, fyrrverandi fegurðardrottning. „Eitthvað svo fallega íslenskt, dreymandi og leyndardómsfullt.“

Guðný Þórarinsdóttir prentsmiður
Gullveig Theresa Sæmundsdóttir, fyrrverandi ritstjóri
Gunnar Þór Nilsen Andrésson ljósmyndari
Halldór Högurður, skaupskrifari og þúsundþjalasmiður
Heiðar Jónsson snyrtir

Hermann Gunnarsson fjölmiðlamaður
Jóhannes Kjartansson, grafískur hönnuður
Kolbrún Pálína Helgadóttir ritstjóri
Kristján Þorvaldsson blaðamaður og fyrrverandi ritstjóri
María Guðrún Rúnarsd. ljósmyndari
Óli Hjörtur Ólafsson kvikmyndagerðamaður
Sigrún Stefánsdóttir dagskrárstjóri
Sigríður Arnardóttir, „Sirry“, fjölmiðlakona
Þóra Sigurðardóttir rithöfundur
Þórunn Högnadóttir stílisti og blaðamaður

mjólkurvörur

ný bakað

sérvara og fatnaður

kjöt og álegg

ferskir ávextir og grænmeti

SÉRVÖRU- MARKAÐUR Í NETTÓ MJÓDD 20-30%

afsláttur af völdum vörum
á morgun sunnudag!

Gildir meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur. | www.markhonnun.is

47%
afsláttur



SMÁLÚÐUFLÖK
799kr
ÁÐUR 1.499 KR/KG

33%
afsláttur



RAÚSPRETTUFLÖK
HUMARS
799kr
ÁÐUR 1.198 KR/KG

20%
afsláttur



ÞORSKBITAR
798kr
ÁÐUR 998 KR/KG

25%
afsláttur



ÓDÝRT
LAMBASÚPUKJÖT
498kr
ÁÐUR 664 KR/KG

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!

MJÓDD
SALAVEGUR
HVERAFOLD
REYKJANESBÆR

GRINDAVÍK
AKUREYRI
HÖFN

GILDIR AÐEINS Í NETTÓ MJÓDD SUNNUDAGINN 7. NÓVEMBER

nettó
Ódýrt fyrir heimilið!

Einkafyrirtæki yrðu góð viðbót

Michael Porter, prófessor við Harvard háskóla í Bandaríkjunum, höfundur klasakenningar og sérfræðingur í samkeppnishæfni þjóða, segir Ísland spennandi land þar sem draga megi lærdóm af einstæðum tækifærum og möguleikum til umbóta. **Óli Kristján Ármannsson** tók Porter tali og spurði út í jarðvarmaklasa, samkeppni á orkumarkaði, peningamál og áhuga Porters á Íslandi.

Andstaða við aðkomu erlendra fyrirtækja að íslenskum orku-iðnaði er misráðin að mati Michaels Porter, prófessors við Harvard háskóla í Bandaríkjunum. Porter er meðal virtustu fræðimanna heims á sviði rannsókna á samkeppnishæfni þjóða og höfundur kenninga um klasamyndun í þekkingargeirum og iðnaði og áhrif hennar á velsæld þjóða. Porter sótti landið síðast heim árið 2006 þegar hann kynnti rannsókn á samkeppnishæfni landsins, hélt fyrirlestur og tók við heiðursdoktorsnafnbót við viðskipta- og hagfræðideild Háskólans. Síðan þá hefur áhugi hans á Íslandi enn vaxið og sér í lagi klasamyndun í íslenskum jarðvarmaiðnaði. Í byrjun vikunnar kynnti Porter rannsókn sína á stöðu íslenska jarðvarmaklasans.

Michael Porter segir rétt athugað í nýlegu áliti sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að vexti séu vissar skorður settar hér á landi, með því að ekki sé hægt að auka veidar og að tíma taki að koma í gang orkuverkefnum. Reynslan úr orkugeira sýni hins vegar að hægt sé að auka mun hraðar við slíka starfsemi á alþjóðavettvangi. „Þar undir er hvers kyns þjónusta tengd tækni, verkfræði og leit að virkjunarkostum,“ segir hann og bendir á að raunar hafi ekki verið mikið um að

Íslendingar tengdust jarðhitaverkefnum utan landsteinanna fyrr en nær dró falli fjármálakerfisins og verkefnum fækkaði innanlands. „Íslensk fyrirtæki með þekkingu sína og tækni fundu þá töluverða vaxtarmarkaði erlendis.“

Hafsjór fyrirspurna um samstarf

Með útrás segir Porter Ísland geta aukið hlut sinn í jarðvarmaiðnaði heimsins langt umfram eigin stærð. „Jafnvel þótt Ísland eigi miklar auðlindir tengdar jarðvarma, þá eru þær smáar í samanburði við heiminn allan. Mun öflugri svæði eru í Norður- og Mið-Ameríku, Asíu og Afríku. Möguleikar Íslands liggja í samstarfi við önnur lönd og þar held ég að megi byggja upp mikla starfsemi,“ segir hann og kveður Ísland hafa færi á að marka sér sess í þessum iðnaði sem áhrifavaldur í að búa til betri heim. „Helsta niðurstaða viðræðna síðustu daga held ég að sé að það standi enginn í veginum nema við sjálf og að við þurfum að taka til hendinni,“ segir hann.

Unnið er að því markvisst í nokkrum öðrum löndum að efla jarðvarmageirann. Porter bendir til dæmis á starfsemi sem hafin sé í Nevada í Bandaríkjunum og svo virkjanir á Nýja-Sjálandi. „En við erum jafnlangt komin og hvaða land annað, og jafnvel lengra,“ segir hann og vísar einnig til þess að Ísland hafi mjög gott orðspor í heiminum þegar kemur að nýtingu jarðvarma. Núna segir Porter Ísland fá yfir sig hafsjó fyrirspurna um samstarf á sviði jarðvarmavirkjana frá löndum á borð við Kína, Indland, Rússland og fleirum. „Við verðum því að skipuleggja okkur til þess að standa undir fyrirheitum okkar. Tækifærin eru núna og þau verður að gripa.“ Samhæfing aðgerða telur hann líklegt að verði leidd af sameiginlegu átaki iðnaðarráðuneytisins og einkageirans. „Verkefnið sem heild nýtur mikillar velvildar nú um stundir og andrúmsloftið er rétt til að taka næstu skref.“

Verkefnið sem við stöndum nú frammi fyrir snúa, að mati Porters, einna helst að regluverki og umgjörð orkugeirans. „Fyrst á blaði er að huga betur að reglum um nýtingu jarðvarmans. Núna eru verkferlar of hægir, gagnsæi skortir og það á eftir að skilgreina betur hvaða verkefni á að ráðast í og hver ekki. Allt virðist verða að risastórum, flóknum og löngum umræðum. Þetta leiðir til ástands þar sem hlutirnir gerast bæði of hæg og auðlindirnar eru

PORTER Á HOLTINU Prófessor Michael Porter gaf sér tíma til að hitta blaðamann á Hótel Holti skömmu áður en hann hélt af landi brott á þriðjudag. Daginn áður hélt hann erindi í Háskólabíói.



ekki nýttar á sem hagkvæmasta hátt,“ segir Porter.

Viljum blöndu ólíkra fyrirtækja

Að mati Porters er hins vegar

engum vandkvæðum bundið að lönd haldi umtalsverðum eignarhlut hið minnsta yfir auðlindum sínum. „Ég held ekki að það sé slæm stefna. Alþjóðleg fyrirtæki ættu hins vegar að fá að aðstoða við nýtingu auðlindanna. Núna vantar okkur fé og óráð að festast í að þurfa að eiga hlutina að fullu,“ segir hann. „Fjárfestingin er lyklatríði í þessum efnun, þótt mannaúdurinn skipti auðvitað líka máli.“ Porter segir engan munu kjósa fimm ára kyrrstöðu meðan þess er beðið að hér verði byggt upp stöndugt fjármálakerfi á ný. Hann telur gjaldeyrishöftin sem komið var á eftir hrun bankanna of ströng. „Við teljum tímaþætt að losa um höftin í varfærnum skrefum, því að við viljum fá rétta tegund af fjárfestingum til Íslands. Við viljum fjárfestingar sem styðja landið, bæta kjör og búa til betri störf.“

Til bóta yrði ef hægt væri að auka á gagnsæi í orkugeiranum að mati Porters, sem áreittar að hann telji Landsvirkjun vera hið ágætasta fyrirtæki þótt það hafi yfirburðastöðu gagnvart öðrum orkufyrirtækjum, stærðar sinnar vegna. „En verandi með svona stórt fyrirtæki þarf að auka á gagnsæi þess og leggja áherslu á góða stjórnumarhætti. Við viljum að fyrirtækið hagi sér eins og einkafyrirtæki þrátt fyrir ríkiseigu. Við viljum að það skili gagni og að þar séu teknar skynsamlegar ákvarðanir,“ segir hann og bendir á að fordæmi séu fyrir því að orkufyrirtæki í ríkiseigu séu

rekin þannig að til fyrirmyndar sé, svo sem í Singapur. „En um leið held ég að það sé mikilvægt að í landinu séu líka fleiri orkufyrirtæki, sem bæði megi og fái hvatningu til að vaxa. Einkafyrirtæki held ég líka að væru góð viðbót í þessa flöru því með þeim fengist meiri samkeppni.“

Aðhald það sem fæst með samkeppni í orkusölu segir Porter ýta undir að orkufyrirtækin kalli eftir betri þjónustu á heildsölu-sviði orkunnar og búi til umhverfi sem á endanum hjálpi til við útrás íslenska orkugeirans. „Við viljum hafa öflugan samkeppnismarkað í orkugeira á Íslandi með blöndu opinberra fyrirtækja og fyrirtækja í einkaeigu. Þess vegna er líka mikilvægt að regluverk orkugeirans sé gott til þess að tryggja jafnræði allra á markaðnum.“

Gagnaver fremur en álver

Álfyrirtæki verða seint talin sérstakur þyrnir í augum Michaels Porter sem unnið hefur ítarlegar rannsóknir á áliðnaði og verið fyrirtækjum í geiranum til ráðgjafar. „Ég held að þau hafi sínu hlutverki að gegna. Sér í lagi ef okkur tekst að gera landið að stað sem ekki bara framleiðir álið heldur vinnur áfram með það. Ísland er hins vegar ekki kjörlandi ódýrrar framleiðslu á málumverningi. Landið er tiltölulega dýrt og með hæft vinnuafli. Ég held að staða álsins hér verði frekar þannig að málumverningur verði framleiddur hér og síðan seldur úr landi,“ segir hann og kveðst því telja mikilvægt að orku-

BFGoodrich
DEKK
fyrir fólksbíla og jeppa

Bilabúð Benna
Stofnað 1975

BFGoodrich
Tires
TAKE CONTROL

Bilabúð Benna - Tangarhöfða 8 - Reykjavík
Sími 590 2000 - www.benni.is
www.bfgoodrich.com

ferðalög

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG]

NÓVEMBER 2010

Afslöppuð í Austurríki

Íslensk hjón sem reka skíða-
hótel í Austurríki segja Íslend-
inga panta skíðaferðir á ný.

SÍÐA 2



Fastmótað tilhugalíf

Shuhui Wang segir frá
tilhugalífinu í Kína.

SÍÐA 4



SHARP
Pioneer
OLYMPUS

Nintendo SAMSUNG

ERUM FLUTT AFTUR
Í LÁGMÚLA 8, 2. hæð

OPIÐ Á
LAUGARDÖGUM
FRÁ KL. 11-15

...Ég líka!



ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800



250 ára gamall markaður
Christkindl-jólmarkaðurinn í Nürnberg.

FERÐAST Á KOMANDI AÐVENTU

Fram undan er einn notalegasti tími ársins, aðventan. Ferðalög í desembermánuði eru spennandi, mikil upplifun fyrir yngri kynslóðina og fjölskyldufólk og ekki síður rómantísk fyrir pör.

Jólalegir áfangastaðir, sem til-
tölulega auðvelt er fyrir Íslend-
inga að ferðast á eru mýmarg-
ir, í Ameríku og Evrópu úir og
grúir af snjóslegnum þorpum, bæjum
og borgum í desember með fallegum
jólamerkuðum og stemningu.

Ítölsk aðventa
Þótt flestallir staðir á Ítalíu séu
skemmtilegir á adventunni er Norð-
ur-Ítalía eflaust vinsælli hjá jólaunn-
endum á þessum tíma þar sem smá
snjó gæti verið þar að finna. Óhætt er
þó að mæla með ferðum hvert á land á

Ítalíu sem er í desember, Mílanó, Flór-
ens, Feneyjar og Róm eru iðandi af lífi
á adventunni.

Suður-Týrol hljómar eins og nafn á
héraði í Austurríki en ólíkt því sem

FRAMHALD Á SÍÐU 6



Saeco kaffivélar

- mest seldu sjálfvirku kaffivélar á Íslandi um árabíl

**NÓVEMBER
TILBOÐ**



2 kg af hágæða Kimbo kaffibaunum
fylgja öllum Saeco vélum.

Verð frá 69.990



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 · Sími: 520 7900 · ef@ef.is · www.ef.is

Sigríður Björg Tómasdóttir

1.200 KRÓNA KAFFIBOLLI

Upphaldsborgin mín er Kaupmannahöfn. Það er víst einkar ófrumlegt val fyrir Íslending en síðan ég bjó þar í tæp þrjú ár hef ég haldið upp á borgina við sundin. Ég þekki hana vel og þykir alltaf gaman að koma þar við, heimsækja vini og hafa uppi á nýju kaffihúsi eða skoða eitthvað skemmtilegt.

Ég var þar á dögum í nokkra daga.

Að þessu sinni gafst ekki mikill tími til að uppgötva nýja hluti. Fyrsta morguninn mælti ég mér mót við vinkonu á þeim gamla og góða stað Cafe Europa við Amagertorg á Strikinu. Tveimur kaffibollum síðar og reyndar tveimur vatnsglösum einnig (venjulegt blávatn) þá kom reikningurinn; 120 danskar krónur. Eða um 2.500 íslenskar krónur. Alveg þrjáðislegt verð auðvitað fyrir kaffi.

Kaupmannahöfn er reyndar með dýrustu borgum til að heimsækja um þessar mundir og ég minnst þess að jafnvel á námsárunum – þegar ein dönsk króna var ekki nema tíu íslenskar – að ég fór sjaldan á Kaffi Evrópu en 2.500 krónur fyrir tvo kaffibolla er súrealískt verð.

Það er snúnara að vera ferðalangur í útlöndum núna en þegar krónan stóð betur gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Stuttar ferðir geta hæglega kostað skildinginn þegar farið er á kaffihús og út að borða. En svo er auðvitað hægt að hafa annan hátt á ferðalaginu og þá er sannarlega hægt að sleppa ódýrar frá Kaupmannahöfn.

Það er til dæmis ódýrara að kaupa í matinn í Kaupmannahöfn en hér – merki-legt nokk. Og úrvalið töluvert betra sannast sagna.

Enn er líka hægt að gera afar hagstæð fatakaup í þeirri dásamlegu búð Hennes og Mauritz, HM. Búðin hefur þann kost að hún er ekki á Íslandi þannig að enn er hægt að gera kaup í henni án þess að eiga á hættu að önnur hver kona sé í eins flík. Ekki það að í bestu HM-búð í heimi sem er á Strikinu rétt hjá Amagertorgi

eru iðulega Íslendingar að gera stórinnaup, en líkurnar eru samt minni á að margir skarti djásninu hér heima.

Það má ekki gleyma að minnst á það að á flugvælinum á Kastrup er mjög þægilegt að fá endurgreiddan söluskattinn sem þýðir góðan afslátt á innkaup – sé maður í því stuðinu.

Í Kaupmannahöfn eru líka fjölmörg skemmtileg söfn sem ekki kostar mikið að skoða, og svo má ekki gleyma að það er forvitnilegt að líta á nýju hverfin sem byggst hafa upp undanfarin ár, neðanjarðarlestin flytur mann þangað á nokkrum mínútum. Það kostar ekkert að skoða hús!

Þrátt fyrir þessi huggunarorð gat ég samt ekki annað en hugsað til gömlu góðu daganna (fyrir ríflega tíu árum) þegar ég leigði íbúð í Kaupmannahöfn á 17.000 á mánuði ásamt vinkonu minni, 8.500 á manninn sem sagt, fékk gefins hjól og bjórinn kostaði 200 krónur.

Það voru dýrðardagar.

ferðalög kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins.

Ritstjóri Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is Roald Viðar Eyvindsson roald@frettabladid.is Vera Einarsdóttir vera@frettabladid.is

Útlit Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir

Forsíðumynd Nordicphotos/Getty

Pennar Júlía Margrét Alexandersdóttir, Sólveig Gísladóttir, Roald Viðar Eyvindsson, Gunnþóra Gunnarsdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Friðrika Benónýsdóttir og Vera Einarsdóttir

Ljósmyndir Fréttablaðið

Auglýsingar Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is



Frábært skíðasvæði Á svæðinu eru 68 lyftur og hátt í 300 km af skíðabrekum.



Við Hótel Speiereck Doddi og Þurý með starfsmanni fyrir utan hótelið. „Fyrir hrun var húsið troðfullt af Íslendingum frá jólu og fram í mars,“ segir Doddi en nú í haust hafa glæðst mjög pantanir frá Íslendingum.

ÍSLENDINGAR SNIÚA AFTUR EFTIR KREPPU

Hjónin Þorgrímur Kristjánsson og Þuríður Þórðardóttir hafa rekið skíðahótel í Austurríki í fimm ár. Þeim líkar hið stresslausa líf en þó er alltaf nóg að gera, sérstaklega nú þegar vetrarvertíðin hefst og sólarhringsvinnudagur tekur við.

Þorgrímur og Þuríður eru betur þekkt sem Doddi og Þurý í austurríska smábænum St. Michael og Speiereck sem þau festu kaup á sumaríð 2005.

„Ég hafði þá kennt á skíði í fjöldamörg ár hér í Austurríki, þar af fimm ár hér í Lungau. Ég kom víða við á hótelnunum og meðal annars Speiereck. Þáverandi eigandi innti mig eftir því hvort ég vildi ekki kaupa. Ég var nú ekkert í þeim hugleiðingum en síðan byrjaði boltinn að rúlla,“ segir Doddi um upphafið að hótelerkstri þeirra hjóna. Og var Þurý alveg til í að flytja til Austurríkis og hella sér í skíðahótelrekstur? „Já, hún var alveg til, ég var nú bara hissa á því,“ svarar hann hlæjandi.

St. Michael er lítill bær með aðeins 3.000 íbúum, um hundrað kílómetra suður af Salzburg í héraðinu Lungau. „Við erum því ekki

KERLINGARFJALLAHELGI

Doddi kenndi lengi á skíði í Kerlingarfjöllum á gullaldarárum þeirra á níunda áratugnum. Hann ætlar að endurvekja gamlar minningar og vera með Kerlingarfjallaviku 5.-12. febrúar á Hótel Speiereck. Hann var í hljómsveitinni Skíðabrot og mun rifja upp gamla takta þessa vikuna. Þá koma gamlir starfsmenn úr Kerlingarfjöllum og aðrir gestir sem átta góðar stundir í fjöllum.

nema 120 km frá ítölsku landamærunum,“ segir Doddi.

Inntur eftir því hvernig reksturinn gangi er Doddi nokkuð jákvæður. „Reyndar var þetta svolítið erfitt í fyrra og hittifyrri þegar íslenski markaðurinn datt út vegna kreppunnar,“ segir hann en bætir við að Íslendingar séu nú aftur farnir að huga að skíðaferðum. „Allavega eru farnar

að streyma inn pantanir fyrir veturinn.“

Skíðamennskan er auðvitað aðalsmerkið í rekstrinum en Doddi kennir á skíði frá níu til fjögur og stendur svo vaktina á kvöldin líka, líkt og Þurý. „Þetta er sólarhringsvinna allan veturinn,“ segir hann glaðlega. Gestir geta þó gert margt annað en að skella sér á skíði. „Við erum með veitingastað, líkamsrækt og gufu, hægt er að fara í hestasleðaferð um fjöllin og sinna úti- vist,“ útlistar Doddi. Þó að mest sé um að vera á veturna er ekki síður fallett í Lungau á sumrin. „Þetta er paradís fyrir útivistarmanninn og svo er hér 18 holu golfvöllur.“

Þau hjónin sakna ekki Íslands og þess stress sem einkennir samfélagið. „Hér er dásamlegt andrúmsloft og reyndar næstum eins og að fara hundrað ár aftur í tímann,“ segir Doddi ánægður með lífið.

Nánari upplýsingar um hótelið er að finna á www.skihotel-speiereck.at


- 59

FARFUGLAHEIMILIN HLJÓTA GÆÐAVOTTUN

Farfuglaheimilin í Reykjavík, í Laugardal og á Vesturgötu, fengu nýlega Hi Quality-gæðavottun sem er vottun alþjóðlegru Farfugla-samtakanna Hosting International. Vottunin er veitt fyrir gæði í aðbúnaði, þjónustu og innra eftirliti.

Samtökin leggja mikið upp úr vottuninni og stefna að því að 600 farfuglaheimili hafi verið vottuð fyrir árið 2012. Farfuglaheimilið í Laugardal var valið til að taka þátt í mótun vottunarkerfisins árið 2005 og síðan hefur starfsfólk þess unnið að innleiðingu kerfisins og uppbyggingu. Því er um að ræða endurnýjaða vottun fyrir Farfuglaheimilið í Laugardal en nýja vottun fyrir Farfuglaheimilið á Vesturgötu.

Sigrún Ólafsdóttir, rekstrarstjóri Farfuglaheimilanna í Reykjavík, segir á vef Ferðamálastofu að grundvallaratriði gæðastefnunnar sé að starfsfólk sé sífellt að leita leiða, hugmynda og aðferða til að bæta þjónustu og starfsemi farfuglaheimilanna. Þess má geta að fyrir hálfu ári tóku farfuglaheimilin á móti umhverfis- og gæðavottun Svansins, merki Norrænu ráðherranefndarinnar, og eru þau ennþá einu umhverfisvottuðu gististaðirnir í Reykjavík.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Netið

Þú færð alltaf
hagstæðasta verðið
á www.flugfelag.is

ego dekor



STÆKKANLEG BORD
Í HNOTU

160(248)X100

Verð: 159.900,-

200(288)X110

Verð: 179.900,-

Vegghilla
100cm

Verð: 9.900,-

Veggklukka
60X60cm

Verð: 12.900,-




HNOTA
VEGGHILLA M/LJÓSI

Verð: 39.500,-


TV SKENKUR
200cm

Verð: 98.000,-



HNOTA
ERIC SKENKUR
Br. 170cm

Verð: 139.900,-



BORDSTOFUBORD
200x100

TILBOÐSVERÐ: 87.920,-

FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI



AMBER TUNGUSÓFI

Stærð: 290x165cm

TILBOÐSVERÐ: 205.700,-



CANYON HORNTUNGUSÓFI

Stærð: 280X190cm

TILBOÐSVERÐ: 232.200,-



KINGSTON LEÐURSÓFASETT

3ja sæta 205cm

TILBOÐSVERÐ: 165.600,-

Stóll

TILBOÐSVERÐ: 86.400,-



BIG NEW ENGLAND TUNGUSÓFI

Stærð: 290x165cm

TILBOÐSVERÐ: 211.500,-



STYLETTO

LJÓSAKRÓNA

Verð: 29.900,-



GIOIELLO

LJÓSAKRÓNA

Verð: 39.900,-



PHANTOM

LJÓSAKRÓNA

Verð: 29.900,-



OPAL

stóll

Verð: 16.900,-



SIBELLA stóll

TILBOÐSVERÐ

13.515,-



LUCINDA

stóll

Verð: 23.900,-



DAVOS

stóll

Verð: 24.500,-

Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is



HEIMAMAÐURINN

► Helsinki

SIGRÚN BESSADÓTTIR

RITARI Í SENDIRÁÐI ÍSLANDS Í HELSINKI

HVAÐ KOM ÞÉR MEST Á ÓVART VIÐ BORGINA ÞÍNA? Miðbærinn, með gömlum og fallegum byggingum. Einnig þægilegar almenningsamgöngur.

UPPÁHALDSVEITINGASTAÐURINN? Salve (Hietalahdenranta 11) er staður sem ég get farið á aftur og aftur. Gamalgróinn veitingastaður sem hóf göngu sína sem lítil sjoppa með lúgu árið 1897. Sjómenn lögðu aðallega leið sína á staðinn í þá daga en í dag sækir alls konar fólk Salve. Þar er góður matur; hægt að fá fisk, kjöt, kjúkling og grænmetisrétti.

FLOTTASTA FATAVERSLUNIN? Stockmann og Sokos standa alltaf fyrir sínu, verslunarmiðstöðvar í miðbænum.

UPPSKRIFT AÐ GÓÐU KVÖLDI? Skella sér á tónleika eða ein-

hvern annan menningarviðburð, fá sér góðan mat á eftir og rölta svo um bæinn. Tónleika má finna um alla borg, í menningarmiðstöðvum og í svokölluðu Finlandia-húsi.

AF HVERJU MÁ MAÐUR ALLS EKKI MISSA? Það má alls ekki missa af stemningunni á Kauppatori/Salutorget/Market Square niðri við höfnina í miðbænum. Þar er hægt að setjast niður og fá sér kaffi og með því, nýbakað meðlæti. Einnig er boðið upp á ferskan hádegismat, t.d. fisk með kartöflum. Þar eru líka seld finnsk ber og grænmeti. Klettakirkjan er líka mjög vinsæl.



Mikil pressa Að háskólanámi loknu er gerð krafa um að fólk finni sér lífsförunaut og komi sér fyrir.

NORDICPHOTOS/GETTY

DEITMENNINGIN Í KÍNA

Í Kína er hjónabandið talið vera undirstaða hamingju og farsældar. Því er mikið kapp lagt á að finna lífsförunautinn og algengt er að foreldrar og hjúskaparmiðlarar skipti sér af.

Nú milljónir para giftast árlega í Kína. Kínverskar konur geta gengið í hjónaband þegar þær eru tvítugar og karlar tveimur árum seinna. Hjónabandsaldurinn er þó oftast á aldursbilinu 24 til 26 ára. Þeir sem ekki hafa gengið í hjónaband á þeim aldri eru taldir eiga á hættu að heltast úr lestinni og foreldrar setja því aukna pressu á börn sín að finna sér maka, þar sem hjónaband er talið undirstaða hamingju og farsældar í lífinu.



Shuhui Wang Leggur stund á íslenskunám við Háskóla Íslands og hefur verið búsett hérlandis síðustu þrjú ár.

Foreldrar með í ráðum

Shuhui Wang hefur verið búsett hér síðustu þrjú ár þar sem hún hefur lagt stund á íslensku við Háskóla Íslands. Hún er fædd og uppalin í Peking og þekkir þessa pressu af reynslu kínverskra vina sinna sem eru sumir komnir yfir hjónabandsaldurinn. „Foreldrar vilja að krakkarnir giftist eftir háskólaútskrift, en meðan á námi í menntaskóla stendur reyna þeir að hindra að þeir deiti þar sem ástamálin eru talin trufla námið. Krakkar, sem hafa ekki átt neitt ástálíf, eiga því allt í einu að hella sér út á markaðinn og finna sér lífsförunaut.“

Shuhui segir þennan hugsunarhátt endurspeglar kynslóðabilið í Kína. „Samfélagið hefur breyst síðustu áratugi þar sem mikil nútímavæðing hefur átt sér stað. Staða kvenna hefur batnað sem sést af því að þær sækja sér í auknum mæli framhaldsmenntun og fara út á atvinnumarkaðinn. Samt verða þær að giftast fyrir ákveðinn aldur, eins og karlarnir. Sumar hefðir eru því að veikjast, en aðrar lifa góðu lífi. Ungu fólk- ið aðhyllist kannski ekki þennan



Beihai-garður í Peking er að finna ýmsa staði sem njóta vinsælda meðal fólks í rómantískum hugleiðingum. Þeirra á meðal er Beihai-garður sem er fallegur allt árið um kring.

hugsunarhátt en vill þóknast foreldrum sínum.“

Foreldrar eru þó ekki einir um að blanda sér í ástamál unga fólksins, hjúskaparmiðlarar koma líka við sögu að hennar sögn. „Þeir hjálpa foreldrum að koma ungu fólki, sem þeir telja hæfa hvert öðru, á stefnumót,“ útskýrir hún og bætir við að leitinn geti gengið misvel. „Stelpa sem ég veit um hefur til dæmis farið á stefnumót við 30 karlmenn án þess að hafa orðið nokkuð ágengt. Sumir grípa því til örþrifaráða eins og einn sem ég frétti af sem átti þrjú stefnumót á einum og saman deginum!“

Konur standa betur að vígi

Í Kína fæðast talsvert fleiri karlar en konur, hlutfallið 120 var á móti 100 árið 2005. Shuhui telur konur í giftingarhugleiðingum því standa betur að vígi en karlar. „Þær geta kannski ekki sjálfkrafa fengið hvern sem er, en óeitanlega geta þær gert meiri kröfur, til dæmis hvað varðar menntun og atvinnu eiginmannsins verðandi.“

Hún kveðst ekki vita dæmi þess að foreldrar hafi lagst gegn

ráðahag barna sinna, flestir séu himinlifandi yfir tilhugsuninni einni saman. Viss atriði geti þó sett strik í reikninginn, svo sem ef útlendingur er í spilu. „Í Kína eiga foreldrar erfitt með að skilja að það geti gengið upp, þar sem þeir telja að ólíkar afstöðu gæti til hjónabandsins eftir heimsálfum. Vesturlandabúar séu of frjálshlyndir fyrir Kínverja. Sömuleiðis má aldursmunur ekki vera of mikill, konan á helst ekki að vera meira en fimm árum eldri en karlinn, það gæti þótt skrítið.“

Þegar leitinn að lífsförunaut er á enda ganga málin fljótt fyrir sig að sögn Shuhui. „Þegar foreldrar krakkanna hafa hist er blásið til brúðkaups þar sem ekkert er spar- að og hægt að velja um þrjár gerðir brúðkaups, hefðbundið kínverskt, vestrænt eða blöndu af þessu,“ segir hún og getur þess að síðasti kosturinn sé vinsælastur. „Að svo búnu fara brúðhjónin í brúðkaupsferð, en um þessar mundir er vinsælt að verja hveitibrauðsdögum á Balí eða í Evrópu.“ Er Ísland meðal áfangastaða? „Nei, en hver veit nema það muni breytast.“ - rve



Ný sending af erlendum bókum og önnur á leiðinni!



Reykjavík Fashion Festival

REYKJAVÍK FASHION FESTIVAL VERÐUR
HALDIÐ AFTUR MEÐ POMP OG PRAKT
DAGANA 31.MARS -3.APRÍL 2011 Í
SAMSTARFI VIÐ:

Um 100 manns úr tískubransanum komu saman á tísikuvíðburðinum Reykjavík Fashion Festival sl. mars. Þar sýndu 22 íslenskir fatahönnuðir vetrarlínu 2010.

Þýska VOGUE, DAZED&CONFUSED, hafa m.a. staðfest komu sína.



Umsóknarfrestur

UMSÓKNARFRESTUR FYRIR
FATAHÖNNUÐI TIL AÐ SÆKJA UM
ÞÁTTTÖKU RENNUR ÚT
1. DESEMBER 2011

Fyrirsætur

Leit af fyrirsætum fyrir Reykjavík Fashion Festival er hafin. Allir sem telja sig eiga erindi eru velkomnir í prufu í dag laugardag 6.nóvember kl 15.00 -18.00 að Klapparstíg 25-27, 3. hæð.

DAGSKRÁ OG ÞÁTTTAKENDUR
VERÐA KYNNTIR Á AUSTUR
FIMMTUDAGINN 2. DESEMBER NK.
KL. 20:00


— "Frábær stökkpallur fyrir fatahönnuði og fyrirsætur til að koma sér á framfæri"
ELLEN LOFTSDÓTTIR (STÍLISTI)

— "Royal Extreme fékk mjög mikla og frábæra pressu hérlendis og erlendis sem að hefur hjálpað ótrúlega mikið við að koma merkinu á framfæri "
UNA (ROYAL EXTREME)

— "It's the first collective fashion event ever to make sense in Iceland"
MUNDI (MUNDI VONDI)

— "It was about time that Iceland got its own event to show to the world its genius in fashion."
YVAN RODIC / FACEHUNTER

Fylgist með á www.rff.is - Nánari upplýsingar veitir Framkvæmdarstjóri hátíðarinnar í síma 571 51 51 / imba@rff.is





Þekktasti jólamarkaðurinn
Gendarmen-markaðurinn í
Berlín baðaður jólaljósunum.



Suður-Týrol Vipiteno er það þorp Ítalíu sem hvað oftast hefur verið valið fallegasta smáþorp landsins og er ótrúlega jólalegt heim að sækja í desember.

Full búð af nýjum vörum.

Flónel jakki/skyrta kr 7500

Camó belti kr 5500

stólpoki kr 17500

ullarsokkar kr 1750

Icefin Nóatúni 17 • www.icefin.is • 5343177



Garðalíf Boston er sérstaklega skemmtileg yfir aðventuna – stútfull af notalegum bókabúðum, litlum og stórum og kaffihúsum. Ekki er verra að finna

FRAMHALD AF FORSIÐU

margir halda tilheyrir héraðið Ítalíu. Misskilningurinn er skiljanlegur þar sem margir íbúanna eru þýskumælandi og svæðið var hluti af gamla austurríska keisaradæminu til ársins 1918.

Auk þess sem Suður-Týrol er þekkt fyrir mikla náttúrufegurð, frábær skíðasvæði og góð vín eru litlu þorpin og bæirnir í héraðinu hvert öðru jólalegra þannig að ferðalangar fá það á tilfinninguna að þeir séu staddir inni í jólakorti. Ferðahandbækur mæla enda margar með því að Suður-Týrol sé sótt heim í desember þar sem alls staðar megi finna jólamarkaði og uppákomur, söng og leik, er tengjast jólnum.

Af fjölmörgum dvalarstöðum í Suður-Týrol má nefna Sterzing eða Vipiteno eins og þorpið er kallað á ítölsku. Ósjaldan hefur þorpið lent á listum ferðatímarita yfir fallegustu litlu þorp Ítalíu. Þorpið er ekki síður merkilegt í sögulegu samhengi þar sem gamlar byggingar setja mikinn svip á þorpið. Þeim sem langar að upplifa ítalska aðventu í litlu fallegu jólakortsþorpi má benda á frábæra síðu: suedtirolerland.it.

Bókabúðarölt í Boston

Kannski er það ekki skrýtið að ein elsta borg Bandaríkjanna, Boston, skuli höfða til Íslendinga enda yfirbragð borgarinnar, arkitektúr og menning, fremur evrópskt. Boston er draumur á aðventunni, sérstaklega þar sem hún er þægileg fyrir gangandi vegfarendur, vegalengdir eru stuttar og jólastúss er nú ekkert jólalegt nema á tveimur jafnfljótum.

Mörg skemmtileg hótél er að finna í Boston og erfitt að taka eitt fram yfir annað. Eitt, sem er þó sérstaklega spennandi yfir



Ítalíusnjór Þótt ekki sé algengt að snjór sé fallinn í Milanó á Ítalíu fyrirhluta desember kemur það fyrir.

aðventuna, er XV Beacon hótelið, við Beacon-stræti, en í hverju herbergi er að finna gasarineldstæði og antíkhúsgögn sem eiga vel við jólastemninguna.

Sérstök stemning er í Boston á aðventunni. Margir jólamarkaðir og í Boston Common, helsta almenningsgarðinum, gengur fólk um dúðað, með eyrnaskjól og vettlinga.

Boston er ekki síst þekkt fyrir ótrúlega skemmtilegar bókabúðir og nærri Boston Common er ein sú allra skemmtilegasta, Brattle Book Shop sem hægt er að gleyma

sér í klukkutímunum saman og á auðvitað vel við bókaþjóðina að heimsækja bókabúðir heim á aðventunni. Ekki er svo úr vegi að prófa að skipta hinum hefðbundnu jólasmaréttum út fyrir sjávarréttina í Boston. Fá sér grillaðan humar á næsta horni í stað jólasíldar eða hangikjötis. Og rölta svo um verslunargötuna Newbury Street.

Jólandið Þýskaland

Líklega státa fá lönd af öðrum eins fjölda jólamarkaða og Þýskaland. Jólahefðirnar eru sterkar,



Barnaleikritið Alli Nalli og tunglið verður sýnt í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í dag klukkan 14. Sýningin byggir á samnefndri bók Vilborgar Dagbjartsdóttur sem kom fyrst út árið 1959. Hún er ætluð áhorfendum frá eins til átta ára. Sjá www.moguleikhusid.is.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

Vetrarkápur Vetrarjakkar

skoðið yfirhafnir á heimasíðu www.laxdal.is

BERNHARD LAXDAL

Laugavegi 63 • s: 551 4422

Óskar Magnússon, útgefandi Morgunblaðsins, ætlar að sinna sóknarstörfum í Fljótshlíðinni um helgina:

Í leit að hænsnakofa

HELGIN | 3

Óskar er virkur í félagslífi sveitunga sinna og tekur að sér hlutverk í leikritum á þorablótum. Hann á þrjá afastráka sem koma reglulega í afasveit til að keyra traktora og önnur landbúnaðartól sem litlir kallar þurfa að prófa í sveitasælunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

Íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl. Öll skólastig - Réttindakennarar

Nemendapjónustan sf • www.namsadstod.is • s. 557 9233

Eirberg

Slakaðu á heima

- Sjálfvirk og stillanlegt nudd
- Djúpslökun með infrarauðum hita
- Stillanlegt Shiatsu herða- og baknudd

Úrval nuddsæta - verð frá 23.750 kr.

Verið velkomin í verslun okkar og prófið.

Opið virka daga kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16

Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • www.eirberg.is

Um helgina verð ég austur í Fljótshlíð, þar sem ég bý, og þar liggur ekki annað fyrir en að sinna embættisverkum sem formaður sóknarnefndar í Breiðabólstaðar-sókn,“ segir Óskar um áform helgarinnar, en hann keyrir oft í viku milli sveitar sinnar og vinnu.

„Það eru akkúrat 100 kílómetrar milli hurða heima á Sámsstaðabakka og Morgunblaðinu, sem er vel í sveit sett fyrir utanbæjarfólk. Leiðin er bein og þægileg, og notaleg morgunstund að keyra þetta áður en landið vaknar,“ segir Óskar, sem hlaut kristilegt upplífi í æsku.

„Ég tel mig ekki sérstaklega trúaðan en finnst notalegt að sækja sveitamessur þegar klukkurnar kalla. Ég hef haft mikla ánægju af sóknarnefndarstörfunum þótt þau hafi virkað framandi þegar ég var beðinn um að gerast formaður, og sé því um veraldlegu hliðina meðan séra Ónundur Björnsson sóknarprestur sér um þá andlegu,“ segir Óskar, sem fyrir ellefu árum reisti hús á ætjörð eiginkonu sinnar í Fljótshlíð.

„Ég sá nú ekki fyrir mér að verða sveitamaður. Bróðir minn var sendur í sveit en ég alltaf hafður í borg sem barn. Mér finnst ég því hafa misst af miklu

og er nú að vinna það upp af fullum krafti og mikilli ánægju. Um stund var draumurinn að verða bóndi en nú er það of seint, þótt ég sé einmitt að skoða hænsnakofa sem auglýstir voru í Bændablaðinu, við mjög lítið fylgi á heimilinu,“ segir Óskar og brosir.

Af reynslu segist hann hafa fullan skilning á orðunum „Fögur er hlóin og fer ég hvergi“, en svo mælti Gunnar á Hlíðarenda.

„Landið verður ekki fegurra en í Fljótshlíð og ótrúlegt að allri þessari fegurð hafi verið safnað á einn stað. Við blasir Eyjafjallajökull og í gosinu vorum við í skotlínu og þurftum að rýma

friendtex

LAGERSALA

FÁRÁNLEGA GÓÐ VERÐ

1.000,- 2.000,- 3.000,- 4.000,- 5.000,-

Aðeins þessi verð

Á lagersölu eru: Ullarjakkar, jakkar, buxur, peysur, vesti, pils, skór, bolir, stígvél o.m.fl.

Kíktu – það er þess virði

Bonito ehf. Friendtex, Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

Patti.is

Landsins mesta úrval af sófasettum

Rín hornsófi 2H2 Verð frá 285.900 kr

Yfir 80 mismunandi sófagerðir. Mál og áklæði að eigin vali.

Púðar í úrvali Verð frá 2.900 kr

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið: Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16

HARMAGEDDON
ALLA VIRKA DAGA
KL. 15 - 17:30

X 977



Margir af helstu gítarsnillingum landsins koma fram á gítarveislu Bjössa Thor í Salnum í kvöld. Fjölbreytt tónlist mun hljóma í Salnum en undirtónninn verður bítlatónlist í tilefni af 70 ára afmæli Johns Lennon. Allar nánari upplýsingar á salurinn.is.

Fallega jólaskeiðin frá Ernu

Jólaskeiðin 2010 er hönnuð af Söleyju Þórisdóttur. Skeiðin er smíðuð á Íslandi úr ósviknu sílfrí. Verð 17.600

Servíettuhringur ársins 2010 kr. 10.500

ERNA
Skipholti 3 s. 552 0775 www.erna.is

Hátíðin Núna fer ég norður

Íbúar Þórshafnar á Langanesi og nágrennis fagna því um helgina að nýr vegur úr vestri inn í byggðarlagið verður opnaður. Við það styttist aksturstími þangað um klukkutíma. Vegurinn liggur um Hófaskarð.

„Við erum himinlifandi glöð og hamingjusöm með þennan nýja veg um Hófaskarðsleið, okkur finnst við vera orðinn hluti af miklu stærra samfélagi. Því höldum við hátíð þessa helgi undir heitinu Núna fer ég norður,“ segir Halldóra Gunnarsdóttir, menningar- og ferðamálafulltrúi Langanesbyggðar.

Halldóra segir kvenþjóðina hafa tekið forskot á sæluna með konukvöldi á Eyrinni en í dag komi yfirmenn samgöngumála fljúgandi norður í morgunsárið, opni veginn formlega og klippi á borða klukkan ellefu á áningarstað í Hófaskarði. Á eftir sé kaffi- og Hnithjörgum á Rauфарhöfn fyrir alla sem vilja.

Stór jólamarkaður verður opnaður í íþróttahúsinu á Þórshöfn um hádegis og stendur fram á kvöld. „Þetta þýðir að við þurfum miklu minna að fara út fyrir bæinn til að versla,“ segir Halldóra um markaðinn í íþróttahúsinu, sem hún er hér að undirbúa. „Þetta þýðir að við þurfum miklu minna að fara út fyrir bæinn til að versla, því fjölmargir eru með álitlegan söluvarning og sumir koma langt að,“ segir Halldóra. Hún rekur hugmyndina til atorkusamrar konu í atvinnumálafélaga. Annar markaður verður svo í gömlu sundlauginni á Þórshöfn á vegum Styrks, sem er framtak nokkurra kvenna, að sögn Halldóru. „Þær selja bækur, belti, leikföng, fatnað og notaðar vörur af ýmsu tagi og afraksturinn nota þær til að styrkja einhverja sem eiga í erfiðleikum á svæðinu. Þarna er bara náunga-



„Þetta þýðir að við þurfum miklu minna að fara út fyrir bæinn að versla,“ segir Halldóra um markaðinn í íþróttahúsinu, sem hún er hér að undirbúa. MYND/GRÉTA

kærleikurinn að verki,“ lýsir Halldóra og segir líka gaman að fá líf í gömlu sundlauginni. „Laugin er nærri höfninni enda var hún í byrjun hituð upp með affallsvatni af frystihússvélunum. Við erum að hengja söguna af þessu merka fyrirbæri upp á veggi hússins.“

Smalahundakeppni á Ytra-Lóni er eitt af atriðum á dagskránni. Hún hefst klukkan eitt og er öllum opin. Austurlandsdeild Smalahundafélags Íslands heldur hana.

Píanótónleikar Þórarins Stefánssonar klukkan 18 teljast einn

af hápunktunum. Þeir verða í Þórshafnarkirkju sem Halldóra segir frábært tónlistarhús. „Þórarinn fann nótur með íslenskum útsetningum í Þjóðarbókhöðunni sem hann telur að aldrei hafi verið leiknar áður,“ segir hún. „Hann vissi af góðum flygli hér og ákvað að koma.“

Héraðsmót HSP í knattspyrnu verður haldið í fyrsta skipti á Þórshöfn á morgun. Skjalftasetrið á Kópaskeri er opið í tilefni hátíðarinnar, einnig Gljúfrastofa í Þjóðgarðinum í Ásbyrgi og gamla Sauðaneshúsið. gun@frettabladid.is

Úlpur, kápur, hattar, húfur
ULL • VATT • DÚNN

kr. 19.900

Ullaryfirhafnir í miklu úrvali

TOPP HÚSÍÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518

Opið
mán - fös 10-18,
laugardaga 10-16

Framhald af forsiðu

þrisvar, en nú er allt að verða fallet aftur og snjór sestur í jökulinn,“ segir Óskar, sem um helgar vinnur ýmis útistörf sem til falla.

„Ég sæk í útverk og alltaf nóg að stússa, en ef ekki getur maður alltaf rekið girðingarstaurana aðeins lengra niður eða hert betur á gaddavírnum. Þess á milli skrifa ég í næði og innblæstri umhverfisins þar sem alltaf er eitthvað gott að sjá, hvort sem það eru nágrannar mínir við heyskap eða útverk, því hér er allt annar þankagangur og snúningur á hlutunum,“ segir Óskar sem á dögnum gaf út smásagnasafnið *Ég sé ekkert svona gleraugnalas*.

„Fólkið í sveitinni og fólk í kringum mig alls staðar verður að yrkisefni og þótt ég geti víst ekki viðurkennt að í sögunum



Óskar segir sveitina veita sér innblástur.

lífni við ákveðnar persónur koma fyrir prestar, sóknarnefndarfolk, bændur og búalið alls konar,“ segir Óskar leyndardómsfullur. „Þetta er græskulaust og von-

andi eitthvað gaman. Sumar sögunnar eru beinlínis alvarlegar, en hinar næstum hreinræktuð gamansemi. Ég hef alltaf haft áhuga á sérkennum fólks og sækist ekki í að umgangast þá sem eru líkir sjálfum mér,“ segir Óskar, sem var fréttastjóri DV fyrir kvartöld og blaðamaður á námsárum sínum í lögfræði, en gerðist síðar forstjóri Hagkaups, Vodafone og Tryggingamiðstöðvarinnar.

„Ég saknaði blaðamenskunnar ekkert sérstaklega en viðurkenni að þykja mjög gaman að henni. Það var kannski helsta ástæðan fyrir því að mig langaði að atast í þessu Moggamáli, en skáldskapurinn tengist því þó ekki. Sem útgefandi Moggans sameina ég áhuga á stjórnun og blaðamenskun, og finnst mjög gaman þótt á brattann sé að sækja, en erfiðleikarnir eru ekki óyfirtíganlegir og út af fyrir sig er ögrun í því.“ thordis@frettabladid.is

Heilbrigð skynsemi
Veldu lífrænt í jólabaksturinn

Yggdrasill

Rauðarárstígur 10
Sími: 562 4082
www.yggdrasill.is

borða, biðja, elska

Spennandi námskeið
Borða, biðja, elska námskeiðið með **Eddu Björgvins** og **Bjargeyju Aðalsteinsdóttur**. Meiri lífsgleði, húmor og hlátur, minni streita, betra mataræði, máttur hugleiðslu, hreyfing, meiri kærleikur og betra líf. Námskeið fyrir allar konur sem vilja auðga líf sitt af gleði og heilbrigði.

Þriðjudaginn **9. nóvember** frá kl. 18:00 til 21:00.
í fræðslusal Maður lifandi Borgartúni 24.
Innifalinn **léttur kvöldverður** í anda borða, biðja, elska.

Skráning í síma 585 8701 eða gg@madurlifandi.is
Verð aðeins kr. 2.900.-

maður lifandi
Borgartúni 24
105 Reykjavík
Sími: 585 8700
www.madurlifandi.is

Jólastemning í Svarta pakkhúsinu

HANDVERKSMARKAÐUR VERÐUR HALDINN Í REYKJANESBÆ Í DAG.

Margir kunnir listamenn af Suðurnesjunum taka þátt í jólamarkaði með handverksvörur í Svarta pakkhúsinu í Reykjanesbæ í dag. Listamenn í fremri sal verða sjálfir til staðar og kynna sínar vörur og í þeim innri verða handunnar gjafavörur til sölu. Þá verður heitt á könnunni og piparkökur í boði hússins. Þeim sem kaupa gjafir í nóvember býðst að skrá sig í lukkupott Svarta pakkhússins og verða þeir vinningshafar dregnir út 4. desember. Markaðurinn verður hafður opin í dag frá klukkan 13-17.



Gunnar Karl segir tilvalið að breyta aðeins til og bæta nokkrum nýjungum við slátrið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Maturinn er gómsætur að sjá..

SLÁTUR OG ANNAD GÓÐGÆTI

að hætti Gunnars Karls Gíslasonar á Dilli

Lamb
600 g lambafille.
Klipa smjör

Steikið lambið vel á pönnu upp úr smjöri. Klárið í ofni við 150 gráður uns uppáhalds steikingu ykkar er náð. Mæli með því að lambið sé fallega rautt í miðjunni.

Slátur

Byrjið á að taka slátur í góðum félagsskap. Eftir að slátrið hefur verið soðið er það kælt og svo skoríð niður í bita og steikt á pönnu upp úr smjöri og sykri.

Kartöflumús
4 bökunarkartöflur
1 dl rjómi
½ dl mjólk
100 g smjör
Salt

Sjóðið kartöflurnar og skrælið,

þrýstið þeim því næst í gegnum kartöflu-músara og setjið í pott. Hrærið vel í pottinum á meðan þið hellið restinni af innihaldinu út í og bragðbætið að lokum með salti.

Soðið smækki
Vel af smækki
Klipa af smjöri
Gott gróft salt

Sjóðið smækkið og steikið svo ögn upp úr smjörinu uns fallega gylltar og kryddið með saltinu.

Rótargrænmeti
150 g rófur
150 g gulrætur
50 g olía
3 kvistar garðablóðberg
Gróft salt

Blandið öllu saman og bakið undir álþappír við 150 gráður uns nánast meyr. Kryddið að lokum með salti.

Feitir bitar eru langbestir

Gunnari Karli Gíslasyni, matreiðslumanni á Dill restaurant, finnst fátt jafnast á við íslenskt slátur. Fréttablaðið fékk Gunnar til að bregða á leik með þennan þjóðlega mat og búa til úr honum dýrindis veislu.

Gunnari Karli Gíslasyni, matreiðslumeistara á Dill Restaurant í Norræna húsinu, hefur ávallt fundist hrútsþungar, svið, lifrarpýlsa og blóðmör vera herramannsmatur. Hann komst á bragðið í eldhúsinu hjá föðurömmu sinni, þar sem hann aðstoðaði gjarnan við sláturgerð sem barn.

„Þarna var ég bara lítill gutti að hjálpa ömmu Huldu [Gísladóttur], í eldhúsinu heima á Spítalavegi á Akureyri, að sauma saman vambir og hræra í stórum böllum og fannst þetta allt saman einstaklega spennandi og ljúffengt á bragðið,“ rifjar Gunnar upp. Hann getur þess að afa sínum, Sigurgeiri Jónssyni, hafi

hins vegar fundist lítið koma til aðfara þess stutta. „Nei, honum fannst þetta vera hálfgerð kvenmannsverk, þótt hann hafi reyndar látið hafa sig út í þetta sjálfur, blessaður,“ segir hann og brosir.

Gunnar Karl þakkar þó afa sínum ekki síður en ömmu fyrir að hann hafi snemma lært að kunna að meta gott slátur. „Við afi vorum miklir vinir og hann kenndi mér að velja bestu bitana; sagði að ekkert slægi þeim feitu við og þá speki hef ég haft á bak við eyrun allar götur



síðan, líka í starfi mínu sem matreiðslumaður á veitingahúsinu Dill.“

Gunnar Karl var til í að miðla til lesenda af reynslu sinni af sláturgerðinni, reyndar þó með nokkuð nýstárlegri nálgun. „Fyrst ég er að þessu á annað borð er kannski ekki úr vegi að bregða út af vana og bæta við slátrið nokkrum skemtilegum kræsingum,“ útskýrir hann og gefur uppskrift þar sem nýuppteknar íslenskar kartöflur, jurtir og lambafillet kemur við sögu. „Og svo auðvitað fitan, sem er afar mikilvæg,“ bætir hann við.

roald@frettabladid.is



